


SAMTÖK SVEITARFÉLAGA  
Á VESTURLANDI

Hrafnhildur Hannesdóttir

## Vannýtt auðlind á Vesturlandi

### Nýsköpunarsjóðsverkefni



September 1999

LÍNUHÖNNUN  
VERKFREÐISTOFNA





# EFNISYFIRLIT

FORMÁLI .....	3
TILGANGUR .....	4
INNGANGUR.....	5
GRUNNUPPLÝSINGAR .....	6
LANDFRÆÐILEGAR .....	6
<i>Mörk svæðisins .....</i>	6
<i>Hæð yfir sjávarmáli.....</i>	6
<i>Vegir að svæðinu .....</i>	8
LÝÐFRÆÐILEGAR .....	8
<i>Sýslur og hreppar .....</i>	8
<i>Mannfjöldi .....</i>	10
<i>Náttúruverndarsvæði.....</i>	10
<i>Gisting .....</i>	12
<i>Ferðaþjónusta almennt.....</i>	14
<i>Sveðisskipulag og umhverfismál.....</i>	14
NÁTTÚRUFAR.....	17
JARÐFRÆÐI .....	17
<i>Inngangur .....</i>	17
<i>Almennt.....</i>	18
<i>Tertíer.....</i>	25
<i>Ísöld .....</i>	28
<i>Nútími .....</i>	31
<i>Hraunhellar .....</i>	36
<i>Jarðhiti .....</i>	38
GRÓÐURFAR.....	42
<i>Inngangur .....</i>	42
<i>Almennt.....</i>	43
<i>Sýslurnar.....</i>	44
<i>Rof og gróður.....</i>	51
<i>Rannsóknir.....</i>	55
DÝRALÍF.....	60
<i>Inngangur .....</i>	60
<i>Sýslurnar.....</i>	60
<i>Allt svæðið .....</i>	62
<i>Annað dýralíf .....</i>	68
VATNAFAR.....	69
<i>Inngangur .....</i>	69
<i>Einstök vötn .....</i>	70
<i>Vatnsföll.....</i>	74
<i>Að lokum .....</i>	75
VEDURFAR.....	79
<i>Inngangur .....</i>	79
<i>Almennt.....</i>	79
<i>Sýslurnar.....</i>	82
MENNING .....	84
ALMENNT.....	84
FORNLIFAR.....	86
<i>Inngangur .....</i>	86

Sýslurnar.....	86
<b>GRÆN FERÐAMENNSKA.....</b>	<b>91</b>
INNGANGUR.....	91
SKILGREININGAR.....	92
MEGINEINKENNI GRÆNNAR FERÐAMENNSKU .....	95
„GRÆNIR” FERÐAMENN.....	98
SÉRSTAÐA ÍSLANDS .....	100
AÐFERÐAFRÆÐIN.....	100
<i>Orkunotkun</i> .....	101
<i>Neysla</i> .....	101
<i>Endurvinnsla</i> .....	102
<i>Mengun</i> .....	102
<i>Umhverfi ferðamannsins</i> .....	103
<i>Heimamenn</i> .....	104
<i>Samgöngur</i> .....	104
<i>Umhverfisfræðsla og upplýsingar</i> .....	105
Á NOKKRUM VÍGSTÖÐVUM .....	106
<i>Almennt</i> .....	106
<i>Ferðamennska í Norðurheimsskautslöndunum</i> .....	107
<i>Stefnumótun á Vesturlandi</i> .....	110
<b>HÍTARDALUR.....</b>	<b>113</b>
ALMENNT.....	113
DALURINN .....	114
BÆRINN .....	119
JARÐFRÆÐI HÍTARDALS .....	124
<b>FERÐAMÁL.....</b>	<b>126</b>
ALMENNT.....	126
VIÐTÖL .....	127
<b>SVÆÐID Í HEILD .....</b>	<b>136</b>
NÚVERANDI MÖGULEIKAR .....	136
<i>Gistiaðstaða</i> .....	136
<i>Gönguleiðir</i> .....	138
<i>Reiðleiðir</i> .....	144
<i>Ökuleiðir</i> .....	144
<i>Hestaferðir</i> .....	147
<i>Gönguferðir</i> .....	149
<i>Veiði</i> .....	149
<i>Markverðir staðir</i> .....	150
MÖGULEIKAR SVÆÐISINS .....	164
<i>Gönguleiðir</i> .....	164
<i>Reiðleiðir</i> .....	165
<i>Hjólaleiðir</i> .....	165
<i>Snjósleðar og gönguskíði</i> .....	166
<i>Ár og vötn</i> .....	166
<i>Leiðsöguferðir</i> .....	167
<i>Fræðsla</i> .....	167
<i>Gisting</i> .....	168
<i>Jarðhitinn</i> .....	169
<b>NIÐURLAG .....</b>	<b>171</b>
<b>EFTIRMÁLI.....</b>	<b>173</b>

## FORMÁLI

Umhverfismál, skipulag, ferðamál, umhverfismat, virkjanir, forsjálni, umhverfisvænt, gróði, útivist, græðgi, uppbygging, ferðaþjónusta, atvinnumál, umhverfisvakning, stefnuskrár. Þessi hugtök hafa verið hluti af umræðu síðustu mánaða. Á hverjum degi hafa birst greinar í einhverjum dagblaðanna sem tengjast umhverfismálum. Náttúruverndarsinnar, ferðaþjónustuaðilar, stjórnmálamenn, vísindamenn, ferðamenn, og almenningur hafa verið þátttakendur í umræðunni. Íslendingar eru í ríkara mæli farnir að ferðast um landið. Sú fullyrðing að umhverfisvitund landsmanna hafi aukist á við rök að styðjast. Náttúra Íslands er auðlind sem okkur ber að hlúa að.

Útlendingar gera sér ef til vill betur grein fyrir hinu sérstaka náttúrufari landsins en Íslendingar. Ísland er framandi í augum útlendinga. Er til sa Íslendingur sem keyrir yfir Hellisheiði, agndofa yfir hinu sérkennilega og fallega landslagi sem þar getur að líta? Hin „ósnortna” náttúra landsins, hreinleiki og fjölbreytileiki hennar er meðal þess sem heilla erlenda ferðamenn (heimild nr. 80, bls. 47).

Svæðið sem er til umfjöllunar í þessu verkefni er ekki þekkt útvistarsvæði. Deilur um virkjunarframkvæmdir á því munu að öllum líkindum ekki eiga sér stað, því engin stór vatnsföll er þar að finna. En þar eru fjöll, vötn, fuglar, blóm og „ósnortin” náttúra. Mikilvægt er að þessir eiginleikar svæðisins fái að haldast og njóta sín. Því eins og Sigurður Þórarinsson sagði svo snilldarlega:

*„.... ráðamenn mættu ekki falla í þá gryfju að  
tala eingöngu um kílovattstundirnar en gleyma  
unaðsstundunum sem óbyggðirnar veita svo  
mörgum.”*

(heimild nr. 151)

og allir hafa skoðun á.

Spilt náttúra verður aldrei aftur villt náttúra.

## **TILGANGUR**

Verkefni þetta er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og verkfræðistofunni Línuhönnun hf. Það er liður í stærra verkefni og er eins konar forvinna þess. Vonandi mun það verkefni hljóta styrkt Rannsóknarráðs Íslands á næsta ári. Ef svo fer mun samvinna ferðamálasamtaka Vesturlands , sveitarfélaga á svæðinu og Línuhönnunar hefjast. Hugmynd Línuhönnunar er að taka fyrir ákveðið svæði á Vesturlandi sem er lítt þekkt meðal ferðamanna og byggja það upp með tilliti til grænnar ferðamennsku og ferðaþjónustu. Treysta þekkingarlegan grunn svæðisins með aðstoð rannsóknarmanna og nemenda, erlendra og innlendra.

Verkefni mitt fólst í söfnun heimilda um náttúrufar og sögu svæðisins. Upplýsingum um hvers konar afþreyingu og þjónustu, sem stæði ferðamönnum til boða á svæðinu var einnig safnað. Síðari hluti sumars fór í að vinna úr heimildunum og skýrsla þessi er afrakstur þeirrar vinnu

## INNGANGUR

Svæðið sem hér er til umfjöllunar er vannýtt ferðamannaauðlind.

Svæðið tilheyrir Vesturlandi. Það er í alfaraleið og nálægt höfuðborginni. Þar er mikil náttúrufegurð. Svæðið býður upp á fjöllótt og einstaklega fallegt landslag, jarðmyndanir frá öllum skeiðum jarðsögu Íslands, fjölbreytt gróðurfar og talsvert fuglalíf. Þar er aragrúi fornra þjóðleiða, forn höfuðból og margir þekktir sögustaði. En einhverra hluta vegna hefur það orðið útundan og fáir ferðalangar hafa lagt þangað leið sína. Vesturland er sá landshlut sem laðar næstfæsta ferðamenn að, Vestfirðir eru í neðsta sæti (heimild nr. 73).

Eins og fyrr segir er markmiðið að gera svæðið aðgengilegra fyrir ferðafólk. Merkja gönguleiðir og slóða, markaðssetja svæðið og skipuleggja framtíð þess með græna ferðamennsku í huga. Þannig verður reynt að tryggja að eiginleikar svæðisins haldist, koma í veg fyrir eyðileggingu vistkerfa og ógætilega umgengni. Náttúruskoðun og menning, menntun ferðamanna og heimamanna, verndun umhverfisins og þátttaka heimamanna í uppbyggingu ferðaþjónustu eru meðal einkenna grænnar ferðamennsku.

Í skýrslunni er að finna almennar upplýsingar um svæðið, svo sem landfræðileg mörk þess, fjarlægð frá nærliggjandi kaupstöðum, hvaða sýslur og hreppar heyra til þess. Náttúrufari svæðisins verða gerð skil. Græn ferðamennska skilgreind og sýnt fram á að hún eigi vel við Íslendinga. Hítardalur er fornt höfuðból og náttúrufegurð er mikil í samnefndum dal. Ferðaþjónusta er þar svo til engin og svæðið því tilvalið til þróunar grænnar ferðamennsku. Sú afþreying og ferðaþjónusta sem stendur fólk til boða innan svæðisins verður tilgreind og hugmyndir um framtíð svæðisins settar fram. Nokkurs konar gagnagrunnur fylgir skýrslunni í viðaukum. Þar er að finna allar þær heimildir og upplýsingar sem fundust um svæðið. Sá listi er augljóslega ekki tæmandi. Heimildaskrá skýrslunnar er skipt niður eftir efni, það er jarðfræði, gróðurfar og svo framvegis, skiljanlega skarast efnisflokkar. Heimildaskráin er einnig í viðaukum. Korta- og myndaskrá er í viðaukum.


Þrjár ferðir voru farnar inn á svæðið; 4 daga hestaferð í byrjun júlí, og tvær eins daga ferðir þar sem tekin voru viðtöl við ferðaþjónustuaðila. Myndir höfundar sem birtast í skýrslunni eru úr þessum ferðum. Þakka ég Hildi Ingvarsdóttur og Ingibjörgu Þórisdóttur samferðafólkí úr hestaferðinni fyrir afnot af myndum þeirra. Ingibjörgu einnig fyrir yfirlestur og góð ráð.

# GRUNNUPPLÝSINGAR

## LANDFRÆÐILEGAR

### Mörk svæðisins


Svæðið takmarkast af Norðurárdal og Bröttubrekku að austan en Kerlingarskarði að vestan, byggð á Mýrum og í Hnappadal að sunnan, en byggð á Skógarströnd og vestast í Dalabyggð að norðan. Stærð þess er um 1200-1300 km<sup>2</sup>. Þetta er það svæði sem hugsað er til útvistar og uppbyggingar fyrir ferðamenn. Það getur kallast aðalsvæði. Innan þess stendur ferðafólk ekki mikil þjónusta til boða. Þar af leiðandi eru ferðalangar að einhverju leyti háðir þeim ferðaþjónustuaðilum sem eru staðsettir utan aðalsvæðisins, eða á hinu sem við getum kallað nágrannasvæði. Nágrannasvæðið hefur í raun ekki eiginleg mörk, en má segja að það nái í það minnsta yfir sveitir næst aðalsvæðinu og að næstu kaupstöðum, Stykkishólmi, Búðardal og Borgarnesi.



Mynd 1. Yfirlitskort.

### Hæð yfir sjávarmáli

Hæsti tindur aðalsvæðisins er í Ljósufjöllum, 1063 m, en gróflega áætluð meðalhæð þess er um 600-700 m, að Hnappadal undanskildum sem skiptir svæðinu í tvennt. Í



Kort 1. Yfirlitskort

Hnappadal eru engin fjöll, aðeins nokkrar bungur sem ná e.t.v. 300 m hæð. (heimild nr. 115, 116, 117, 118).

## Vegir að svæðinu

- Þjóðvegur nr.1 liggur um Norðurárdal, suðaustan að svæðinu
- Þjóðvegur nr. 60 liggur um Bröttubrekku, norðaustan að svæðinu
- Þjóðvegur nr. 57 liggur um Skógarströnd, norðan að svæðinu
- Þjóðvegur nr. 54 liggur um Mýrarnar og Snæfellsnes, suðvestan og sunnan að svæðinu
- Þjóðvegur nr. 56 liggur um Kerlingarskarð, vestan að svæðinu

Um þjóðveg nr. 1 frá Reykjavík eru

- 74 km í Borgarnes
- 154 km í Búðardal
- 172 km í Stykkishólm

Um þjóðveg nr. 1 frá Akureyri eru

- 315 km í Borgarnes
- 281 km í Búðardal
- 363 km í Stykkishólm

(heimildir nr. 86, 111)

## LÝÐFRÆÐILEGAR

### Sýslur og hreppar


Þrjár sýslur tilheyra svæðinu (kort 2)

- Mýrasýsla
- Dalasýsla
- Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

Eftirtaldir hreppar eða sveitarfélög tilheyra svæðinu

- Helgafellssveit
- Stykkishólmbsbær
- Dalabyggð
- Borgarbyggð
- Eyja- og Miklaholtshreppur
- Kolbeinsstaðahreppur

(heimild nr. 138)



Kort 2. Sýslur og mörk svæðisins

Engir kaupstaðir eru innan svæðisins en nærliggjandi byggðarlög/kaupstaðir eru:

- Stykkishólmur
- Búðardalur
- Borgarnes

## Mannfjöldi

Hjá Hagstofu Íslands er að finna tölur um íbúafjölda, og þeim skipt eftir þéttbýliskjörnum og sveitarfélögum eða hreppum. Eftir sameiningu sveitarfélaga er erfitt að gera því skil hversu margir íbúar búa á aðalsvæðinu og hversu margir á nágrannasvæðinu.

Íbúar árið 1998:

- Borgarnes 1746
- Stykkishólmur 1244
- Búðardalur 254
  
- Kolbeinsstaðahreppur 115
- Eyja- og Miklaholtshreppur 127
- Borgarbyggð 2412
- Dalabyggð 696
- Helgafellssveit 59

Á öllu Vesturlandi búa tæplega 14.000 manns. Á aðal- og nágrannasvæðinu má áætla að búi milli 4 og 5000 manns. (heimild nr. 138).

Hjá Fasteignamati ríkisins fást upplýsingar um þær jarðir í byggð og hverjir eru skráðir ábúendur.

## Náttúruverndarsvæði

Náttúruverndarsvæði skiptast í friðlýst náttúruverndarsvæði og náttúruminjar, en það eru svæði sem æskilegt væri að friðlýsa. Á aðalsvæðinu eru tvö friðlýst náttúruverndarsvæði (kort 3):

- Grábrókargígar (1)
- Eldborg í Hnappadal (4)

Náttúruminjar:

*„svæði eða staðir sem ekki hafa verið friðlýstir  
enn, en hafa eitthvað það til að bera sem  
þjóðinni er mikils virði að eiga og vart eða  
ekki verður bætt sé því raskað”*

(heimild nr. 77, bls.28)




Mynd 2. Auðvelt aðgengi náttúruminja, brú á leið til Rauðamelsölkeldu.

Á aðalsvæðinu eru eftirtaldir staðir skráðir sem náttúruminjar  
(kort 3) :

- Grábrókarhraun og Hreðavatn (2)
- Barnaborg og Barnaborgarhraun (3)
- Gerðuberg (5)
- Hraun, gígar og hellar í Hnappadal (7)
- Rauðamelsölkelda (6)

(heimild nr. 27)



*Mynd 3. Gullborg.*

*„Náttúruminjaskrá kemur náttúruunnendum að gagni þegar leita skal uppi áhugaverð skoðunarefni. ..benda á hagræn verðmæti náttúruminja sem óskölluð laða að sér náttúruskoðendur þ.e. tekjuskapandi ferðamannaheimsóknir en spillt laða öngvan að.”*

(heimild nr.77, bls. 29)


Svæði þar sem mælst er til einhvers konar verndunar voru tilgreindir af heimamönnum (heimild nr. 77) og í svæðisskipulagi bæði Dala-og Austur-Barðastrandarsýslu og Mýrasýslu, sem hefur enn ekki verið samþykkt (kort 3):

- Árgljúfur Skraumu
- Hörðudalsá ásamt bökkum
- Hítardalur og fjallasalur hans
- Vikrafell
- Langavatn
- Borgir við Heggstaði

Forsendur fyrir því að greina svæði sem náttúruverðmæti geta verið margbreytilegar. Svæðin geta haft vísindalegt, fagurfræðilegt og/eða sögulegt/menningarlegt gildi (heimild nr. 77).

## Gisting

Á aðalsvæðinu eru 3 gangnamannaskálar, og eru þeir leigðir út. Að öðru leyti er gisting af skornum skammti innan aðalsvæðisins, en nokkrir ferðaþjónustuaðilar bjóða upp á gistingu í jöðrum þess og þar eru tvö tjaldstæði með tilheyrandi aðstöðu (sjá síðar).



Kort 3. Náttúruvernd

Margir veiðikofar og veiðihús eru innan aðalsvæðisins. Þau eru misjöfn að gerð, sum eru rekin líkt og hótel, önnur hafa sömu þægindi og skálar. En þau eru einungis til afnota fyrir veiðimenn.

Fjölmargir gistimöguleikar eru utan aðalsvæðisins, en það er ekki ætlunin að tilgreina þá hér. Í kaupstöðunum þremur sem næstir eru svæðinu er að finna gistingu. Nokkrir gistimöguleikar eru á láglendinu suður af svæðinu. Eftirtektarvert er að engir ferðaþjónustuaðilar eru á Skógarströnd.

(heimild nr. 93, 139, 148, 159)

## Ferðaþjónusta almennt

Þeir aðilar sem bjóða upp á gistingu hafa einhverjar upplýsingar um það sem stendur fólk til boða í nágrenni þeirra og nokkrir þeirra selja veiðileyfi í nærliggjandi vötn. Að öðru leyti vantar gagnagrunn fyrir ferðaþjónustuaðila um þá afþreyingu sem er að finna innan svæðisins. Kortlagðar gönguleiðir og gönguleiðarbæklingar eru af skornum skammti. Fjölmargar bensínstöðvar eru við mörk svæðisins, en þar er auðveldlega hægt að koma upplýsingum á framfæri(sjá meira síðar).

Bensínstöðvar er að finna:

- við vegamót Kerlingarskarðs
- við Heydalsafleggjara á norðanverðu Snæfellsnesi
- í Borgarnesi
- í Stykkishólmi
- í Búðardal
- við vegamót Bröttubrekku og Norðurárdals
- við Hreðavatn.

(heimild nr. 121)

## Svæðisskipulag og umhverfismál


Svæðisskipulag Skipulagsstofnunar ríkisins hefur verið unnið fyrir Dala- og Austur-Barðastrandarsýslu. Svæðisskipulag Mýrasýslu hefur enn ekki verið samþykkt, og er til í handriti. Þar kom fram ýmsar upplýsingar um atvinnulíf, náttúrufar, ferðamál, samgöngur, landbúnaðarsvæði, menningarmál, framkvæmdir á vegum sveitarfélaganna, skólamál og fleira. Þessar upplýsingar gefa mjög gott almennt yfirlit um sýslurnar. (kort 4)

Staðardagsskrá 21 er samvinnuverkefni sveitarfélaga á Íslandi.

„Staðardagsskrá 21 er heildaráætlun hvers samfélags um sig fram á 21. öldina. Þessi

áætlun á að vera nokkurs konar forskrift að sjálfbærri þróun, þ.e.a.s. lýsing á því hvernig samfélagið ætlar að fara að því að tryggja komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði á Jörðinni. Áætlunin snýst ekki eingöngu um umhverfismál, heldur er henni ætlað að taka jafnframt tillit til efnahagslegra og félagslegra þátta. Eitt aðalatriði í hugmyndafræðinni sem að baki liggur, er að umhverfismál verði ekki slitin úr samhengi við önnur mál, heldur beri að skoða áhrif mannsins á umhverfi sitt í viðu samhengi. “ (heimild nr. 137)

Af sveitarfélögum á Vesturlandi hafa Snæfellsbær og Akraneskaupstaður lagt mesta vinnu í verkefnið. En Eyrarsveit, Borgarfjarðarsveit og Stykkishólmsbær sem standa næst aðalsvæðinu hafa lítið gert til þessa. Þau hafa enn sem komið er ekki sent frá sér skýrslu. Þeir málaflokkar sem sveitarfélögin hafa tekið fyrir eru meðal annars: holræsi og fráveitur, úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum, gæði neysluvatns, hávaða- og loftmengun, náttúrumengun, náttúruvernd, menningarminjar, umhverfisfræðsla í skólum, orkusparnaður, meindýraeyðing, námur, auðlindanotkun, matvælaframleiðsla, uppgræðsla og skógrækt og skipulagsmál. Stefán Gíslason, verkefnistjóri Staðardagsskrár 21 á Íslandi fullyrti að ekki væri hægt að búast við árangri nema menn sinntu verkefninu sem fullu starfi. (heimild nr 144)



Kort 4. Svæðisskipulag

# NÁTTÚRUFAR

## JARÐFRÆÐI

### Inngangur

*„Jarðfræði Snæfellsness er óvenju fjölbreytt,  
og fá hérud geta státað af slíkri fjölbreytni.“*

(heimild nr. 14, bls 152 )

*„Jarðfræði Borgarfjarðarsvæðisins er  
fjölbreytt og áhugaverð bæði fyrir fræðimenn  
og almenning. Kemur þar margt til svo sem að  
jarðfræði svæðisins spannar mestalla jarðsögu  
landsins og að víða tvinnast saman áhugaverð  
jarðfræði og stórfenglegt og/eða fagurt  
landslag.“*

(heimild nr. 15, bls. 7)

Pannig skrifaði Haukur Jóhannesson, en hann hefur skrifað einna mest um jarðfræði svæðisins. Svæðið nær til hálandis eystri hluta Snæfellsness. Eins og fyrr segir eru mörk svæðisins við Kerlingarskarð í vestri, Norðurárdal og Bröttubrekku í austri og að byggð að sunnan og norðan.

Um jarðfræði svæðisins hefur mest verið ritað í Árbókum Ferðafélags Íslands, en þær gefa gott yfirlit um jarðfræðina og eru ætlaðar almenningi. Lesendur þurfa ekki að búa yfir sérstakri jarðfræðikunnáttu til að hafa gagn og hafa gaman af. Lítið hefur verið ritað og minna gefið út um jarðfræði svæðisins, en svo segir Þorleifur Einarsson um Hnappdalssýslu í Árbók Ferðafélags Íslands 1970:


*„Hnappadalssýsla geldur hér sennilega  
nálægðarinna við ytri hluta Snæfellsness, sem  
er allra héraða margbreytilegast að  
jarðfræðilegri gerð. Helzt er að leita fanga í  
ritum Þorvalds Thoroddsens, og þá einkum í*

*þriðja bindi Ferðabókar hans, en hann fór  
nokkuð um sýsluna sumarið 1890. “*

(heimild nr. 29, bls 105)

Um Dala- og Mýrasýslu hefur einnig lítið verið skrifað. 1986 birtist grein í Breiðfirðing um jarðfræði Dalasýslu eftir Hauk. Hann hefur skrifað um jarðfræði svæðisins í eftirfarandi heimildum: *Borgfírsk náttúrustofa*, um jarðfræði Borgarfjarðarsvæðisins, Árbók Ferðafélags Íslands 1982), grein um jarðfræði Snæfellsness, í *Náttúrfreðingnum* árið 1980 um jarðlagaskipan og þróun rekbelta á Vesturlandi, í bókinni *Eldur er í norðri* um kvarter eldvirkni á Vesturlandi, o.fl.

Nokkrar prófritgerðir hafa verið skrifaðar, en þær eru óútgefnar. Má þar nefna doktorsritgerð Hauks sem kallast *Structure and Petrochemistry of the Reykjadalur central volcano and surrounding area* frá 1975. Ómetanleg heimild en of sérhæfð til þess að hún nýtist hér. BS-ritgerð Kristínar Völu Ragnarsdóttur, *Jarðlagaskipan Fagraskógarfjalls og Vatnshlíðar í Hítardal*, er einnig mikilvæg heimild og gagnleg, sér í lagi þar eð Hítardal verða gerð sérstök skil í skýrslunni. Bjarni Reyr Kristjánsson skrifaði BS-ritgerð sína um skeljalög á Ásenda í Hnappadal og Skiphyl á Mýrum. Orkustofnun hefur gert nokkrar jarðhitarannsóknir á svæðinu. Í greinagerðum og skýrslum þeirra er jarðfræði viðkomandi svæðis gjarnan lýst. Jarðhiti í Hnappadal var kannaður árið 1991, og möguleikar á notkun hans rannsakaðir.




Mynd 4. Þversnið.

Talsvert er til af gömlum heimildum og má þar nefna *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* sem var skrifuð í kringum 1700. Árbók Ferðafélagsins frá 1932 fjallar um Snæfellsnes, en jarðfræðiþekking hefur um margt breyst á þeim rúnum 60 árum sem liðin eru síðan hún var skrifuð. Hér fer á eftir umfjöllun um jarðfræði svæðisins og er hún byggð á skrifum Hauks Jóhannessonar, nema annað sé tekið fram.

## Almennt


Jarðsaga Íslands skiptist í þrennt: tertíer, ísöld (kvarter) og nútíma (mynd 9). Henni má skipta frekar niður og þá eftir jarðmyndunum (jarðmyndanir er upphleðsla jarðlaga (heimild nr. 1)): Blágrýtismyndun frá tertíer, grágrýtismyndun frá fyrri hluta ísaldar (hófst fyrir 3 milljónum ára), móbergsmyndun (yngri en 700.000 ára) og

jarðmyndun sem er aðallega úr lausum jarðlögum og hraunum frá lokum ísaldar





*Mynd 5. Útbreiðsla jarðmyndana 1) blágrýtismyndun (tertíer) 2) grágrýtismyndun (tertíer) 3) móbergsmyndun (ísold)*

og því hlýskeiði sem við erum á núna, nútíma (síðustu 10.000 ár) (mynd 5). Allar þessar jarðmyndanir er að finna á svæðinu, og því er jarðsaga landsins auðlesin úr landslagi og jarðfræðimyndunum þess (mynd 4, 6, 7, 8).




Mynd 6. Jarðfræðikort.


MERKI	
Nútmældistöðvar: a: gosprungur; b: litill og stóri fífur; c: dýngilugfíur; d: óstórdó hullin ískliða sýði	
Gigar frá Isöld: a: dýnglufíur; b: aðrir gígar	
Gerivígígar	
Hverir, laugur, ókeildur: a: ókeilgreint; b: basiskur hvar; c: kislíthver; d: laug; e: kalklaug; f: ókeilda	
Hverarhraður: a: kislíthráður; b: kalkrháður	
Jökulalda	
Ung jökulalda, lega jökulsorðs á síðustu díum	
Rönd i skrifjölkli	
Stefna ískuluráka og ískulurumba (þverstrík á athugunarstað); a: aðra; b: yngra kerfi	
Strandlina frá fældarlokum og yngri, hæð í metrum	
Bergaprungrar: a: glján misengis; b: misengingsprungrar, sígð hegra megin	
Bergháup og/éða forn gríðarjóull	
Fundarstaður steinbergunar: a: dýr; b: plöntur auk hrýninga í mórborgi og gjósku	
Tertiær, K. kvartær: Tm: mísdein, Tp: plíosen, Kp: plíostóken (isolíð), Kh: höldan (núlini eftir isolíð)	
Surtarbráður	
Strík og halli berglagsa	
Mislingi	
a: Basiskur, gangur; b: kellogangur	



Mynd 7. Jarðfræðikort.




*Mynd 8. Hraun frá nútíma, jarðlög frá tertíer:  
Rauðhálsahraun, Kolbeinsstaðafjall.*




Mynd 9. Jarðsögutímatal.

Svæðið einkennist af því að það liggar milli tveggja gosbelta (gosbæti er landssvæði með nokkrum eldstöðvarkerfum (heimild nr. 1, bls. 166). Annars vegar er það Reykjanes-Langjökulsbeltið og hins vegar er það fornt gosbæti sem kallast Snæfellsnesgosbeltið, sem nær frá Snæfellsjökli og yfir í Norðurárdal í Borgarfirði (mynd 10).




Mynd 10. Rekbeltin tvö, Snæfellsnes og Reykjanes-Langjökuls (Suðvesturlandsrekbeltið)

Snæfellsnesbeltið var virkt fyrir 15 milljónum ára, í um 8 milljón ár. Fyrir 6-7 milljón árum hófst eldvirkni í Reykjanes-Langjökulsbeltinu. Eldvirkni á Snæfellsnesi hófst á ný fyrir 2 milljónum ára og hefur verið viðvarandi síðan.



Mynd 11. Tímatal rekbeltanna.

Jarðög halla í átt að gosbeltum vegna þess að við gos hlaðast gosefnin upp innan þeirra og jarðskorpan fergist niður. Jarðög í Borgarfjarðardölum halla til að mynda til suðausturs í átt að Reykjanes-Langjökulsbeltinu. Um mitt Snæfellsnesgosbeltið myndast samhverfa, það er jarðög halla niður í átt að miðju þess. Kallast hún Snæfellsnessamhverfan (mynd 11).




Mynd 12. Samhverfa og Andhverfa.

Jarðög vestan Norðurár, jarðög á Mýrum og í Döllum eiga nær öll uppruna sinn í Snæfellsnesgosbeltinu. Aldur þeirra hækkar eftir því sem fjær dregur samhverfunni. Við Borgarnes er svokölluð Borgarnesandhverfa, en þar verða hallaskil jarðлага (mynd 12). Í ási hennar er að finna elstu jarðög á svæðinu, 12-13 milljón ára gömul, þau næstelstu á



*Mynd 13. Kolbeinsstaðafjall.*

landinu. Jarðlög yngjast í báðar áttir út frá henni, jarðlög í Kolbeinsstaðarfjalli og Fagraskógarfjalli eru um 8-9 milljón ára gömul, í Hafursfelli um 7 milljón ára gömul.




*Mynd 14. Hallandi jarðlög í Lambahnúkum.*

## Tertíer

Tertíer er elsta skeið jarðsögu landsins og eru elstu jarðlög þess um 15 milljón ára gömul. Af plöntusteingervingum sem fundist hafa má greina að loftslag var talsvert hlýrra þá og hávaxnir laufskógar voru ríkjandi líkt og í sunnanverðri Evrópu og Norður-Ameríku í dag. Landið var flatt og yfir það runnu hraun og þannig myndaðist hraunlagastafla. Vegna þess hversu eldgos voru tíð náði þykkur jarðvegur ekki að

myndast. Þunn rauð setlög sem sjá má milli hraunlaga á tertíersvæðum eru jarðvegurinn sem náði að myndaðist.


Steingervingar eru tiltölulega sjaldséðir á Íslandi. Helsti fundarstaðir þeirra innan svæðisins, sem hér um ræðir, er við Hreðavatn.



Mynd 15. Útbreiðsla Hreðavatnssetlaga

Hreðavatnssetlögin eru ein þau merkstu á landinu (mynd 15). Um þau hafa Leifur Símonarson og Walter Friedrich skrifað (heimild nr. 6). Þar má finna surtarbrand, steingervinga og för eftir laufblöð trjáa sem hafa varðveist í milljónir ára. Surtarbrandur er mókol eða kol sem myndast hefur í millilögum blágrýtismyndunarinnar. Steingerðu gróðurleifarnar eru frá trjám sem í dag vaxa ekki á Íslandi. Meðal fundarstaða við Hreðavatn má nefna Hestabrekku, Surtarbrandsgil, Þrimilsdal og Brekkuá. Við Hreðavatn má sjá botnlög stöðuvatns, ásamt leifum laufblaða og annarra jurta sem geymst hafa í kísilþörungum vatnsins, en leifarnar munu vera um 7 milljón ára gamlar. Surtarbrandur hefur einnig fundist í Drápuhlíðarfjalli og við Emmuberg á Skógarströnd.

Upp úr hraunsléttunni risu megineldstöðvar (megineldstöð er eldstöð sem gýs oft, þó ekki endilega úr sama gíg hverju sinni (heimild nr. 1, bls. 167) og náðu þær oft 1000 m. yfir nærliggjandi svæði. Eina megineldstöð tertíer tímabilsins sem nær til svæðisins er Laugardalseldstöðin (mynd 16). Aðrar tertíereldstöðvar á Vesturlandi eru:



Mynd 16. Laugardalseldstöð.

Hallarmúlaeldstöðin, Reykjadalsseldstöðin, Traðaelstöðin, Setbergseldstöðin og Elliðaelstöðin. Laugardalseldstöðin liggur milli Langavatnssdals og Hörðudals og var virk fyrir um 5 milljónum ára. Hún er 10 km. í þvermál, með öskju sem er full af móbergi, því um tíma voru stöðuvötn í öskjunni. Hraun runnu einnig ofan í öskjuna og grófst hún að mestu undir aðkomin gosefni. Þótt megineldstöðvarnar séu oft ekki greinilegar í dag eru basaltgangar þeirra oft sýnilegir. Einn slíkur er í Hlíðarmúla við Hlíðarvatn.

Hraunlagastaflinn myndar berggrunn láglendisins og nær sums staðar upp í miðjar hlíðar, til að mynda eru Fagraskógarfjall (mynd 17), Kolbeinsstaðafjall og Hafursfell úr blágryti tertíertímabilsins. Millilögini veðrast mun hraðar en hraunlögin



Mynd 17. Tjörn, Barnaborg og Fagraskógarfjall.

og myndast þá stallar í fjöllin, og gróður nær að festa rætur í þeim. Nær allur berggrunnur svæðisins er gerður úr basalti, að undanskildum Ljósufjöllum.


Eldvirknin á hinu forna Snæfellsnesgosbelti var bundin við megineldstöðvarnar og sprunguþyrringar tengdar þeim. Jarðlagastaflinn er tiltölulega reglulega byggður að

undanskildum svæðunum umhverfis megineldstöðvarnar. Eldvirkninni lauk þar eins og áður segir fyrir um 6 milljónum ára en þá tóku roföflin til við að móta landið og eldvirkni hófst á Reykjanes-Langjökulsgosbeltinu. Roföflin náðu að taka um 500-1000 m ofan af hinum upprunalega jarðlagastafla. Nokkur innskot tróðust inn í tertíer jarðlagastaflann þegar gosvirkninni lauk, Drápuhlíðarfjall er eitt þeirra, 3,5 milljón ára gamalt.

## Ísöld

Fyrir 3 milljónum ára hófst ísöld og huldu jöklar mestan hluta landsins. Á ísöld skiptust á hlýskeið og jökulskeið, og hafa þau verið samtals 40. Við lifum á síðasta hlýskeiði ísaldar, sem hófst fyrir 10.000 árum og kallast nútími. Jöklar mótuðu að miklu leyti núverandi landslag. Eldgos voru með öðrum hætti á jökulskeiðum heldur en á hlýskeiðum, þá mynduðust móbergsstapar og móbergshryggir í stað hrauna. Jöklar skildu eftir jökulbergslag í jarðlagastaflanum og grófu dali í jarðlögin. Þeir fluttu til jarðefni og mynduðu dældir í landslagið með rofi sínu og leysingavatni. Í lok ísaldar breikkuðu dalir og er Hnappadalur gott dæmi um slíkan dal. Landslag breyttist mikið á ísöld, í stað mishæða og hraunlaga mynduðust fjöll í eldgosum og á hlýskeiðum runnu hraun á milli móbergsfjallanna. Rofafl jöklanna mótuði einnig móbergsfjöllin, grófu gil og surfu fjöllin. Síðasta jökulskeið hófst fyrir 125.000 árum og stóð þar til fyrir 10.000 árum er nútíminn hófst.


Helsta eldstöðvakerfi kvarter tímabilsins er Ljósufjallareinin. En aðrar kvarterarmegineldstöðvar á Vesturlandi eru Snæfellsjökull, Lýsuskarð og Snjófjöll (mynd 18). Ljósufjallareinin liggur frá Kolgrafafirði um Ljósufjöll, sem er



*Mynd 18. Kvarterar eldstöðvarþyrpingar á Vesturlandi.*

megineldstöð reinarinnar og jafnframt miðja þess, og allt inn í Norðurárdal. Ljósufjallakerfið er stærsta goskerfi á Snæfellsnesi og er 90 km langt og allt að 20 km breitt. Ljósufjöll mynduðust á síðasta jökulskeiði, samsett úr móbergi, líparíti og hraunum. Elstu jarðlög þeirra eru 700.000 ára gömul.


Áður fyrr náði sjór lengra upp á land. Þungi jöklana hélt landinu niðri og jöklar út um allan heim voru að bráðna. Merki fyrrum hærri sjávarstöðu má sjá þar sem láglendi tekur snögglega við af blágrýtisfjöllum, Fagraskógarfjalli og Kolbeinsstaðafjalli (mynd 13). Fyrir 11.000 árum var Hnappadalur *fjörður* en ekki dalur. Brimþrep og malarhjallar við Oddastaðavatn, Höfða, Gerðuberg og Dalsmynni sýna hina fornusjávarstöðu. (sjá kort 5). Fyrir 3000 árum var landið fullrisið úr sjó.



Mynd 19. Dreifing kvarterra gosstöðva.

Eldvirknin var mest í lok ísaldar og gaus alloft á Snæfellsnesgosbeltinu (mynd 19). Flest ummerki jökla eru frá síðasta jökulskeiði sem hófst fyrir 125.000 árum en meðal þeirra eru jökulrákir á klöppum, hvalbökk og jökulruðningar. Í lok ísaldar var umhorfs líkt og er í dag. Jarðmyndanir huldu víða blágrýtisjarðlögin svo að einungis sást í þau í giljum og múlum.

Á svæðinu eru þó nokkrar eldstöðvar frá nútíma eða síðasta jökulskeiði. Mest myndaðist af móbergsfjöllum í Hítardal. Meðal móbergsfjalla eru Kerlingarfjall, Grímsfjall, Svörtutindar, Foxufell (mynd 20), Grafheiði, Hítarholmur, Grettisbæli, Bæjarfell, Klifsandur, Kúfusandur, Vikrafell og Staðarhnúkur (kort 5).



## Kort 5. Nokkrar jarðmyndanir frá kvarter




*Mynd 20. Foxufell.*

Fyrir um 12.500 árum kom stutt kuldakast eftir að hlýna hafði tekið í veðri, því til sönnunar eru melar milli Gullborgar- og Rauðhálsahrauns suður af Heggstöðum. Þar sjást kvosir, fyrrverandi jökulker sem hafa myndast við bráðnun ísjaka, og í þeim stærstu eru Eilífsvötn, sem Gullborghraun stíflar upp að hluta.

## Nútími

Síðustu 10.000 ár teljast til nútíma. Á því tímabili hefur Ljósufjallakerfið verið virkt og gosið a.m.k. 23 sinnum. Síðast gaus fyrir 1000 árum, en þá kom upp gos í Rauðhálsum, en það er eina sögulega gosið á svæðinu. Flestar eldstöðvarnar eru á stuttum sprungum á svæði frá Grábrók í Norðurárdal til Berserkjahrauns í Helgafellssveit. Á nútíma hefur eldvirkni verið mest austan Ljósufjalla, í Hnappadal og Hítardal. Í kerfinu eru nokkrar þekktar nútímaeldstöðvar, þar á meðal Rauðamelskúlur í Hnappadal, Gullborg, Barnaborg, Eldborg og Rauðhálsar. Skiptast þar á eldborgir sem mynda helluhraun úr þunnfljótandi kviku og gjallgígar með tilheyrandi apalhraunum. Í helluhraununum



*Mynd 21. Ytri-Rauðamelskúla.*

hafa orðið til hraunhellar (sjá síðar), en þeir eru fornar hraunrásir frá eldborgunum.

Flest gosanna virðast hafa byrjað á stuttum sprungum en síðan hefur eldvirknin dregist saman í gíga. Sum hraunanna eru frá eldstöðvum frá því á kvarter. Hér eru nútímhraun listuð (kort 6):

*Svelgsárhraun (1)*

kemur úr Rauðukúlu, stórum gíg, austan Jötunfells. Hraunið er tvískipt, eystri hlutinn rennur austan Drápuhlíðarfjalls en hinn vestri rennur niður Hraundal vestan Írafells. Gosið hófst sem sprungugos og var sprungan um 1500 m löng, eldvirknin dróst saman og stór gjallgígur myndaðist- Rauðakúla. Yngra en 4000 ára.

*Högsholtshraun (2)*

er runnið frá annarri Rauðukúlu, sem er stærst allra gíga á Snæfellsnesi, rís 200-300 m yfir umhverfi sitt, það hraun rann suður af gígnum. Frá svipuðum tíma og Svelgsárhraun.

*Kastshraun (3)*

er norður af Urðarkasti austast í Ljósufjöllum.

*Galtarhraun (4)*

á upptök sín í lítilli hvilft austan Rauðukúlu.

*Langadalshraun (5)*

á upptök í allstórum gíg sem einnig heitir Rauðakúla, liggur yfir Tunnuhraun að hluta.

*Tunnuhraun (6)*

á upptök í gígaröð sem nær frá Skyrtunnu að Urðardal, það liggur niður Stóra-Langadal.

*Urðarhraun (7)*

rann úr gíg í Urðardal, norðvestur af Hafursfelli

*Nykurhraun (8)*

rann úr gíg vestur af Ytri-Rauðamelskúlu

*Rauðamelshraun (9)*

er komið úr Syðri-Rauðamelskúlu og Ytri- Rauðamelskúlu, sem er sérlega fallega lagaður gígur vestast í Hnappadal. Það er talið vera 2600 ára gamalt. (mynd 21)

*Gullborgarhraun (10)*


er komið úr Gullborg, hraunið er  $15 \text{ km}^2$  að flatarmáli. (mynd 25)



Kort 6. Nútímahraun

### *Rauðhálsahraun (11)*

Í Hnappadal er frá því um 950 e.Kr. runnið frá Rauðhálsum og er hraunið um  $12,5 \text{ km}^2$  að flatarmáli. (mynd 22)



*Mynd 22. Kýr og Rauðhálsahraun.*

### *Eldborgarhraun (12)*

er langstærsta hraunið í Hnappadal,  $33,4 \text{ km}^2$ . Hið reglulega form megineldgígsins er einstakt og gnæfir hann tignarlega yfir hrauninu. Um aldur hraunsins er ekki vitað en það talið vera eldra en 5000 ára gamalt. (mynd 23)



*Mynd 23. Ígrædd gróðurmýnd af Íslandi ofan í Eldborg (?)*

### *Hagahraun (13)*

úr gíg í Hróbjögum, runnið út fyrir Fagraskógarfjall. Það er hið elsta í Hítardal.

*Rauðkúluhraun (14)*

úr Rauðukúlu, stórum gíg innan við Svörtutinda.

*Hólmshraun (15)*

er úr gígaröðinni Rauðukúlum í Þórarinsdal

*Staðarhraun (16)*


úr gígum sem kallast Rauðhálsar við Grjótárvatn.

*Kvígindisdalshraun (17)*

er runnið frá gíg lengst inn í Kvígindisdal

*Hraundalshraun (18)*

er runnið frá enn annari Rauðukúlu



*Mynd 24. Nútímahraun í Hnappadal.*

*Langavatnshraun (19)*

rann vestan megin Langavatns úr nafnlausum gíg.

*Grábrókarhraun (20)*

komið úr þremur gígum á gossprungu, Grábrók er þeirra hæst, en sá stærsti er Grábrókarfell, hraunið er 3000-3600 ára gamalt.

*Álfárhraun (21)*

er komið úr gígum innst í Hraundal, Rauðhálsum og Rauðakúlu

### *Barnaborgarhraun (22)*

er runnið frá Barnaborg sem er suðvestur af Fagraskógarfjalli, en hún er syðsta eldstöðin í Hnappadal, hraunið er líklega 2000-3000 ára gamalt. (mynd 24)



*Mynd 25. Gullborg.*

Hraunin hafa haft talsverð áhrif á vötn og ár, hækkað vatnsborð stöðuvatna, flæmt ár úr farvegum sínum svo að þær renna milli hlíða og hrauna. Aldursákvarðanir eru byggðar á aldri gróðurleifa undir hraununum.

## **Hraunhellar**

Hella er að finna í nokkrum hraunum svæðisins. Þeirra frægastir eru Gullborgarhellar. Vegna slæmrar umgengni fólks og þess hversu viðkvæmir hellar eru, eru flestir hellar á Íslandi lokaðir almenningi. Hér á eftir fer stuttur kafli um þá hella sem fundist hafa á svæðinu byggður á bók Björns Hróarssonar *Hraunhellar á Íslandi*(heimild nr 5).

*„Kvika frá eldstöðvum fer oft í afmarkaða farvegi og rennur gjarnan í lokaðum göngum í hraunum þegar líður á eldgosin. Þar sem þessar neðanjarðarrásir lifa storknun hraunanna myndast hraunhellar (hraunrásarhellar)”*

(heimild nr. 5, bls.17).

*„Í hraunhellum eru margs konar myndanir úr hrauni auk útfellinga og annarra hluta er*

*gleðja augað. Má þar nefna afhella,  
dropasteina, dropsteina, kleprasteina,  
framandi steindir, gróður, hraunfossa,  
hraunstrá, ísmyndanir, storknaða  
hraunlækjarfarvegi, mannvistarleifar, mynstar  
sérkennileg, rætur plantna, spena, strompa,  
útskot, veggi gljáfægða, veggsyllur og margt  
fleira”*

(heimild nr. 5, bls. 22).

### **Grábrókarhraun**

Í því eru nokkrir nafnlausir hellar. Þeir lengstu eru upp undir 100 m langir.

### **Hagahraun**

Í Hagahrauni er að finna Göngukonuhelli. Hann er nálægt hraunjaðrinum upp af eyðibýlinu Haga við Hítará.

### **Eldborgarhraun**

Aðeins er vitað um nokkra hella í hrauninu, sem lítið hefur verið rannsakað. Þekktastur þeirra er Þjófahellir, er hann 2 km suðvestan við Eldborg. Hann er 30 m á lengd og 5-10 m breiður, allur manngengur. Nálægt Snorrastöðum eru 3 hellar, kallaðir Fjárhellar.

### **Gullborgarhraun**

Gullborg myndaðist snemma á nútíma í stóru gosi. Hraunið rann í mörgum og stórum neðanjarðarrásum sem urðu að hellum þegar hraunið kólnaði. Gullborgarhellar eru 6 talsins og þykja mjög fallegir. Þeir eru friðlýstir sem náttúruminjar og innganga bönnuð. Borgarhellir er lengstur þeirra og einnig kallaður Gullborgarhellir (mynd 26). Hann fannst 1957. Talinn vera 670 m langur og 32 m djúpur. Innst í hellinum er nokkuð um fagrar hraunmyndanir, og fara skal þar með mikilli gát, margir dropasteinar hafa verið fjarlægðir og hafa þeir sem eftir eru verið varðir með keðju.



*Mynd 26. Borgarhellir.*

Vegghellir er næst lengstur Gullborgarhella og hann hefur greinilega verið notaður fyrr á öldum því þegar hann fannst 1957 var þar hlaðinn veggur. Hann mældist 320 m á lengd og 19 m djúpur. Getgátur eru uppi um að þetta sé hinn svonefndi Aronshellir sem Aron Hjörleifsson hafi búið í (heimild nr. 5, bls. 96).

Rétt við Gullborg eru 3 hellar, Íshellir, Flórhellir og Stúthellir. Spunahellir heitir sjötti hellirinn sem er að finna í Gullborgarhrauni.


### Syðra-Rauðamelshraun

Aronshellir er sagður vera í hrauninu, en hann var þekktur á Þjóðveldisöld og er hans t.a.m. getið í Sturlungu. En ýmsar sögur hafa verið á lofti um hellinn, mönnum hefur reynst erfitt að staðsetja hann, og jafnvel talið eins og fyrr segir að Vegghellir í Gullborgarhrauni sé hinn forni Aronshellir.

### Jarðhiti

Á Snæfellsnesi er lítið um laugar og þar eru engir hverir. En hvergi á landinu er að finna eins margar ölkeldur (mynd 27). Ölkeldur eru kaldar uppsprettur með kolsýrubleönduðu vatn, sem bragðast eins og sódavatn (heimild nr. 30).

Tvær ölkeldur eru þekktar í Mýrasýslu, önnur þeirra er vestan við Staðarhraun. Hún var fyllt upp fyrir síðustu aldamót, en var mokuð upp fyrir nokkrum



Mynd 27. Jarðhiti á Íslandi. 1) ölkeldur, 2) laugar $< 70^{\circ}\text{C}$ , 3) hverir  
 $70\text{-}100^{\circ}\text{C}$ , 4) háhitasvæði.

árum (heimild nr. 142). Hin ölkeldan er austan við Rauðukúlu í Hítardal. Í heimildum segir að ölkelda hafi verið að Helgastöðum en hún er ófundin. Þó nokkrar ölkeldur eru í Hnappadal og er Rauðamelsölkelda við Rauðamelsfjall frægasta ölkelda landsins. Vatnsrennsli hennar er mjög breytilegt en kolsýran streymir þar stanslaust upp.

„Í byrjun þessarar aldar gekk  
...[Rauðamelsölkelda]... kaupum og sölum, og  
var m.a. stofnað útflutningsfyrirtæki um  
ölkelduna í eigu norskra aðila sem hugðust  
setja upp átöppunarverksmiðju þar. Jón  
Vídalín konsúll og verslunarmaður hafði  
eignast ölkelduna á ofanverðri síðustu öld og  
lét þá byggja yfir hana veglegan skúr á þeirra  
tíma mælikvarða og stendur hann enn þótt  
hrörlegur sé “

(heimild nr. 3, bls. 15).



*Mynd 28. Rauðamelsölkelda.*

Í Hnappadal er jarðhiti en ekki sérlega mikill (heimild nr. 29). Orkustofnun stóð fyrir rannsókn á skilyrðum til fiskeldis í Hnappadal og nágrenni árið 1991 (heimild nr. 3). Helstu jarðhitasvæðin eru við Syðri- Rauðamel, Landbrot, Laugagerðisskóla og í Eldborgarhrauni. Upplýsingar um jarðhita í Hnappadal veitti Gumundur Ómar Friðleifsson hjá Orkustofnun.

Landbrot er í norðanverðu Eldborgarhrauni. Borað var þar síðastliðið vor og streymdiþar upp 60 °C heitt sjálfrennandi vatn. Landið er í eigu tveggja einstaklinga, þannig að vangaveltur eru um hvernig nota skal þann jarðhita sem þar er. Þar er einnig 40°C heit baðlaug.

Á Syðri-Rauðamel er mikið vatn og hiti þess 16-45 °C. Vatnið er langt frá þjóðvegi og næstu bæjum. Hreppurinn er búinn að skipuleggja sumarbústaðabyggð á svæðinu. Ein besta laxveiðíá landsins rennur um svæðið, þannig að búast má við mótmælum við byggingu sumarbústaða á svæðinu, hvort heldur ráðist væri í að nota jarðhitann til „byggingar náttúrulegra lauga” eða fyrir sumarbústaði.

Í Eldborgarhrauni er einhvers konar jarðhitahóll eða náttúrulegt gróðurhús, með alls konar jurtum. Þar er líklega eitt sérstæðasta jarðhitasvæði landsins, falið úti í grófu hrauninu. Gjótan er þakin marglitum mosa, burknum, birki, reynivið og blómgróðri . Hana ætti hiklaust að friðlýsa að mati Guðmundar.


Jarðhitinn er mestur við Laugagerðisskóla og það er eini staðurinn þar sem hann er nýttur og hefur svo verið í 2-3 áratugi. Vatn mælist þar 70 °C . Þar eru tvær borholur og sundlaug.




*Mynd 29. Sundlaugin í Laugardal.*

Haukur Jóhannesson taldi að NV- lægar sprungur réðu stefnu uppstreymisrása jarðhita líkt og í eldvirkninni í Hnappadal (heimild nr. 3, bls. 15), og samkvæmt athugunum Orkustofnunar á það við í nokkrum tilfellum.

Í Laugardal í Hörðudal er laug. Hún er tengd öskjurima Laugardalseldstöðvarinnar. Sundlaug var byggð við hana fyrir nokkrum áratugum en er ónýt (mynd 29). Það er þess virði að athuga hvort ekki mætti koma henni í stand á ný, eða nota jarðhitann í náttúrulega laug. Böð í náttúrulegum laugum er eitt af því sem útlendingar sækjast mest eftir (heimild nr. 131).



*Mynd 31. Rauðakúla, rétt austan Kerlingarskarðsvegar.*



*Mynd 30. Austur af Hafursfelli.*

Sorfin tertíerjarðög í Hafursfelli.


Ummerki jöklar, U-laga dalur og beittir fjallstoppar, lækurinn hefur einnig sett mark sitt á dalinn.

Gróðursæl tún þar sem einu sinni var fjörður, en nú heitir Hnappadalur.

## GRÓÐURFAR

### Inngangur


Vesturland telst vera eitt besta gróna svæði landsins (heimild nr. 34). Um gróðurfar svæðisins hefur ekki mikið verið ritað og enn minna kortlagt. Náttúrufræðistofnun hefur kortlagt hluta Mýrasýslu, í tengslum við svæðisskipulag sýslunnar, sem enn hefur ekki verið samþykkt. Það nær svo til einvörðungu yfir láglendi sýslunnar. Til stendur að kortleggja Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Dalasýsla hefur ekki verið kortlögð. Af gömlum gróður- og jarða kortum ná 5 þeirra inn á svæðið, þau eru Laxárbakkaflói (I), Kerlingarskarð (II), Ljósufjöll (III), Hjarðarholt (IV) og Eldborgarhraun(V) (mynd 32). (heimild nr. 41)



*Mynd 32. Staða gróður-og jarðakorta.*


## Almennt

Vesturland meðal best grónu hlutum landsins (heimild nr. 40, bls. 56). Taldi Friðrik Aspelund hjá Landgræðslunni að önnur svæði á




*Mynd 33. Umfang jarðvegsrofs.*

Íslandi hefði mun meiri þörf fyrir landgræðslu. ( mynd 33, 34). Einungis eitt þekkt rofsvæði er innan svæðisins og er það inni í Hítardal, það nær frá Hítarvatni að Hítardalsbænum (mynd 35). Þar er landgræðslugirðing sem átti



*Mynd 34. Yfirlit rofs á Vesturlandi.*

að friða svæðið en hún hefur ekki haldið sem skildi. Dregið hefur úr álagi á landið á þessum slóðum vegna þess að hefðbundinn landbúnaður hefur verið á undanhaldi.



*Mynd 35. Auðn í Hítardal.*

Landgræðslan hefur þó átt samstarf með nokrum bændum á svæðinu sem eru að græða upp landið.

## Sýslurnar

Í svæðisskipulagi Dala- og Austur-Barðastrandarsýslu birtist mjög einfaldað gróðurkort, og fjallað er lítillega um gróðurfar sýslnanna. Gróðrinum er einungis skipt í 4 flokka; mosáfembla, annað gróið þurrandi, votlendi og ógróið land. Kortið


er unnið eftir gervitunglamyndum og þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á gróðurfari.

Í handriti Svæðisskipulags Mýrasýslu liggar fyrir gróðurkort en það nær ekki yfir hálandi sýslunnar svo að það gagnast lítið. Birki er eina



*Mynd 36. Gróðursæld við Hreðavatn.*

trjátegundin sem myndar skóg en víðitegundir, eins og gulvíðir og loðvíðir vaxa innan um (mynd 36). Birkið vex gjarnan í hraunum og fjallshlíðum. Samfelldasta skóg á svæðinu er að finna við Hreðavatn. Þar sem jarðvegur er líttill, svo sem á hraunum og klöppum er mosagróður algengur. Í mosanum vaxa oft stinnastör, holtasóley (mynd 37), blávingull o.fl.



*Mynd 37. Holtasóley.*

Eyþór Einarsson ritar um gróðurfar á Snæfellsnesi í Árbók Ferðafélagsins 1986. Tekur hann Snæfells- og Hnappadalssýslu fyrir, eða frá Kolbeinsstaðahreppi að sunnan og að Skógarströnd að norðan. Skrifin eru að mestu byggð á hans eigin

rannsóknum. Ítarlegt yfirlit um gróður Snæfellsness er ekki til, en greinilegt er að nokkuð hefur verið fengist við að greina gróður á hinum og þessum stöðum. Hér fer á eftir stuttur útdráttur kafla Eyþórs.

Alls hafa fundist 323 tegundir villtra blómplantna á öllu Snæfellsnesi. Landslagið er fjölbreytt og því fylgir fjölbreyttur gróður. Tær 21% þeirra blómplantna sem þar eru vaxa ofan 500 m. hæðar. Miðað við aðra staði á landinu er þetta tiltölulega lágt hlutfall. Fjallaflóra Snæfellsness er því frekar lítilfjörleg miðað við flesta aðra landshluta.


Tjarnir eru víða, bæði til fjalla og á láglendi (mynd 38). Þar er oft að finna hávaxinn gróður, sem sumir kalla „sef“ þótt seftegundir sjáist ekki. Í fallegri smátjörn við „Ytri-Rauðamelskúlu vaxa lófótur og flagasóley saman á tjörninni miðri en trefjasóley myndar nærri samfelldan kraga með bökkunum... Á mörkum tjarnarinnar og mýrarinnar í kring vaxa svo aðallega mýrastör og fífa“ (heimild nr. 32, bls 181).



Mynd 38. Tjörn.

Í lækjum er oft áþekkur gróður og með bökkum grunnra tjarna, svo fremi straumur sé ekki mikill. Í lygnum læk við Barnaborgarhraun vaxa stórir brúskar af hófsóley, og auk hennar horblaðka, trefjasóley, lækjagrýta, lófótur og skriðlíngresi. Oft er mikið af grænum þörungum í straumminni lækjum, en í þeim straumharðari er frekar mosi á steinum.

Votlendi er aðallega á láglendinu en þó eitthvað upp til fjalla og á heiðum, svo sem í Heydal og Hrútdadal. Mýrar sjást hér og þar, Mýrasvæði er við Ytri-Rauðamelskúlu, þar ber mest á mýrastör, hengistör, mýrelftingu, hrafnafífu, túnvingli, engjarós, hrafnaklukku, stjörnuarf, mýrfjólu, mýradúnurt, fjallapunti og fjallafoxgrasi. (mynd 40)



Mynd 39. Lófótur



Mynd 40. Mýrastör.

bláberjalyng, bugðupuntur, vallhæra, krækilyng, hrútaberjalyng, krossmaðra, gulmaðra, brjóstagrás, ilmreyr (mynd 42), klukkublóm, aðalbláberjalyng, þursaskegg, beitilyng, sortulyng, blóðberg, lógresi, ljónslappi, stinnastör, móasef, skollafingur, blágresi, túnsúra,




Mynd 41. Hálíngresi.

hrafnaklukka, þrílaufungur, gullmura, tildurmosi, grámosi, hreindýrafléttur og fjallagrös. Í brekkunum við Hítarvatn vex meðal annars þrílaufungur og aðalbláberjalyng (mynd 43).




Mynd 42. Ilmreyr.



Mynd 43. Prílaufungur.

Móa- og heiðargróður er allvíða. Hann finnst í hlíðum og uppi til heiða. Algengastur er hann á flötum svæðum, milli lauta og gilja. Gróður móanna upp til



*Mynd 44. Móa- og heiðagróður.*

fjalla er gisinn, og eftir því sem ofar dregur verða melarnir milli mólendisins stærri. Harðgerðar plöntutegundir eru algengastar í mólendi, svo sem ýmis konar lyng- og mosategundir, en blómplöntur stinga upp kollinum hér og þar. Mosamóar eru algengir til fjalla og í hraunum, þar sem gróður er að ná festu. Ýmsar fléttutegundir leyනast inn á milli mosaþembanna (mynd 44). Blómplöntur ná ekki festu fyrr



*Mynd 45. Fléttur.*


en einhver jarðvegur hefur náð að myndast, þá í mosanum, eða undir honum. (mynd 45). Háfjallagróður er oftast ekki fjölbreytilegur, aðallega mosi og fléttur.

Melagróður og bersvæðisgróður; gróðurinn er strjáll og sér víða í leir, sand, möl og grjót. (mynd 46) Samfelldur gróður nær mjög mishátt upp í hlíðar, til að mynda nær samfelldur gróður upp í 600 m. hæð í Hrúadal. Til fjalla myndast oft svokallaðir melatíglar vegna frosthreyfinga í jarðvegi. Þeir sjást víða í rúmlega 300 m. hæð t.d. í Kerlingarskarði. Skriður er algengar á sunnanverðu nesinu. Í miklum halla skríður efsti hluti jarðvegsins ofan á hinum frosna og myndast þá eins konar jarðskriðuþrep þar sem hallinn er hvað mestur eru skriður mjög lausar og gróður á erfitt með að festa rætur. Eftir því sem hallinn er minni er gróðurinn meiri.



Mynd 46. Melagróður.

Gróður í hraunum fer mjög eftir aldri hraunsins svo og hæð þess yfir sjávarmáli. Gróðurskilyrði ráðast af aldri jarðvegsins eða undirlagsins og hæð yfir sjávarmáli. Yfirleitt er meiri gróður í helluhraunum heldur en apalhraunum. Gróðurinn er yfirleitt mestur í lautum og skjólsælum bollum.



Mynd 47. Aðalbláberjalyng.

Í djúpum sprungum þar sem geislar sólar ná ekki að skína vaxa burknar og graslendisgróður. En í þeim grynnri eru mosablandnir lyngmóar stundum með birkikjarri inni á milli. Bláberja- og krækiberjalyng eru algeng í hraunum (mynd 47). Í hraunum Hítardals sjást nokkrar skógarhríslur á stangli og í Gullborgarhrauni er birkikjarr á nokkrum stöðum, en það er heldur lágvaxið.

## Rof og gróður

Í skýrslunni *Jarðvegsvernd* sem gefin var út af Landgræðslu ríksins og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins 1997 er að finna einstaklega gott yfirlit yfir ástand gróðurs í öllum sýslum og hreppum landsins. Hér á eftir fer stuttur útdráttur úr skýrslunni og helstu rofmyndum, sem finnast á svæðinu, gerð skil. Birtar eru myndir af öllu landinu, til þess að fólk geti borið saman ástand gróðursins við aðra landshluta.


Gervitunglamyndin sem hér birtist sýnir drætti í landslaginu og gróðurlendið (mynd 48). Gróðurinn er rauður og þeim mun dekkri sem liturinn er þeim mun meiri er gróskan. Alvarlegasta rofið á svæðinu er á formi jarðsils, mela, rofdíla og rofabarða.



Mynd 48. Gervitunglamynd.

## Rofabörð


myndast þar sem áfok er nógu mikið til að jarðvegurinn verði tiltölulega þykkur. Jarðvegi í rofabörðum er þeim mun hættara við rofi sem hann er þykkari og rofstallurinn hærri. „Gjóskufall veldur einnig þykknun jarðvegs, sem m.a. skýrir nokkra útbreiðslu rofabarða á Snæfellsnesi. Áður hefur verið bent á að að útbreiðsla rofabarða er nátengd eldvirkninni...” (heimild nr. 40, bls. 90) (mynd 49).



Mynd 49. Rofabörð.

### Rofdílar


eru opin jarðvegssár í annars heilli gróðurþekju. Þeir eru mjög útbreiddir um allt land. Þeir finnast í þýfðu grónu þurrandi en í votlendi og skóglendi eru þeir sjaldgæfir. „Rofdílar eru glögg merki þess að gengið hafi verið of nærrri gróðri, sérstaklega þegar einkunnin er orðin 3 eða hærri” (heimild nr. 40, bls. 93). (mynd 50)



Mynd 50. Rofdílar.

## Jarðsil


er hægur flutningur jarðvegs niður hlíðar vegna svokallaðra kulferla. Við flutninginn myndast stallar eða jarðvegstungur. Jarðsil er algengast í jökulsorfnunum döllum blágrýtissvæðisins. (mynd 51)



Mynd 51. Jarðsil.

## Melar

eru sendin og grýtt opin svæði, með litlum eða engum gróðri. Auðvelt er að græða melasvæði upp á láglendi. „*Mikil útbreiðsla mela með lága rofeinkunn á svæðum sem annars eru talin vel gróin og þar sem rof er lítið gefur til kynna hve landið er viðkvæmt*” (heimild nr. 40, bls. 95). (mynd 52)



Mynd 52. Melar.



Mynd 53. Rof í hlíðum Mjóadals.

### Rof í einstökum sýslum og hreppum

Mjög ítarlegt yfirlit um sýslur og einstaka hreppa er að finna í skýrslunni. Hálendi Eyja- og Miklaholtshrepps er lýst svo:

*„ofan byggðar telst 38% landsins til auðna og fjalla samkvæmt rofkortunum en 33% landsins telst auðnir eða rýrt land á gróðurmýnd. Sá hluti lands þar sem mikið rof á sér stað*

*(einkunnir 4 og 5) er fremur lítill, um 3%, en land með rofeinkunn 3 er mjög algengt (39%). Þar er fyrst of fremst um að ræða jarðsilssvæði (38 km<sup>2</sup>) og mela (20 km<sup>2</sup>). “*

(heimild nr. 40, bls. 118)

Kolbeinsstaðaafréttur fær eftirfarandi umfjöllun:

*„Kolbeinsstaðaafréttur fær mun lakari einkunnir en aðrir hlutar hreppsins. Stór hluti hans telst til auðna og fjallendis (36%), en þar af hafa brattar urðir mesta útbreiðslu (14 km<sup>2</sup>). Jarðsil er einnig mjög algengt (19 km<sup>2</sup>) og því er ljóst að jarðvegur í hlíðum afréttarins er mjög viðkvæmur. Alls hljóta 45% landsins rofeinkunn 3.”*

(heimild nr. 40, bls. 118)

## Rannsóknir

Samkvæmt Herði Kristinssyni á Náttúrufræðistofnun Íslands hafa gróðurrannsóknir á vegum stofnunarinnar farið fram á svæðinu. Þar á meðal í nágrenni Hítarvatns og Langavatns. Þær fólust í tegundaskráningu plantna. Sá gagnagrunnur um plöntuútbreiðslu er til staðar á Akureyrarsetri. Svæðum er þá skipt niður í 10\*10 km. reiti, og plöntur innan þeirra skráðar. Gróflega má áætla að um 2800 plöntuskráningar hafi verið gerðar á svæðinu. Taka verður tillit til þess að algengar tegundir líkt og ilmreyr geta haft um 20 skráningar, en sjaldgæfari tegundir hafa e.t.v aðeins eina eða tvær. Með þennan gagnagrunn við hendina væri hægt að vinna flóru svæðisins; setja saman lista yfir allar tegundir fundnar á svæðinu, tiltaka algengustu tegundir og staðsetja þær sjaldgæfu. Það yrði að vera í höndum sérfróðra manna.

Eftirfarandi listi er byggður á gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands (heimild nr. 37). Staðirnir eru misvel skráðir, á sumum voru aðeins skráðar 4 tegundir annars staðar 100. Þeim stöðum þar sem aðeins fundust 1-3 plöntutegundir er sleppt (merkt rauðt á korti 7):


- Álftafjörður á Snæfellsnesi
- Bjúgkot við Hítarvatn
- Eldborgarhraun
- Foxufell við Hítarvatn
- Gerðuberg
- Gullborgarhraun
- Hítardalur

- Hítarvatn
- Hjarðarfell í Kerlingarskarði
- Hólmur í Hítardal
- Hróbjargarstaðir
- Hrúadalur
- Hrútaborg í Hrúadal
- Hundadalsfjall
- Hundadalur í Miðdolum
- Hvítingshjallar við Hítarvatn
- Kársstaðir í Helgafellssveit
- Klifborg í Hítardal
- Klungurbrekka á Skógarströnd
- Langavatn, Staðartunga og Langá
- Litli-Langidalur á Skógarströnd
- Ljósufjöll
- Melur í Hraunhreppi
- Miðhrauná Snæfellsnesi
- Múlasel í Hítardal
- Narfeyrarfjall á Álftaheiði
- Neðri-Hundadalur
- Neðri-Snjódalur Hítarvatni
- Sátudalsá í Hnappadal
- Skjálg í Kolbeinsstaðahreppi
- Smjörhnjúkur í Hítardal
- Snjódalur
- Sópandaskarð
- Staðarhraun
- Stóraborg á Skógarströnd
- Svarfhóll á Snæfellsnesi
- Syðri-Hraundalur á Mýrum
- Tröllakirkja í Hítardal
- Vatnshlíð við Hítarvatn
- Þverá- og Þverárgil í Heydolum
- Þverá í Eyjahreppi
- Ytri-Rauðamelur
- Ölviskross í Hnappadal

Í grein Eyþórs Einarssonar um gróðurfar á Snæfellsnesi kemur fram að gróðurrannsóknir voru gerðar í Svartafjalli suður af Rauðamelsfjalli, í Hrúadal og við Hrútaborg (merkt blátt á korti 7).


Nokkur skógræktarsvæði eru á svæðinu, þau eru eftirfarandi: Ketilsstaðir í Dalasýslu, nágrenni Hreðavatns og Jafnaskarðsskógar. (heimild nr. 95, 142)  
(merkt grænt á korti 7)

Árið 1996 gaf Náttúrufræðistofnun út skrá yfir þær blómplöntur og byrkninga sem talin voru í útrýmingarhættu (heimild nr. 39). Íslendingar eru aftarlega á merinni í skráningum sem þessum. Þjóðir, sem við berum okkur gjarnan saman við, standa



Kort 7. Gróðurfar

mun framar hvað þetta varðar. Af þessum plöntum eru tvær inni á hinu umrædda svæði. Það eru fjallkrækill sem vex á háfjallamelum og merktur inn á kort í nágrenni Langavatns, og þyrnirós sem vex á gras- og blómlendi, en hún fannst á Skógarströnd (mynd 54).



Mynd 54. Pyrnirós.



Mynd 55. Stör, lyng, mosi og grjót við Rauðamelsölkeldu.



*Mynd 56. Viðkvæmur gróður.*

## DÝRALÍF

### Inngangur

Lítið hefur verið skrifað um dýralíf á svæðinu. Fuglalífi hefur verið gerð einhver skil. Ævar Petersen hjá Náttúrufræðistofnun hefur sett saman gagnagrunn, sem kallast *Sérprentasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands*, þar sem heimildir um fugla eru flokkaðar eftir sýslum landsins. Um Snæfells- og Hnappadalssýslu eru skráðar rúmlega 90 heimildir, um Mýrasýslu eru þær tæpar 50 og einnig um Dalasýslu. Nýjustu heimildir eru frá árinu 1997. Fuglasafn er í veiðihúsinu við Hítará, Lundi. Jóhannes Jósepsson kom því á fót og átti veg og vanda að byggingu veiðihússins (heimild nr. 94) (mynd 55).



Mynd 57. Lundur.

### Sýslurnar

Skýrslan *Fuglalíf í Mýrasýslu* eftir Kristinn Hauk Skarphéðinsson var unnin fyrir Samvinnunefnd um svæðisskipulag Mýrasýslu árið 1997. Árni Waag Hjálmarsson skrifaði um fuglalíf í Snæfells- og Hnappadalssýslu í Náttúrufræðingnum árið 1979. Í heimildum um fuglalífi Dalasýslu er mest ritað um fuglalíf Breiðafjarðareyja. Mun þessi umfjöllun um dýralíf eða fuglalíf byggjast að mestu leyti á fyrrgreindum heimildum.

*„Svo til ekkert hefur verið skrifað sérstaklega um fuglalíf Mýrasýslu. Fyrir um 60 árum birtist afar fróðleg grein eftir Ásgeir Bjarnason frá Knarrarnesi (1938) sem fjallar m.a. um fugla á Út-Mýrum. Ásgeir var aðalheimildamaður danska fuglafræðingsins Richards Hörrings (1905-08) um fuglalíf á Mýrum þegar sá síðarnefndi ferðaðist um landið skömmu eftir aldamótin 1900. “*

(heimild nr. 47, bls. 5)

Á landsvísu er fuglalíf Mýrasýslu vel þekkt. Þótt ekki hafi mikið verið ritað um það hafa einhverjar rannsóknir átt sér stað, og til að mynda hefur verið unnið skipulega að rannsóknum á varp- og farfuglum. Um fuglalíf að vetrarlagi er hins vegar lítið vitað. Fuglalíf er frekar fáskrúðugt til fjalla að vetrarlagi, en meðal þeirra algengustu má nefna hrafn, fálka, rjúpu, músarrindil, auðnutittling, snjótittling, stokkond, gulönd, álfir og svartbak. Mest hefur verið ritað um fugla láglendisins en minna um fugla uppi til fjalla. 59 tegundir hafa orpið í Mýrasýslu og 53 þeirra eru árvissir varpfuglar.

*„Langavatnsdalur er frjósamt flæðiland en fuglalíffþar er ókannað. Sennilega er meira um fugla þar en annars staðar í fjallgarðinum milli Borgarfjarðar og Dala. Þórarinsdalur upp af Hítardal er einnig grösugur en fuglalíf er ókannað.”*

(heimild nr. 47, bls. 19)



*Mynd 58. Grösugur Langavatnsdalur.*

Grein Árna Waags Hjálmarssonar um fuglalíf á Snæfellsnesi byggist á rannsóknum sem hófust í kringum 1960.

*„Landslag í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu er mjög fjölbreytilegt og skilyrði fyrir lífverur þar að sama skapi margbreytileg. Það má með sanni segja, að svæðið sé mótað sýnishorn af landinu í heild”*

(heimild nr. 42, bls 112)

Árni fjallar um staðhætti sýslunnar og leggur áherslu á að landslagið hefur mikið að segja fyrir fuglalífið. Snæfellsnes er frekar hárent. Þar eru tjarnir og vötn,



Mynd 59. Tjörn, Fífa, Rauðháls í Hnappadal.

gil og gljúfur sem ár og lækir hafa mótað í tímans rás (mynd 59). Fyrir ofan 750 m. sést varla háplöntugróður. Fuglalíf breytist samfara breytingum á gróðri. 56 fuglategundir verpa í sýslunni, ekki er vitað með vissu hvort 4 tegundir verpi þar. 5 tegundir farfugla koma þar árvisst.

### Allt svæðið

Fuglar sem vitað er um að búa innan svæðisins, eða hafa sést þar eru tilgreindir hér að neðan, í nokkrum tilfellum er greint frá því hvar þeir fundust (heimild nr. 42, 47):

*Auðnutittlingur*  
er einkennisfugl skóglendis

*Álfí*  
við vötn og tjarnir uppi til heiða (mynd 60)



*Mynd 60. Álfí.*


*Brandugla*  
við Heggstaði, hraun í Kolbeinsstaðahreppi og Hnappadal

*Duggönd*  
við vötn og tjarnir upp til fjalla

*Fálki*  
í hálendisbrúnum, hömrum og giljum

*Flórgoði*  
algengur við litlar startjarnir og við Hreðavatn

*Fýll*  
utan í fjöllum, oft langt frá sjó, til dæmis í Hafursfelli, Grímsstaðamúla, og Svarfhólsmúla (mynd 61)



*Mynd 61. Hafursfell.*

*Grágæs*

*Gulönd*

á Grjótá, Hítará og Haffjarðará

*Haförn*

gömul arnarsetur eru við Langavatn og Hreðavatn, ernir voru nokkuð algengir á Skógarströnd

*Hávella*

við fjallavötn og tjarnir, til dæmis á Rauðamelsheiði

*Heiðlóa*

upp til fjalla, til að mynda í Ljósufjöllum

*Himbrimi*

við öll stærri vötn og tjarnir til heiða, til dæmis við Hítarvatn, Langavatn, Vikravatn og Hreðavatn. (mynd 62)



*Mynd 62. Himbrimi.*

*Hrafn*

til fjalla, í árgiljum og afskekktum döllum

*Hrossagaukur*

*Hvítmáfur*

í fjallasyllum

*Kjói*

strjáll til fjalla

*Krúa*

sést upp til fjalla, en verpir þar ekki

*Jaðrakan*

við Hítarvatn, algeng á Skógarströnd

*Lómur*

algengur við vötn og tjarnir

*Lóupræll*

við Hítarvatn

*Maríuerla*

í Núpadal sunnan Ljósufjalla

*Músarindill*

einkennisfugl skóglendis, finnst í gróðursælum hraunjöðrum, nálægt vötnum og tjörnum, við Hreðavatn,

*Óðinshani*

strjáll til heiða

*Rauðhöfðaönd*

Finnst við tjarnir, til dæmis í Helgafellssveit

*Rjúpa*

sést til fjalla, til dæmis við Svörtufjöll

*Sandlöa*

við Hítarvatn og Langavatn

*Sendlingur*

til fjalla í meira en 250 m hæð

*Skeiðönd*

við tjarnir, til dæmis við Hólmlátursvötn á Skógarströnd

*Skógarþröstur*

einkennisfugl skóglendis, í kjarri eða skógi, finnst við hraunjaðra, til dæmis við Rauðhálsahraun (mynd 63)



Mynd 63. Skógarþröstur.

*Smyrill*

víða í klettum

*Snjótittlingur*

algengur á hálendinu í allt að 500 m hæð

*Spói*

til fjalla

*Steindepill*


í skriðurunnum fjallshlíðum og klettasprungum

*Stelkur*

við Langavatn og Hítarvatn, einnig algengur meðfram ám

*Stokkönd*

upp til heiða



*Mynd 64. Upp til heiða.*

*Straumönd*

einkum við útfall vatna við Hítará, Grjótá, Langá og Haffjarðará, einnig við Oddastaðavatn og Hlíðarvatn

*Svartbakur*

áður fyrr voru vörp við Hítarvatn og Langavatn, á Rauðamelsheiði

*Tjaldur*

við Langá og víða á melum

### *Púfutittlingur*


algengur upp til heiða, en verpir ekki mikið ofar en í 400 m. hæð



*Mynd 65. Brandugla.*

### **Annað dýralíf**

Í Mýrasýslu og Dalasýslu er mikið um ref og mink. Minkurinn er aðallega upp til heiða en refurinn nær byggð. Af fiski er silungur algengur í ám og vötnum og nokkrar af bestu laxveiðiám landsins eru að finna á svæðinu. Þeirra er getið í kafla um vatnafar.




*Mynd 66. Hítarvatn*

## VATNAFAR

### Inngangur

Fjöldinn allur af vötnum er á svæðinu og er veiði í nokkrum þeirra. Með þeim stærri eru Oddastaðavatn, Hlíðarvatn, Hítarvatn, Háleiksvatn, Grjótárvatn, Gufárvatn, Langavatn, Sandvatn, Hreðavatn, Vikravatn (kort 8). Af minni vötnum en þó stærri en  $0,1 \text{ km}^2$  má nefna Eilífsvötn, Götuvötn, Haukabrekkuvatn, Hólmlátursvötn, Lönguvötn, Mávavötn, Svínavatn, Stórhólmavatn. (heimild nr. 45)

Landssamband veiðifélaga gaf út bækur sem kallast *Vötn og veiði*. Í þeim er að finna ýmsar upplýsingar um sum vötnin. Sigurður Már Einarsson, veiðimálafulltrúi Vesturlands, fullyrðir að nokkur vatnanna séu fengsæl, þar á meðal




Mynd 67. Íslensk vatnasvið.

Hítarvatn, Hlíðarvatn, Oddastaðavatn og Hreðavatn, en engar skýrslur eru til um veiði í þeim. En illa gengur að fá skráða veiði í stöðuvötnum á Íslandi. Veiðimálastofnun og Háskóli Íslands hafa staðið fyrir rannsóknum á einhverjum af þessum vötnum en upplýsingar um hvaða fengust ekki (heimild nr. 49). Hér á eftir eru lýsingar á helstu vötnunum. Myndin hér að ofan sýnir hvernig íslenskum vatnasviðum er skipt eftir landslagi og gerð bergsins.

## Einstök vötn

### Langavatn


tilheyrir Mýrasýslu og er í sunnanverðum Langavatnsdal. Hæð yfir sjávarmáli er 215 m og flatarmál þess er  $5,1 \text{ km}^2$  og dýpt 36 m. Það er silungsvatn, og veiðist bæði bleikja og urriði. Himbrimi býr þar á sumrin. Norðan við vatnið er gróskumikið votlendi og fuglalíf er þar mikið. Langá rennur í vatnið að norðan en Beylá að austan. Langá fellur úr því í suðvestri. Hægt er að komast akandi að vatninu frá Svignaskarði.




Mynd 68. Langavatn, Beylárvellir framundan.

### Hítarvatn

er á mörkum Mýra- og Hnappadalssýslu. Það er í 147 m hæð yfir sjó,  $7,6 \text{ km}^2$  að stærð og mesta dýpi þess er 24 m. Hítará fellur úr suðvestur horni þess og ár renna í vatnið að austan og norðan. Mýrar og grasbalar eru við norðurenda vatnsins. Silungur, bleikja og urriði lifa í vatninu. Mikið my er þar við bakkana á sumrin, og var áður fyrr mikið fuglalíf þar en það hefur minnkað talsvert, og kenna menn minknum um. Nýlegt leitarmannahús og tjaldstæði með hreinlætisaðstöðu er við vatnið.



Kort 8. Vötnin



Mynd 69. Við norðurenda Hítarvatns.

### Hlíðarvatn

er í Hnappadal. Það er hraunstíflað vatn, líkt og Oddastaðavatn, og myndaðist er Gullborg gaus. Það er í 78 m hæð yfir sjávarmáli,  $4,4 \text{ km}^2$  að stærð og dýpst 21 m.

*„Kynngimögnum segurð er við Hlíðarvatn þar sem mosavaxnir hraunhólmarnir mara uppúr”*

(heimild nr. 2, bls. 114).

Vatnið er sérstakt að því leyti að í þurrkatíð hættir ofanjarðarrennslið og vatnið sígur í gegnum hraunið svo að vatnsyfirborðið getur lækkað um 3-4 m. Í vatninu er bæði urriði og bleikja. Djúpadalsá rennur í vatnið að suðaustan, Fossá að norðaustan og Hraunholtsá rennur úr því í Oddastaðavatn. 1964 var rekið fljótandi hótel á vatninu, Hótel Víkingur, en reksturinn gekk ekki sem skildi. Segja má að hótelstjórin hafi verið mörgum árum á undan sinni samtíð. Hótelin er nú flotbryggja í Hafnarfjarðarhöfn.



*Mynd 70. Hlíðarvatn.*

### **Oddastaðavatn**

er í Snæfells- og Hnappadalssýslu. Í vatnið renna þrjár ár, Hraunholtsá, Oddastaðaá og Arná. Höfðá og Haffjarðará renna úr því. Umhverfis vatnið eru mýrar, tún og fjöll. Tjaldstæði (án hreinlætisaðstöðu) er að finna allt í kringum vatnið. Ekki eru seld veiðileyfi í vatnið, en það nytjað af eigendum.

### **Vikravatn**

er í Mýrasýslu. Það er silungsvatn og veiðist þar bæði urriði og bleikja. Kletthálsar halda að vatninu. Litlir lækir renna í það og Skammá rennur úr því í átt til Langavatns. Enginn vegur liggur að vatninu og ef menn vilja komast að því verða þeir að vera tilbúnir að ganga um holt og hæðir, mýrar og móa.

### **Gufuárvatn**

er í Mýrasýslu. Hæð þess yfir sjávarmáli er 202 m. Í það renna lækir frá nærliggjandi vötnum og úr því rennur Gufuá í Hvítá Borgarfjarðar. Hæðir ganga upp frá vatninu og gróðursælt er í kringum það. Að vatninu liggur jeppaslóði. Mikil veiði er í vatninu, bæði urriði og bleikja. Veiðileyfi hafa ekki verið seld í vatnið en það er nytjað af eigendum.



*Mynd 71. Hreðavatn og birki.*

### **Hreðavatn**


tilheyrir Mýrasýslu. Flatarmál þess er  $1,14 \text{ km}^2$  og mesta dýpi 20 m. Í það rennur Kiðá og úr því rennur Hrauná í gegnum Grábrókarhraun. Umhverfi þess er einstaklega fagurt. Skógur er mikill og fjallasýnin stórbrotin. Nog er af skjólsælum lautum og bollum fyrir tjaldgesti. Góð berjalönd eru umhverfis vatnið, og vaxa þar bláber, aðalbláber, krækiber, hrútaber, jarðarber og einiber. Urriði og bleikja er í vatninu. Áður fyrr töldu menn vera furðudýr í vatninu, en nú til dags eru þau sjaldséð.

### **Háleiksvatn**

Liggur hæst allra fjallavatna, en það er í 539 m hæð yfir sjávarmáli. Yfir því ríkir mikil kyrrð. Lækir falla í það austan megin og Grjótá rennur úr því í Grjótárdal. Móbergsfjallið Kúfusandur liggur að vatninu sunnan megin og allt í kring tróna fjallstindar og fell.

### **Vatnsföll**

Nokkrar af bestu laxveiðiám landsins eru á svæðinu. Mikill fjöldi veiðikofa og veiðihúsa eru til staðar fyrir veiðimenn.



Mynd 72. Rauðar jarðmyndanir og byggingar, Syðri-Rauðamelskúla og veiðihús við Haffjarðará

### Laxveiðiár

Langá, Hítará, Haffjarðará, Gljúfurá, Urriðaá, Álftá, Veituá, Núpá, Laxá, Dunká, Hörðudalsá, Miðá og Skraumu. Af ofangreindum ám var Langá veiðihæsta áin árið 1998. (heimild nr. 2, 44, 46, 95, 142)

### Silungsár

Hítará, Langá, Urriðaá, Álftá, Veitu, Haffjarðará, Núpá, Hörðudalsá og Miðá.

Hítará var í efsta sæti yfir silungsveiði sama ár. (heimild nr. 2, 44, 46, 95, 142)

### Fossar, gil og gljúfur


Fossar hafa löngum haft mikið aðdráttarafl. Talsverður fjöldi fossa er á svæðinu, að öllum líkindum hafa þeir ekki allir nafn. Kattarfoss í Hítará, Hestfoss í Bakká og Sveðjufoss í Langá eru meðal þeirra.

Árgljúfur og gil gleðja ferðamenn. Kaldá rennur í fallegum gljúfrum á milli Kolbeinsstaðafjalls og Fagraskógarfjalls. Árgljúfur Skraumu þykja falleg og telja má víst að í Ljósufjöllum megi finna falleg gil, sem fjallalækirnir hafa sorfið í tímans rás.


### Að lokum

Á umræddu svæði er ógrynni vatna og áa. Samkvæmt bandarískum rannsóknunum telja náttúruunnendur vatn vera eitt aðalaðdráttarafl náttúrunnar (heimild nr. 126). Enginn vafi leikur á því að vötn og ár svæðisins laða margan manninn að.


Myndirnar tala sínu máli:




Mynd 73. Hestfoss í Bakká, í nágrenni Dunks í Hörðudal.



Mynd 74. Klettar í Langavatni.



*Mynd 75. Bugður og Gljúfurá.*



*Mynd 76. Foss í Langavatnsdal.*



*Mynd 77. Mjóidalur og samnefnd á.*



*Mynd 78. Sveðjufoss í Langá.*

## VEÐURFAR

### Inngangur

Veðurstofa Íslands veitti upplýsingar um þær veðurstöðvar sem staðsettir eru í nágrenni svæðisins og innan þess. Stykkishólmur og Hamraendi eru elstu veðurstöðvar á svæðinu. Veðurstofan á meðaltöl þeirra frá 1961 til 1990. Þær gefa nákvæmar upplýsingar, svo sem meðaltal regndaga hvers mánaðar, meðalhita, meðalhámark og meðallágmark hita, fjölda heiðskírra daga o.fl. Tafla 2 sýnir ýmiss meðaltöl frá Hamraendum. Sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar eru í Kerlingarskarði (frá 1996) og Bröttubrekku, en þær gefa einungis upp hitastig og vindhraða. Þær eru ekki nema 2-4 ára gamlar. Þær gefa því takmarkaðar upplýsingar og engin meðaltöl sem hægt er byggja á. Athuganir á klukkustundarfresti hafa verið skráðar en hvorki sólarhrings- eða mánaðarmeðaltöl hafa verið reiknuð út. Í Hítardal var sett upp úrkomustöð árið 1995. (heimild nr. 52, 53)


Hjörleifur Ólafsson hjá Vegagerð ríkisins gaf upp hvers konar upplýsingar væru skráðar um veðurfar og umferð á vegum. Færð á vegum er færð inn daglega fyrir Bröttubrekku, Kerlingarskarð og Heydal. Til eru upplýsingar síðustu 30 ára, um rigningu, vindhraða, hálku, fjölda bíla o.fl. Þær upplýsingar eru óunnar og því væri mikið verk og tímafrekt að vinna úr þeim og fá þannig nákvæmar upplýsingar og meðaltöl.

### Almennt

Í bókinni *Hvernig viðrar?* eftir Markús Á. Einarsson er að finna upplýsingar um veðurfar á landinu í heild og þar eru birt meðaltöl ýmissa veðurfarsþátta. Hér eru nokkur dæmi:

### Úrkoma

Árlegur meðalfjöldi úrkomudaga 1971-1980 í hundraðshlutum alla daga ársins. Úrkoma á svæðinu er heldur minni en til að mynda á utanverðu Snæfellsnesi eða á Suðurlandundirlendinu (mynd 79).



Mynd 79. Úrkoma


Tafla 1. Mánaðarúrkoma í Hítardal (valdir mánuðir)

Hítardalur Mánaðarúrkoma (mm)		apríl	júní	september	nóvember
1995				85.4	38.5
1996		59.7	74.5	182.7	48.6
1997		132.1	26.1	214.2	103.1
1998		18.6	5.7	45.7	182.6

### Snjór/regn

Hlutfall úrkому sem snjór eða regn. Svæðið er augljóslega snjólétt.


(mynd 80)



Mynd 80. Hlutfall úrkому sem snjór

## Meðalárshiti


50 ára meðalárshiti frá 1936-1985. Meðalárshiti á svæðinu er samkvæmt kortinu um 2-4 °C (mynd 81).



Mynd 81. Meðalárshiti.

## Hitastig-vetur


Meðalhiti vetrar á Íslandi frá 1936-1985. Á stórum hluta svæðisins er hitastig á veturna undir -2 °C (mynd 82).



Mynd 82. Hitastig vetrar.

## Hitastig-sumar

Meðalhiti sumars á Íslandi frá 1936-1985. Vesturland er eitt af hlýrri svæðum á landinu. En hitinn er ávallt lægri upp til fjall en á láglendinu, það sést greinilega á kortinu. Hiti er hæstur á Suðurlandi yfir sumarmánuðina (mynd 83).



*Mynd 83. Hitastig sumars.*

## Sýslurnar

Norðaustanátt er ríkjandi á veturna í Mýrasýslu (heimild nr.142). Á sumrin eru hins vegar suðvestlægar og vestlægar áttir algengari. Snjóalög eru misjöfn, þótt Borgarfjörður og nágrenni sé talið eitt af snjóléttari svæðum landsins getur skafrenningur verið mikill og valdið miklu aðfenni. Finnbogi Leifsson bóndi í Hítardal fullyrti að snjólétt væri í Hítardal.

Í svæðisskipulaginu sem unnið var fyrir Dala- og Austur-Barðastrandarsýslu er veðurfari sýslnanna gerð skil. Áhrifa lægða og regnsvæða á N-Atlantshafi gætir og veðráttan er því mild og úrkoma mikil, en vetur frekar snjóléttir. Norðaustanátt er ríkjandi. Af ofangreindu er ljóst að munur er á veðurfari norðan og sunnan megin á Snæfellsnesi.

Tafla 2. Meðaltöfl frá Hamraendum


HAMRAENDAR		janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	september	október	nóvember	desember	ár
Fjöldi úrkomudaga	16.4	15.1	17.3	15.3	11.8	13.9	14.6	15.3	15.8	17.7	16.2	17.3	18.7	
Fjöldi regndaga	4.9	4.6	4.7	6.8	9	13.3	14.5	15	13.3	12.1	6.6	5.1	110.2	
Fjöldi snjó/slyddudaga	11.5	10.4	12.6	8.5	2.7	0.6	0	0.2	2.4	5.6	9.6	12.2	76.8	
Meðalhitti (°C)	-1.9	-1.1	-0.9	1.8	5.1	8.3	10	9.5	6.3	3.2	-0.1	-1.6	3.2	
Meðallámark (°C)	0.8	1.3	1.4	4.3	8.2	11.4	12.9	12.4	8.9	5.5	2.3	1.1	5.9	
Meðallágmark (°C)	-4.7	-4	-4	-1.4	1.9	5.2	7	6.6	3.5	0.6	-2.8	-4.5	0.3	
Hæsta hámark	10	10.1	14.1	15.1	22	21.5	23.5	20	18	15	12	11	23.5	
Lægsta lágmark (°C)	-20.4	-20.5	-19.9	-19.9	-11.4	-2.9	0	-2	-5.9	-12	-15.9	-20	-20.5	
Fjöldi heiðskírra daga	0.7	0.5	0.4	0.4	0.7	0.4	0.2	0.5	0.4	0.3	0.3	0.5	5.7	
Meðalvindhraði (hn)	8.6	9.3	8.7	7.4	6.6	5.5	4.9	5.2	5.8	6.4	7.4	8	7	

## MENNING

### ALMENNT

Menning og náttúra eru óaðskiljanleg. Sum svæði eru þekkt fyrir náttúrufegurð önnur fyrir mikla sögu. En menning og náttúra er ein heild, sem erfitt eða ógerlegt er að rjúfa. Í könnun sem gerð var meðal erlendra ferðamanna á Íslandi kom í ljós að íslensk náttúra og menning höfðu mest áhrif á val þeirra um að koma til landsins (heimild nr. 131).

Menning er vítt hugtak. Þróun atvinnulífs, Íslendingasögur, fornleifar, þjóðsögur, byggðassöfn og lifnaðarhættir, allt þetta telst til menningar.



*Mynd 84. Menningararfleið Íslendinga.*

Ágangur ferðamanna og ör þróun ferðapjónustu hefur leitt til þess að óbætanleg menningarsöguleg verðmæti hafa farið forgörðum. Þegar bændur bregða búi glatast oft náttúru- og menningarmínjar. Norðurlöndin hafa stofnað nefnd til þess að vinna drög að framkvæmdaáætlun um varðveislu menningarminja í landslagi, og hófst hún handa árið 1994. Ragnar Frank Kristjánsson er fulltrúi Íslands í nefndinni. (heimild nr. 142, bls 67)

*„Í sumum löndum er varðveisla náttúruminja og söguminja á sömu hendi. Fyrir því eru góðar ástæður þar sem saga manns og náttíru er oft nái... Ýmis náttúrufyrirbæri þótt ekki séu framúrskarandi á landsmælikvarða geta haft sitt mikilvægi vegna nágrennis við þéttbýli, alfaraleið eða vegna sögulegra atvika.“*

(heimild nr. 77, bls. 32)

Pví miður vannst ekki tími til að taka menningu svæðisins sérstaklega fyrir, enda væri slík vinna ekki á færi einnar manneskju á þremur mánuðum. Af viðtali við Sigrúnu Ástu Jónsdóttur, safnvörð Byggðasafnsins í Stykkishólmi, má ráða að áhugi er fyrir því að gera menningu og sögu landshlutans betri skil og koma upplýsingum um sögu hans og menningu á aðgengilegt form.

Í nágrenni aðalsvæðisins eru nokkur byggðasöfn; Byggðasafn Borgarfjarðar í Borgarnesi og Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla. Þar að auki er búvelasafn á Hvanneyri, safn í Bjarnarhöfn og til stendur að opna Náttúrufræðistofu Vesturlands seit á þessu ári. Byggðasafnið í Stykkishólmi er aðeins opið á sumrin. Lítill fjárfamlög takmarka starfsemi þess. Á safminu eru til sýnis ýmsir gamlir hlutir sem tengjast sögu svæðisins (heimild nr. 140, Sigrún Ásta Jónsdóttir).

*„Ferðapjónusta og afþreying geta stuðlað að varðveislu menningarminja, því báðir þættir renna fjárhagslegum stoðum undir framtíð byggðarlaga og þar með viðhaldi menningararfsins....Mikilvægt er að heimamönnum verði gert kleift að taka ákvarðanir um verndun menningarminja.“*

(heimild nr. 142, bls. 67)

Sögusmiðjan er fyrirtæki sem býður upp á þverfaglega þjónustu og sérhæfir sig í miðlun þjóðfræða og sögu. Sögusmiðjan hefur unnið að verkefni á Ströndum með góðum árangri. Sögu og menningu svæðisins voru gerð skil, og upplýsingum þar að lútandi komið á aðgengilegt form fyrir ferðamenn. Heimamenn voru með í ráðum og tóku þátt í uppbyggingu ferðapjónustunnar. Framtak þeirra er um margt aðdáunarvert, og er gott dæmi um það hvernig koma má sögu og menningu tiltekins svæðis á framfæri við ferðamenn og heimamenn. (heimild nr. 63)

## FORNLEIFAR

### Inngangur

Upplýsingaöflun um fornleifar svæðisins leiddi í ljóst að ekki hefur verið lokið við eiginlega fornleifaskráningu í sýslunum þremur (heimild nr. 59) Orri Vésteinsson hjá Fornleifafræðistofnun fullyrti að fornleifaskráning á svæðinu væri ekki til og sagði jafnframt að Vesturland væri frekar illa statt hvað skráningu fornleifa varðaði, eða eins og hann orðaði það “Vesturland er dauður staður hvað varðar fornleifaskráningu”.

Samkvæmt þjóðminjalögum teljast allar þær minjar 100 ára og eldri til fornminja (heimild .Fyrstu drög að fornleifaskráningu Mýrasýslu) Af þeim fornminjum sem til eru á Íslandi hafa einungis 3% fundist (heimild nr. 61).

### Sýslurnar


Í svæðisskipulagi Dala- og Austur-Barðastrandarsýslu eru friðlýstar minjar listaðar. Þær sem ná inn á svæðið eru eftirtaldar:

- Dunkur í Hörðudal- smiðjutóft og steðjasteinn
- Hraf nabjörg í Hörðudal- rústir lauga í Laugardal
- Afréttarland í Miðdolum- Grettisbæli í Sökkólfssdal
- Hundadalur í Suðurdolum- “Grænatóft” í Hundadalsnesi

Samkvæmt Magnúsi Sigurðssyni, minjaverði Vesturlands hafa fornminjar í Snæfells- og Hnappadalssýslu verið skráðar, en þó aðallega á utanverðu Snæfellsnesi. Hann vissi til þess að fornminjar í Stykkishólmi og nágrenni hefðu verið skráðar.

Drög að fornleifaskráningu hafa verið gerð fyrir Mýrasýslu. Margrét Guðjónsdóttir á Hvassafelli og Karl Rúnar Þórsson höfðu umsjón með henni. Í handritinu eru merktar inn friðlýstar minjar, fornminjar, forn- og söguminjar. Aðallega var unnið var upp úr heimildum. Þeir staðir sem líklegastir voru til að geyma fornminjar voru merktir á kort. Vinna þeirra fólst einnig í því að kenna heimamönnum hvernig fáera ætti inn upplýsingar um þá staði þar sem fornleifar væri að finna. Er það mikilsvert framtak og á vonandi eftir að tryggja að eiginleg fornleifaskráning verði gerð í sýslunni. Skipulagsstofnun geymir afrit skýrslunnar. Hér á eftir fer stuttur kafli úr henni til að menn geti áttað sig á því í hverju vinna þeirra fólst.

Langavatnsdalur er um margt merkilegur. Hann er tekinn sem dæmi úr skýrslunni (mynd 85, 86, 87, 88):



Myndir 85. Langavatn framundan.

„Um Langavatnsdal segir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín á bls. 378: *Langavatnsdalur heitir eyðipláss í fjöllum þeim, er liggja á milli Mýrasveita og Breiðaffjarðardala. Það er almenn sögn og fyrir satt að haldið, að í þessum dal hafi að fornú byggð verið og lítil sveit. Kemur mönnum ekki saman um tölu bæjanna, hvað margir verið hafi...* Þessi sveit skal eyðilagast hafa í plágunni miklu, þá er hér var pest á landinu Anno 1400.

Brynjúlfur Jónsson rannsakaði Langavatnsdal sumarið 1895. Leitar hann að Vatnsenda, Hafursstöðum, Borg, Hurðarbaki, Torfastöðum og Sópanda. Sér hann einungis merki byggðar á Borg. (Árbók hins íslenzka fornleifafélags, 1896, bls. 14-6)

**Torfhvalastaðir** Hauksbók Landnámu, greinir frá landnámi Langavatnsdals, þar býli Bersa goðlauss Bálkasonar, Torfhvalastaðir reyst. Um nánari staðsetningu er ekki vitað. (BB III, bls. 228).



Mynd 86. Torfhvalastaðir nútímans, gangnamannaskáli við Langavatn.

**Borg** var einn þeirra þriggja bæja er Jarðabók nefnir og var að sögn kirkjustaður (ÁM, PV. Fjórða bindi, bls. 379). Nýbýli var reist á Langavatnsdal í upphafi 1811. Var talið að bæjarhúsin hefðu verið byggð á svipuðum stað og bæjarhúsin á Borg stóðu fyrrum. Hjónin sem byggðu sér þar býli hétu Sæmundur Pálsson og Þorbjörg Sveinsdóttir....(Jón Helgason greinir nokkuð frá búskap í Langavatnsdal í bók sinni "Íslenzkt Mannlíf II, bls. 166-198)

**Klaufarkot** í Byggðum Borgarfjarðar segir um Klaufarkot: "Klaufarkot var hjáleiga við túngarð á Borg, í byggð um 1690. Varaði byggðin fáein ár, að því er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir". Getgátur eru um að Klaufarkot hafi staðið fyrir austan tún á Borg, við örnefnið Klaufhamar (BB III, bls 227).

**Hafursstaðir/Hafrastaðir** Jarðabókin taldi jörðina til eigna Akrakirkju en fram kemur að Akramenn hafi ekkert gagn haft af jörðinni lengi. Að sögn Jarðabókar sást árið 1709 hvergi móta fyrir "girðingum", þ.e. landamerkjum (ÁM, PV. Fjórða bindi, bls. 379). Talið er líklegat að jörðin hafi verið vestan Langavatnsdalsár gegnt Borg, en þar er að finna örnefnin Hafradal og Hafradalseyrar (BB III, bls. 227).

**Vatnsendi** Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns greinir frá því að 1709 hafi þar enn sést "byggðamerki forn" (ÁM, PV. Fjórða bindi, bls. 379).

Í nýútkominni Árbók Ferðafélags Íslands 1997 segir:  
"...að í Langavatnsdal hafi fyrrum, líklega fram að Svartadauða (1402), verið 12-13 bær með kirkjustaðnum Borg, og sjáist enn til margra bæjarrústa" (Árbók FÍ, bls 64)."

(heimild nr. 65, bls.98-99)



Mynd 87. Fyrir botni Langavatnsdals, Víðidalur fyrir miðri mynd.

Saga úr Langavatnsdal:

„Vorið 1811 fluttu örsnauð hjón, Þorbjörg og Sæmundur Pálsson austan úr Árnессýslu í Langavatnsdal ásamt fjórum börnum. Tvö elstu börnin hétu Guðrún og Páll. Var Sæmundur fimmtugur, Þorbjörg fertug, Guðrún um tvítugt, en Páll nokkrum árum yngri. Ekki var bústofnin stór, nokkrar ær, hross og ef til vill kýr, en um það er ekki vitað. Um sumarið byggði fjölskyldan bæ og gripahús á litlum hól í miðjum dal, þar sem talið var að bærinn Borg hefði staðið. Eitthvað mun hafa verið heyjað um sumarið, veiði stunduð í vatninu og ber og fjallagrös tínd til búdrýginda. Engar sögur fara af samskiptum þessa fólks við nágrannanna, en efalaust hafa þessir frumbýlingar þótt litlir aufúsugestir þarna inni á afréttum byggðarmanna og menn frekar amast við þeim en stutt til lífsbjargar.

Næsti vetur var mjög harður og fékk fjölskyldan á Borg að finna fyrir því. Í apríl dóu tvö yngri börnin, drengur og telpa, úr kulda og kröm. Varla hefur trjáviður verið til í kotínu, svo unnt væri að búa um þau í kistu. Því er líklegast að Sæmundur hafi lagt lík barnanna á bak sér og flutt þau þannig að Stafholtskirkju en þangað varð að flytja líkin til greftrunar því Borg tilheyrdi þeirri sókn.

Þótt þessi sorg hefði heimsótt heimilið að Borg heim hafði hún engin áhrif á búsetu fólksins. Næsta sumar var kalt og líttill heyfengur að hausti. Veturinn var harður og jarðbönn í dalnum. Í febrúar drapst eldurinn í hlóðunum á Borg, og fór Sæmundur þá að Grísatungu sem var næsti bær, til að sækja eld en á heimleiðinni varð hann úti í hríðarveðri. Þegar mæðgurnar fór að lengja eftir bónda, fór Guðrún að Grísatungu og fékk sannar fréttir af föður

sínum. Var hafin leit og fannst lík Sæmundar vestur á Staðartungu átta dögum síðar.

Pessar hörmungar buguðu ekki Þorbjörgu, heldur ákvað hún að búa áfram í dalnum. Fjölskyldan gat þraukað af sumarið og fyrri hluta næsta vetrar, en er kom fram á útmánuði var allur matur upp urinn á heimilinu. Var Guðrún þá send að Hlíð í Hörðudal eftir matarbjörg. Einhverja úrlausn fékk hún þar, en á heimleiðinni gekk hún fram á hest sem hún tók með sér heim. Þar var hann dreppinn stuttu síðar. Þegar

hestsins var saknað féll grunur á Guðrúnu. Var þá farið að Borg og gerð þjófaleit. Fannst kjötið af klárnum grafið í snjóskafl. Var þá ekki eftir neinu að bíða, mæðgurnar og Páll voru handtekin og flutt sem sakamenn til sýslumannsins í Síðumúla í Hvítársíðu. Þar var þingað og dæmt í málinu. Refsing Þorbjargar var 30 vandarhögg, Guðrún hlaut 20 en Páll litli slapp fyrir æsku sakir. Þar með lauk þessari harmsögu. .... (Heimild: Jón Helgason *Íslenskt mannlíf I*)

*Ekki hafa fleiri reist bú í Langavatnsdal eftir daga Þorbjargar, enda hafa Mýramenn notað hann sem afrétt fyrir búsmala sinn frá þeim tíma. “*

(heimild nr. 70).



Mynd 88. Horft suður úr Langavatnsdal.

# GRÆN FERÐAMENNSKA


## INNGANGUR

Græn, eða umhverfisvæn ferðamennska og þjónusta eru ný hugtök á Íslandi. Líklega eru fæstir sem vita hvað felst í hugtakinu græn ferðamennska. Hér á landi er einungis ein ferðaskrifstofa sem býður upp á graena ferðaþjónustu. Ekki svo að skilja að ferðaþjónustuaðilar og íslenskir ferðamenn séu ekki meðvitaðir um umhverfi sitt og mikilvægi þess að ganga vel um þær náttúruauðlindir sem við eigum.

Í dag er ferðaþjónusta helsti atvinnuvegur jarðarbúa og fjöldi þeirra sem ferðast eykst ár frá ári (heimild nr. 143). Ísland hefur ekki farið varhluta af þessari þróun. Á síðustu 10 árum hefur fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi tvöfaldast (heimild nr. 122, bls. 1) og þrefaldast á síðustu 20 árum (heimild nr. 156). Hinn aukni ferðamannastraumur hefur og mun hafa enn meiri áhrif á ástand og ásýnd landsins. Vinsælir ferðamannastaðir líkt og Landmannalaugar eru yfirfullir af fólk yfir sumarmánuðina, og skipulagning þeirra í lágmarki, eða alls engin (heimild nr. 134). Hálendið, hin ósnortnu víðerni \* og náttúran er aðalaðdráttarafl þessarra staða (heimild nr. 145). Ágangur manna er mikill og ferðamannastaðirnir bera þess merki. Þótt færri ferðamenn dveljist næturlangt á hálendinu en árið 1990, er skipulagningar þörf. Þeir gista nú í auknu mæli á jöðrum hálendisins (heimild nr. 156). Því okkur ber skylda til að viðhalda þeirri sérstöðu sem íslensk náttúra býr yfir (heimild nr. 134). Nauðsynlegt er að minnka átroðning á vinsælustu ferðamannastöðunum og læra af þeim mistökum sem gerð hafa verið við skipulagsleysi þeirra.


\* „Ósnortið víðerni: Landssvæði sem er a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er f a.m.k. 5 km. fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarhlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkjá mannsins og náttúran fær að þróast án álags vegna mannlegra umsvifum.“

(heimild nr. 127)



Mynd 89. Fjallasýn.

Græn ferðamennska leggur áherslu á að umhverfisáhrif ferðamennsku séu sem minnst og setur varðveislu viðkvæmra vistkerfa og náttúruauðlinda í fyrsta sæti. Jafnframt leggur hún áherslu á að auka þátt heimamanna í uppbyggingu ferðaþjónustunnar og koma þar með málunum í hendur þeirra er þekkja svæðið best og vilja varðveita það (heimild nr. 87). Ferðamálastofnun sameinuðu þjóðanna spáir því að ýmsir nýir ferðamöguleikar svo sem græn ferðamennska og ævintýra ferðamennska verði ráðandi á næstu öld. (heimild nr. 90)



Mynd 90. Græn.

## SKILGREININGAR

Hugtakið græn ferðamennska á rætur að rekja til 8. áratugarins (heimild nr. 87, bls. 30). Erlendis hefur græn ferðamennska verið að ryðja sér til rúms á síðastliðnum áratugum. Hugtakið græn ferðamennska kom til vegna þeirra umhverfisspjalla sem ágangur ferðamanna hafði í för með sér (heimild nr. 79, bls. 72). Hefðbundin ferðamennska þótti ekki taka nægilegt tillit til vistfræði og samfélags viðkomandi staða, heldur lagði mesta áherslu á að auka tekjur ferðaþjónustuðnaðarins (heimild nr. 87).

Skilgreiningar grænnar ferðaþjónustu eru fjölmargar. Græn ferðamennska og sjálfbær ferðamennska er ekki samheiti. Græn ferðaþjónusta er sjálfbær, ásamt öðru.

*„Sjálfbær ferðamennska er öll uppbygging, skipulagning og þróun ferðamennsku sem hefur það að markmiði að viðhalda heilleika og varanleika náttúrulegs, félagslegs og efnahagslegs umhverfis, náttúrulegra, manngerðra og menningarlegra auðlinda.“*

(heimild nr. 73, bls. 65)

Hagfræðingar, stjórnmálamenn, vísindamenn og umhverfissinnar hafa ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu um skilgreiningu sjálfbærrar þróunar og munu líklega seint gera það. Sjálfbær þróun var skilgreind í Brundtland skýrslunni árið 1992:

*„Sjálfbær þróun er liður í framkvæmd staðbundinnar þróunarstefnu, sem miðar að því... að verða við kröfum samtímans án þess að stofna í hættu möguleikum til að verða við kröfum komandi kynslóða.“*

*(Brundtlandskýrslan , Heimsnefnd Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál)*

(heimild nr. 73, bls. 48)

*“Sjálfbær þróun er lykilhugtak í samskiptum manns og náttúru og hefur það að leiðarljósi að framtíðarkynslóðir taki við jörðinni gjöfulli og hreinni en nútímakynslóðir tóku við henni.”*

(heimild nr. 120)

### Nokkrar skilgreiningar grænnar ferðamennsku

*„...græn ferðamennska er sjálfbær ferðamennska sem sameinar ferðalög og umhyggju fyrir og fræðslu um umhverfið, hagnaðurinn hennar á að mestu leyti að renna til heimamanna.“*


(heimild nr.79, bls. 72,)

*„Græn ferðamennska er sjálfbær og á að vernda í því skyni bæði vistfræði og menningu viðkomandi svæðis. Hún á að beita sér fyrir verndun bæði menningar og náttúru. Athafnasemi verður að miðast við burðarþol umhverfisins.“*

(heimild 153, bls. 11)

*„Græn ferðamennska er sjálfbær ferðamennska sem byggist á náttúruskoðun og umhverfisáhrif eiga að vera í lágmarki. Hún á að vera neyslugrönn og heimamenn eiga að vera með í ráðum og hagnaður á að renna að mestu til þeirra. Hún leggur áherslu á varðveislu og verndun náttúrunnar.“*

(heimild nr.87, bls. 43)



Mynd 91. „Vestast“ Hafdís Ólafsdóttir.

## MEGINEINKENNI GRÆNNAR FERÐAMENNSKU

Eftirfarandi kafli er að mestu leyti byggður á skrifum Ara Trausta Guðmundssonar um græna ferðamennsku. En kafli um græna ferðamennsku í Svíþjóð er birtist í hefti World Wide Fund hafður til hliðsjónar, ásamt skrifum David Fennell (heimild nr. 87, 153). Umhverfisvæn eða græn ferðamennska hefur eftirfarandi sex megineinkenni:

**Græn ferðamennska felur í sér ferðalög til staða og svæða þar sem náttúra og umhverfi hafa sérstakt gildi í augum ferðamannanna. Mörg svæðanna eru friðlýst.**

### Skýring:

Markmið ferðalaga á grænum nótum er langoftast náttúruskoðun eða mannlíffsskoðun, eða blanda af hvoru tveggja. Yfirleitt eru staðirnir heimsóttir vegna náttúrufegurðar, sérstæðrar náttúru eða erfiðra náttúruskilyrða. Hinar grænu áherslur koma þá fram vegna þess að umhverfisvernd kallar á þær, ferðamatinn býður upp á slíkt, ferðamennir eru áhugasamir um umhverfisvernd og sækjast eftir grænni ferðaþjónustu.

### Aðlögun Vesturlandsverkefnisins:

Vesturlandssvæðið fellur vel að grænni ferðaþjónustu. Þar er náttúrufegurð mikil og allt umhverfis meginhlendið er byggð sem stendur á gömlum merg, bæði á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs. Svæðið er afar lítið nýtt til ferðamennsku og því eðlilegt að hún sé þróuð frá grunni í samræmi við framsækin markmið vistvænnar ferðaþjónustu.

**Ferðahættir hafa sem minnst áhrif á umhverfið og heimamenn. Öll ferðamennska veldur raski eða mengun. Reynt er að halda áhrifum í lágmarki með öllum ráðum.**

### Skýring:

Hér koma fram áherslur sem varða alla þætti ferðaþjónustu. Reynt er að halda samgöngumannvirkjum, vegagerð og stígum í lágmarki. Gisting er skipulögð þannig að hún hafi sem minnst áhrif á umhverfið; byggingar falli vel að umhverfinu og séu gerðar úr eftum sem nóg er til af og menga ekki. Orka á að vera endurnýjanleg og sem hreinlegust, vatn gott, frárennsli og úrgang skal meðhöndlala þannig að þau skaði sem minnst. Veiðar og nýting jarðargrða á að vera sjálfbær. Stundum er nauðsynlegt að takmarka aðgang að svæðum.

## Aðlögun Vesturlandsverkefnisins:

Vesturlandssvæðið er lítt unnið hvað varðar samgöngur og gistingu. Því er hægt að hanna þá þætti með sjálfbæra þróun að viðmiði. Innkomuleiðir á svæðið, göngustígar og reiðleiðir eru að nokkru fyrir hendi en allt slíkt þarf að endurskoða og endurskipuleggja með heildarsýn í huga. Fáar nothæfar byggingar eru á inni á aðalsvæðinu, aðeins í jaðri þess, býli og tveir kaupstaðir (Stykkishólmur og Búðardalur). Því er hægt að skipuleggja gistingu frá grunni, þ.e. þann hluta sem er utan byggðar. Raforka er auðsæ, vatn sömuleiðis og allt fyrirkomulag fráveitna og sorpmála má vinna frá grunni með græn markmið í huga. Ekki er um teljandi rányrkju af neinu tagi að ræða á svæðinu; t.d. er beit í nokkru jafnvægi við gróðurframvindu og stangveiði takmörkuð. Fyrst um sinn er ólíklegt að nota þurfi ítölu ferðamanna á svæðinu nema ef vera skyldi á tilteknunum sviðum (t.d. fuglaskoðun, veiði).

**Græn ferðamennska eflir umhverfissinnaða afstöðu með ferðamönnum, þjónustuaðilum og íbúum. Hún eykur skilning ferðamanna á menningu og náttúru svæðisins. Hún gefur heimamönnum tækifæri til þess að læra um heimahagana á öðrum forsendum en þeir hingað til þekkja. Heimamenn hafa mikilvægu hlutverki að gegna, þeir eru fyrirmund gesta sinna. Hafa ber hugfast að þekking er grunnur grænnar ferðamennsku**

## Skýring:

Græn ferðamennska menntar þá sem hana stunda. Mikilvægt er að til sé efni; í mynd-eða stafrænu formi um ferðasvæðið, til fræðslu um það, sem og efni um hvernig skuli hegða sér á ferðaslóðunum. Græn ferðamennska gengur út frá því að ferðamenn séu upplýstir um það svæði sem þeir ferðast til. Þá er gert ráð fyrir því að sérmenntaðir leiðsögumenn vinni á svæðinu og að unnið sé að því að mennta heimamenn, bæði hvað varðar græna ferðamennsku og sérkenni og sögu svæðisins sjálfs. Kunnnáttu ferðaþjónustuaðila í málefnum náttúruverndar og lögmálum vistfraði er mikilvæg, þeir eiga að miðla þekkingu sinni og vera fordæmi annarra. Græn ferðamennska gerir líka ráð fyrir að ferðaslóðirnar séu beinlínis nýttar til fræðslu um náttúru, menningu og umhverfisvernd með skipulagðri ferðaþjónustu á þeim sviðum.

## Aðlögun Vesturlandsverkefnisins:

Vesturlandssvæðið er tilvalið sem uppsprettar þekkingar. Það hefur afar fjölbreytta möguleika til nýtingar enda fjölbreytt að eðli. Hins vegar er lítið til af efni um það og brýnt að unnið verði að gerð þess samhliða þróun og skipulagningu ferðaþjónustu þar. Ekki er vitað til þess að svæðaleiðsögumenn séu til á svæðinu nema í Stykkishólmi. Töluberð verkefni liggja því fyrir í sambandi við staðbundna fræðslu og aðlögun umgengnisreglna við land og lífríki. Bændur þekkja heimahagana og eru

upfullir af fróðleik og þekkingu sem synd væri að miðla ekki af. En slíka leiðsögn þarf að skipuleggja vel. Ef heimamenn eru meðvitaðir um mikilvægi varðveislu náttúrunnar og búa yfir þekkingu í umhverfismálum þá munu þeir beita sér fyrir umhverfisvænum rekstri.

**Græn ferðamennska á að leiða til náttúruverndar og hagnaður á að renna að mestu leyti til heimamanna. Hún gefur af sér fjármagn til svæðisbundinnar náttúruverndar. Eðlilegt er að heimamenn séu með í ráðum, því þeir ganga vel um það land sem afkoma þeirra byggir á.**

#### **Skýring:**

Græn ferðamennska getur og á að leggja til fé til réttrar nýtingar ferðaþjónustusvæða. Það er gert með gjöldum á fyrirtæki eða einstaklinga, sköttum á þjónustu og frjálsum framlögum; meðan tryggt er að fjármunir skili sér til þess sem þeir eru ætlaðir. Sjaldnast er um háar fjárhæðir að ræða. Mjög oft er hluti fjárins nýttur til rannsókna og þróunar. Ferðaþjónustuaðilar ættu að sýna fordæmi og leggja fé til náttúruverndar.

#### **Aðlögun Vesturlandsverkefnisins:**

Því miður er umræða um gjöld vegna þróunar ferðaþjónustu og umhverfisverndar stutt á vega komin á Íslandi. Til eru gjaldstofnar sem eiga að renna til slíks en eru nýttir til annars. Hvað Vesturlandssvæðið varðar þyrfti að setja lög eða reglur t.d. með því að stofna þjóðgarð eða friðland til þess að setja gjöldum og notkun þeirra ramma. Einnig eiga heimamenn að koma að allri ákvarðanatöku í þessu sambandi. Engar sérstakar rannsóknir virðast fara fram á svæðinu, umfram það sem fram fer sem liður í almennum rannsóknum, kortlagningu o.fl. Sérstök gjöld, í hæfilegu lágmarki, myndu nýtast til uppbyggingar ferðaþjónustunnar ásamt styrkjum, opinberum framlögum og reglulegri atvinnustarfsemi.

**Græn ferðamennska skilar hagnaði til heimamanna og auðveldar þeim að hafa áhrif á hagsmunamál sín. Það felur í sér styrkingu atvinnu og iðnaðar sem eru á svæðinu.**

#### **Skýringar:**

Græn ferðaþjónusta verður aðeins að veruleika ef heimafólkið er ánægt og tekur þátt í uppbyggingu og rekstri ferðaþjónustunnar. Fastir þjónustulidi, svo sem leiðsögn og flutningur fólks inn á svæðið á að vera í höndum heimamanna að hluta, samvinnuverkefni að hluta og í öðrum tilvikum í höndum fyrirtækja utan svæðisins. En þá er lögð áhersla á að fyrirtækið sé innlent. Á Íslandi er veruleg valddreifing í samfélaginu þannig að rammi sjálfbærrar og staðbundinnar ferðaþjónustu er víður og nokkuð traustur. Ferðamenn styðja við bakið á heimamönnunum með því að kaupa

vörur og gista inni á svæðinu. Með stuðningi ferðamanna eiga heimamenn auðveldara með að bæta ferðaþjónustuna innan svæðisins.

### Aðlögun Vesturlandsverkefnisins:

Með því að taka sveitarfélög og ferðamálasamtök eða fyrirtæki inn í þróunarferli verkefnisins þegar í byrjun er betur en ella hægt að tryggja að heimamenn verði bæði með í ráðum og komi til með að sinna rekstri í ferðaþjónustu á svæðinu. Hér koma líka við sögu bæði hugmyndir að þjónustu, leiðir til að afla fjármagns til uppbyggingar og leiðir í hagkvæmum og umhverfisvænum rekstri. Verkefni Línuhönnunar er að leggja fram hugmyndir og benda á leiðir til að raungera þær. En síðan er það annarra að velja úr og vinna að því að koma hugmyndunum á framkvæmdastig.

**Virðir menningu og siði heimamanna. Heimamenn eiga að hvetja ferðaþjónustuaðila til þess að brýna fyrir ferðamönnum að bera virðingu fyrir menningu og náttúru viðkomandi svæðis.**

### Skýringar:

Græn ferðamennska leitast við að sneiða hjá neikvæðum áhrifum á mannlíf á ferðaslonum. Hitt er svo ljóst að samskipti fólks valda breytingum fyrr en síðar og ber ekki að líta á það sem neikvætt í flestum tilvikum. Bæði er um það að ræða að virða siði og framkomu fólks og nýta þau tilboð menningar, afþreyingar, matar og minjagripa sem bjóðast innan svæðisins.

### Aðlögun Vesturlandsverkefnisins:

Nýta skal heimafengið efni og aðstöðu í héraði eins og kostur er. Tengsl sögu og nútíma og áhersla á staðbundna fræðslu um náttúru, sögu og menningu ýtir undir þennan mannlega þátt grænnar ferðamennsku á Vesturlandi. Þeir sem heimsækja svæðið fara um það að mestu fótgangandi, á hestum eða hjólum, þannig að þeir eru nokkuð upp á heimamenn komnir hvað varðar gistingu og almenna þjónustu.

## „GRÆNIR” FERÐAMENN

Hvað dregur umhverfismeðvitaða ferðamenn að, eftir hverju eru þeir að leita, eru þeir frábrugðnir hinum hefðbundna ferðamanni? Eftirfarandi kafli eru að mestu unninn upp úr bókinni *Ecotourism, an introduction* eftir David Fennell. „Grænir” ferðamenn leita ekki að fjölförnum vinsælum ferðamannastöðum. Þeir vilja sjá og prófa nýja hluti.

### Grænir ferðamenn vilja:

- prófa nýja hluti
- upplifa nýja og öðruvísí lifnaðarhætti
- borða öðruvísí mat
- vera líkamlega virkir
- skoða söguleg svæði
- sjá eins mikið og hægt er
- hitta fólk með sömu áhugamál

(heimild nr. 87, bls 62,63 )

**Eftir hverju sækjast grænir ferðamenn á gististöðum og hver eru einkenni grænna gististaða:**

- persónulegur stíll
- fræðsla og athafnasemi
- umhverfið er aðdráttaraflíð staðarins
- heimilislegur matur og persónuleg þjónusta
- leiðsögn um svæðið
- miklum fjármunum er ekki eytt í byggingar og mannvirki

(heimild nr. 87, bls. 236)

**Hvað dregur græna ferðamenn að og hvers vegna á Vesturlandssvæðið vel við:**

- *óbyggðir*  
stór hluti svæðisins er ósnortið víðerni, þar er að finna einstaka fjallakofa, nokkra bónabæi og eyðibýli.
- *þjóðgarðar*  
Vesturlandssvæðið gæti hentað sem þjóðgarður, en hafa ber hugfast að nýlega var utanvert Snæfellsnes gert að þjóðgarði.
- *sveitin/dreifbýlið*  
innan svæðisins eru engir kaupstaðir eða þéttbýliskjarnar.
- *hálendi*  
aðalsvæðið nær yfir fjöll og heiðar, að Hnappadal undanskildum.
- *vötn og ár*  
á svæðinu eru fjölmörg vötn og ár.
- *sögulegir staðir*  
á svæðinu er að finna fornar bæjarrústir, felustaði sögufrægra kappa o.fl.
- *mennigarviðburðir*  
eru ekki algengir innan svæðisins en hægt væri að skipuleggja þá í tengslum við ferðaþjónustuna.

## SÉRSTAÐA ÍSLANDS

Sumir fræðimenn telja auðveldara að koma grænni ferðamennsku á í litlum samfélögum. Þar gætir ekki fjöldaferðamennsku, grænir ferðamenn vilja ekki sækja fjölfarna og hefðbundna staði (heimild nr. 79, bls. 73). Þótt þeim ferðamönnum sem leggja leið sína til Íslands fjölgji all verulega, þá er varla hægt að tala um fjöldaferðamennsku hér á landi.

Í mörgum smærri ríkjum hefur ferðaþjónusta þróast án mikillar skipulagningar eða undirbúningsvinnu. Menn hafa treyst á að markaðurinn sjá um uppbygginguna. Þar af leiðandi hafa sum svæði, sem vert er að veita meiri athygli, orðið útundan. Hjá smærri þjóðum er auðveldara að fylgjast með og hafa heildarsýn yfir ferðamannastaðina. Fá yfirlit yfir stöðu mála á mismunandi stöðum og fylgjast með þróun grænnar ferðamennsku.

Græn ferðamennska byggist á þekkingu og menntun allra sem að ferðamálum koma. Góð samskipti ferðamanna og ferðaþjónustuaðila skipta miklu máli fyrir lítil ríki, því afkoma þeirra byggist að stórum hluta á ferðaþjónustuiðnaðinum. Ef rétt er haldið á málunum getur ferðaþjónusta orðið stærsti atvinnuvegur okkar (heimild nr. 156). Hlutfall þeirra sem koma að ferðaþjónustu er hærra í smærri ríkjum og þess vegna er mikilvægt að staðið sé vel að uppbyggingu hennar.

Landnáma er eina ferðaskrifstofan á Íslandi sem býður upp á græna ferðaþjónustu. Ingiveig Gunnarsdóttir fullyrðir að fólk sé meðvitaðra um umhverfi sitt en áður fyrr. Samtök ferðaþjónustuaðila segja að hljómgunnur grænnar ferðamennsku sé talsverður, en vandamálið er helst það að þekkingin er takmörkuð. Græn ferðamennska á mjög vel við Ísland, helstu grunnþættir hennar eru þegar til staðar af náttúrunnar hendi; ferðamennska á Íslandi byggist á náttúru og menningu, óbyggðum og hálendinu, Íslendingasögum, fornum söguslóðum, sveitaselu og íslenskum mat. Gistiaðstaðan sem í boði er fellur mörg hver vel að því sem grænir ferðamenn sækjast eftir; persónulegri þjónusta, hlýlegu umhverfi, fræðslu og að umhverfi staðanna sé aðalaðráttarafl gististaðarins. Þeir aðilar sem reka bændagistingu bjóða í raun ómeðvitað upp á græna ferðaþjónustu. En ferðaþjónusta þeirra byggir á: persónulegu viðmóti, íslenskum heimilismat og margir þjónustuaðilarnir, í flestum tilfellum bændur, eru uppfyllir af fróðleik sem hvergi er skráður. Það er grundvöllur fyrir grænni ferðamennsku á Íslandi, en skipulagning er nauðsynleg og okkur ber að líta til annarra þjóða áður en ráðist er í framkvæmdir.

## AÐFERÐAFRÆÐIN

Skilgreiningar og stefnumótanir gagnast mönnum lítið ef aðferðir til að ná settu marki eru ekki ákveðnar. Eitt er að gefa út stefnuyfirlýsing og annað að framfylgja henni. Hér á eftir eru dæmi um aðgerðir í umhverfisvænum rekstri. Bandalag íslenskra farfugla hefur tekið upp umhverfisvæna stefnu í rekstri sínum og gert

bækling um vinnuaðferðir og meginreglur. Hann er notaður hér til hliðsjónar ásamt bæklingi frá Breska ferðamálaráðinu og upplýsingum frá Landnámu, er birtust á ráðstefnu um græna ferðamennsku, sem haldin var hér á landi árið 1996. Segja má að þetta séu tilmæli til gesta og ferðaþjónustuaðila. Listinn er ekki tæmandi.

(heimild nr. 135, 73, 121)

## Orkunotkun

Draga úr orkunotkun og nýta orkuna á sem hagkvæmastan hátt.

- Aðgengilegar upplýsingar handa gestum varðandi vistvæna orku og orkusparnað.
- Slökkva á ljósum og rafmagnstækjum þegar þau eru ekki í notkun.
- Hafa gætur á einangrun húsnæðis, hvort sem er við viðgerð húsa eða byggingu nýrra.
- Koma í veg fyrir óþarfa orkuútstreymi.
- Láta stilla ofnakerfi reglulega, oft er alltof heitt inni á hótelum og gististöðum, hafa frekar kalt og leyfa gestum að ráða hitastiginu.

## Neysla

Ferðaþjónustufyrirtæki eiga að taka tillit til umhverfissjónarmiða við innkaup og rekstur. Þannig er dregið úr úrgangs- og sorplosun, skaðlegum umhverfisáhrifum. Ímynd fyrirtækisins er styrkt.

- Draga úr umbúðanotkun, kaupa vörur í stórum pakningum, þar að auki er verð hagstæðara við slík stórinnkaup.
- Velja umhverfisværnar hreingerningarvörur, og forðast ofnotkun hreinsiefna.
- Halda notkun skaðlegra efni í lágmarki og geyma þau á öruggum stað.
- Halda pappírsnotkun í lágmarki, velja endurunninn óbleiktan pappír. Ferðaþjónustuaðilar geta einna best auglýst umhverfisstefnu sína með því að nota endurunninn pappír, prenta til að mynda matseðla og bæklinga á endurunninn pappír.
- Forðast pappa eða plast borðbúnað, hvort sem er í gangnamannakofum, farfuglaheimilum, matsölum eða á hótelherbergjum. Nota margnota borðbúnað, og einnig margnota hreinsiklúta.
- Fara sparlega með vatn.

## Endurvinnsla

Draga úr umbúðanotkun, endurnýta þar sem því verður við komið. Mikilvægt er að kenna starfsfólki hvernig flokka skal rusl og hafa mjög skýrar leiðbeiningar fyrir gesti ásamt vinsamlegum tilmælum. Gott flokkunarkerfi gagnast lítið ef það er ekki notað.



Mynd 92. Pappír.

Koma því þannig fyrir að flokkun verði sjálfsagður hluti af hinu daglega starfi. Endurvinnsla á Íslandi er á byrjunarstigi, og taka verður mið af því. En ef áhugi er fyrir endurnýtingu og endurvinnslu má ráða bót á því.

- Flokka rusl. Gler, pappír, málmur, plast, spilliefni og lífrænn úrgangur ætti allt að fara í mismunandi ílát. Að sjálfsögðu verður að taka tillit til þess að ruslabílar taka ekki við flokkuðu rusli. Fólk þarf að fara með dósir og flöskur á einn stað, pappír á annan og svo framvegis.
- Staðsetja flokkunarílát á sem flestum stöðum, inni á herbergjum og úti við.
- Endurnota pappír, prenta báðum megin á blöð, nota gömul blöð fyrir minnispunkta, og fara sparlega með pappír.
- Losa sig við skaðleg efni á viðeigandi hátt, ekki hella þeim í vaskinn.
- Gömlum hlutum má oft gefa nýtt líf.

## Mengun

Draga úr hinni margvíslegu mengun sem hlýst af þjónustustarfseminni; sjón-, loft-, hljóð-, vatns-, jarðvegs-, lyktar- og frárennslismengun. Almennar ábendingar til ferðamanna um að ganga vel um landið.

- Banna reykingar innandyra.
- Halda umhverfinu snyrtilegu, gömul bílhræ úti í móa eða úti á túni eru ekki augnayndi.
- Reyna að hafa truflun frá iðnaðarstarfsemi í nágrenninu í lágmarki.

- Koma í veg fyrir lausagang vélknúinna ökutækja.
- Frárennsli og rotþrær verða að standast kröfur nágildandi laga.



*Mynd 93. Sorp.*

## Umhverfi ferðamannsins

Hlýtt og persónulegt viðmót er gulls ígildi, mikilvægt er að ferðamönnunum finnist þeir vera velkomnir. Það er mikilvægt fyrir ferðaþjónustuaðila að umhverfisstefna þeirra sé sýnileg. Flestir ferðamenn virða það og aðrir ferðamenn sækjast eftir umhverfisvænni ferðaþjónustu.

- Það skiptir miklu máli að allir starfsmenn ferðaþjónustufyrirtækisins séu meðvitaðir um umhverfisstefnu þess. Séu vel upplýstir og geti leiðbeint og svarað fyrirspurnum fyrirvaralaust. Þeim ber að sýna í verki að þeir beri umhyggju fyrir umhverfinu. Upplýsingar fyrir ferðamenn um græna ferðamennsku og hvað þeim stendur til boða er mikilvægur þáttur í að staðfesta stefnumótunina. Ferðaþjónustuaðilar eiga að:
  1. beina ferðamönnum á stíga og slóða á svæðinu til að hlífa gróðrinum
  2. nota lífrænan áburð frekar en tilbúinn og forðast eiturefnanotkun
  3. græða landið
- Ferðamenn velja staði eftir því hvað þeim þykir gaman að skoða. Þjónustuaðilar eiga að þekkja til svæðisins og geta leiðbeint gestum

sínum, þannig að þeir geti notið þess besta sem svæðið hefur upp á að bjóða.

- Gefa út bækling þar sem umhverfisstefna fyrirtækisins er útlistuð og
- og benda ferðamönnum á hvernig þeir geta lagt sitt af mörkum.
- Við hönnun og skipulagningu mannvirkja, merkingar og aðrar framkvæmdir á að taka mið af náttúrufari, landslagi og byggingum svæðisins.

## Heimamenn

Stuðningur við fyrirtæki heimamanna er mikilvægur. Sterkur fjárhagur heimamanna auðveldar þeim að vernda og varðveita náttúruna og umhverfi sitt. Þeir byggja afkomu sína á umhverfinu og þess vegna er það þeirra hagur að ganga vel um það.

- Ferðamenn og ferðaþjónustuaðilar eiga eftir fremsta megni að kaupa af heimamönnum, þar með veita þeir heimamönnum fjárhagslegan stuðning.
- Ferðaþjónustuaðilar ættu að leggja áherslu á að bjóða upp á íslenskan mat og kynna íslenska matargerð, og ef tilefni er til, kynna mat og rétti sem eru einkennandi fyrir svæðið.
- Koma á fót sjóði þar sem ferðamenn geta lagt fram fé til varðveislu eða uppbyggingu svæðisins. Það hefur sýnt sig í Bretlandi að ferðamenn eru oft tilbúnir til þess að stuðla að frekari umbótum á viðkomandi stöðum.
- Sjálfboðavinna ferðaþjónustuaðila sýnir að þeir láta sér annt um umhverfi sitt.
- Ferðaþjónustuaðilar ættu að hafa upplýsingar á reiðum höndum um hvað er framleitt á svæðinu, hverjir framleiða vöruna og hvar hún fæst.

## Samgöngur

Á vinsælum ferðamannastöðum getur verið nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir fyrir farartæki. Ef því verður við komið ættu ferðaþjónustuaðilar að skipuleggja útvistarsvæði með þeim hætti að ekki þurfi vélknúin farartæki til þess að fara þar um.

- Hvetja gesti til þess að ferðast um annað hvort fótgangandi, á hjóli eða á hestbaki.
- Ferðaþjónustuaðilar ættu að selja farmiða í almenningsfaratæki. Íslendingar fara þó sennilega seint að ferðast um landið sem farþegar í rútum.

- Ferðaþjónustuaðilar eiga að hafa upplýsingar um almenningssamgöngur á svæðinu og jafnframt almenna fræðslu um akstur og umgengni við landið.

## Umhverfisfræðsla og upplýsingar

Ferðaþjónustuaðilar ættu að leita leiða til að sýna hversu nátengd umhverfismál eru ferðamennsku, daglegu lífi og öllum okkar athöfnum. Þeir eiga að vera leiðandi fordæmi og kynna fólkI reglur og lög sem gilda um náttúruvernd.

- Mikilvægt er að upplýsingar um umhverfismál séu settar fram á skýran og einfaldan hátt. Þær eiga að benda fólkI á:
  1. hvers vegna bannað sé að aka utan vega
  2. hversu langan tíma gróðurinn þarf til að jafna sig eftir utanvegaakstur og átroðning
  3. hvernig hross geta eyðilagt viðkvæman gróður á örskammri stund
  4. hversu lengi efni séu að leysast upp í náttúrunni
  5. hversu auðvelt það sé að henda *ekki* rusli
- Ferðaþjónustuaðilar ættu að kynna nærliggjandi svæði í máli og myndum, gefa út efni um náttúrufar svæðisins, jarðfræði, sögu byggðar, sögufrægar slóðir og sérstöðu svæðisins. Kort og upplýsingar um gönguleiðir, afþreyingu og ferðamöguleika á svæðinu. Jafnframt að veita upplýsingar um þau svæði þar sem náttúran er á einhver hátt sérstök og viðkvæm fyrir ágangi.

*,,Vegna þess að fólk ferðast um í náttúrunni er nauðsynlegt að setja lög og reglur um umgengni þar til að komast hjá því að spjöll verði og enn fremur til að auka ánaegju ferðafólks. Gáleysisleg umgengni getur valdið skemmdum sem erfitt og stundum ógerlegt er að bæta. Helsti tilgangur og markmið náttúruverndar er því að stuðla að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land (Lög um náttúruvernd nr. 93, 1996).”*

(heimild nr. 96, bls. 57)

# Á NOKKRUM VÍGSTÖÐVUM

## Almennt

Umhverfismál hafa verið mikið í umræðunni á Íslandi á síðustu árum og mánuðum. Árið 1995 gaf Norræna ráðherranefndin út bækling um náttúruverndarmál á Norðurlöndunum, World Wide Fund kom á nefnd árið 1996 um ferðamennsku á Norðurheimsskautssvæðinu, og þeir hafa staðið fyrir útgáfu á meginreglum og megineinkennum ferðamennsku í viðkomandi löndum. Árið 1998 var gefin út skýrsla um stefnumótun í ferðaþjónustu á Vesturlandi að frumkvæði Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi. Hugmyndir sjálfbærar ferðamennsku eru þar ofarlega á baugi. Nýlega var haldið þing hér á landi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Í ágúst síðastliðnum birtist grein í DV um fund Ráðherranefndarinnar og fer hún hér á eftir.

*"Aukin fræðsla í skólum um menningu og umhverfismál á norðurheimsskautsvæðum, áhersla á varðveislu náttúru- og menningarminja, græn ferðaþjónusta, samstarf um forvarnir gegn umhverfisglæpum og aðferðir til að meta áhrif veiðarfæra og veiðiaðferða á lífríki sjávar eru meðal áhersluatriða í náttúruverndaráætlun fyrir norðurheimsskautsvæðin sem norrænu umhverfisráðherrarnir samþykktu á fundi sínum í Mývatnssveit í vikunni. Með áætluninni, sem tekur gildi á næsta ári, vilja ráðherrarnir beina sjónum sínum í vaxandi mæli að sjálfbærri þróun og vernd menningarlandslagsins á norðurheimsskautsvæðunum en í þessu samhengi er átt við Ísland, Grænland og Svalbarða, auk þess sem aðrar Norðurlandaþjóðir, s.s. Færeyingar, geta tekið þátt í ýmsum verkefnum áætlunarinnar. Norrænu umhverfisráðherrarnir telja að það sem ógni náttúru norðurheimsskautsins einna mest sé vaxandi umferð, mengun, ósjálfbær auðlindanýting og loftslagsbreytingar af manna völdum. Náttúra norðurheimsskautsvæðisins sé sérlega viðkvæm því lífverur og lífkerfi hafi í tímans rás þróast á ákveðinn hátt til þess að geta aðlagast hinum sérstöku loftslagsskilyrðum sem þar ríkja. Norræna áætlunin hefur að geyma tillögur um 14 verkefni og 5 svið þar*

*sem gert er ráð fyrir sérstökum aðgerðum. Þar  
er m.a. um að ræða framkvæmd  
Staðardagskrár 21 á norðursslóðum,  
samþættingu umhverfissjónarmiða í  
ferðaþjónustu, í vísindarannsóknum og í  
skólakerfinu. Huga skal sérstaklega að  
verndun gæsa, sjófugla og selategunda.  
Tryggja skal varðveislu menningarminja og þá  
er lagt til að unnið verði að áætlun um hvernig  
koma megi í veg fyrir umhverfisglæpi á  
norðurheimsskautsvæðinu. Ráðherrarnir  
ræddu einnig um mengun sjávar og ákváðu að  
grípa til aðgerða í því skyni að stuðla enn  
frekar að verndun hafssins á  
norðurheimsskautsvæðunum.”*

(heimild nr. 129)

## Ferðamennska í Norðurheimsskautslöndunum

Meginreglur um ferðamennsku í Norðurheimsskautslöndunum birtust í hefti sem World Wide Fund gaf út árið 1997 (heimild nr.154). Þær fylgja hér í lauslegri þýðingu:

### 1. Ferðamennska og varðveisla verða að fara saman

Varðveisluaætlanir verða að taka mið af ferðamennsku á viðkomandi svæðum.


- Hvetja skal til að áætlanir innan ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum.
- Ferðaþjónustuaðilar eiga að starfa með umhverfisverndarsamtökum.
- Ferðaþjónustuaðilar eiga að stuðla að og styrkja rannsóknir á sviði ferðamála.

### 2. Styðja verndun óbyggðanna og varðveislu fjölbreytileika lífvera.

Stór svæði án ummerkja af mannavöldum eru einkennandi fyrir Norðurheimsskautslöndin. Þessi svæði eru ómetanleg verðmæti og ein af aðalástæðum þess að fólk heimsækir þau.

- Ferðamennska á að styðja náttúruvernd, verndun náttúrulífs og vistkerfa á landi og í sjó.

- Ferðamennska á að leggja sitt af mörkunum til að stöðva það landrof sem á sér stað á heimsskautasvæðinu. Því það bæði skemmir landið og dregur úr áhuga ferðamanna á því.
- 



*Mynd 94. Norðurheimsskautslöndin.*

### 3. Stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúrulegra auðlinda.

Náttúruvernd og sjálfbær nýting náttúruauðlinda er hornsteinn þróunar vistvæns umhverfis. Ósnortin svæði Norðurheimsskautsins eru auðlindir sem ekki er hægt að endurnýja.

- Ferðamennska á að styðja sjálfbæra nýtingu auðlinda, og taka sérstakt tillit til ósnortinna svæða.
- Ferðamennskan á að hvetja til sjálfbærrar og vistvænnar nýtingar auðlinda á hinum byggðum svæðum.

### 4. Halda neyslu, mengun og sorplosun í lágmarki

Með því að draga úr mengun og neyslu er dregið úr skaðlegum áhrifum á umhverfið. Fyrir vikið er kostnaður við hreinsun minni.

- Hvetja skal til umhverfisvænnar sorplosunar og endurvinna allt sem hægt er.
- Losa sorp á öruggan hátt
- Halda notkun vélknúinna ökutækja í lágmarki

- Styðja ferðaþjónustuaðila sem reka umhverfisstefnu
- Styðja hreinsun og endurbyggingu svæða sem hafa orðið fyrir tjóni

## **5. Bera virðingu fyrir menningu heimamanna**

Ferðamennskan á ekki að stuðla að breyttum lifnaðarháttum heimamanna nema þeir vilji.

- Bera virðingu fyrir óskum og rétti heimamanna
- Fá leyfi til að heimsækja staði sem eru ætlaðir heimamönnum

## **6. Bera virðingu fyrir náttúru og sögu svæðisins**

Sögustaðir eru mikilvæg menningararfleifð heimamanna. Röskun þeirra er ólögleg.

- Bera virðingu fyrir þessum stöðum og stuðla að varðveislu þeirra

## **7. Heimamenn eiga að njóta góðs af ferðaþjónustunni**

Þátttaka heimamanna í ferðaþjónustunni tryggir varðveislu menningar og umhverfis þeirra. Hagnaður á að mestu að renna til heimamanna.

- Ferðaþjónustan á að leitast eftir að fá heimamenn til liðs við sig
- Stuðla verður að þjálfun, fræðslu og menntun heimamanna á sviði ferðamála

## **8. Upplýst og þjálfað starfsfólk er lykillinn að ábyrgri og áreiðanlegrí ferðaþjónustu.**

Starfsmenntunin á að ná til menningar, umhverfis- og félagsmála. Auk þess að kynna lög og reglugerðir. Slík menntun eykur gæði ferðaþjónustunnar. Starfsmenn eiga að vera fyri myndir ferðamannanna.

- Ferðaþjónustuaðilar eiga að hvetja starfsmenn og ferðamenn til þess að bera virðingu fyrir svæðunum.
- Ferðaþjónustuaðilar eiga að sjá til þess að starfsfólk þess þekki til laga og reglugerða um umhverfismál og ferðamennsku.

## **9. Ferðamenn eiga að fá tækifæri til að kynnast og læra um Norðurheimsskautið.**

Ferðamenn kynnast menningu, sögu og umhverfi heimamanna best með aðstoð ferðaþjónustuaðila. Þá er nokkurn veginn tryggt að miðlað hefur verið af þekkingu heimamanna og að umhverfisáhrif verða sem minnst. Jákvæð upplifun ferðamanna er besta auglýsing viðkomandi lands.

- Ferðaþjónustuaðilar ættu að hafa upplýsingar á sviði umhverfis-, menningar- og félagsmála á reiðum höndum fyrir ferðamenn.
- Ferðaþjónustuaðilar ættu að gefa út siðareglur til að stuðla að ábyrgðarfullri ferðamennsku.

## **10. Fara eftir settum reglum**

Margar hættur leynast á Norðurheimsskautssvæðinu, því er mikilvægt að allir sýni varúð og fylgi settum reglum. Slysir gera ekki boð á undan sér og kostnaður við útkall björgunarsveita og læknishjálp lendir á heimamönnum.

- Tryggja verður að farið sé eftir settum reglum
- Allir sem taka þátt í ferðamennsku á Norðurheimsskautssvæðinu verða að fá viðeigandi upplýsingar og þjálfun í forvarnaraðgerðum

## **Stefnumótun á Vesturlandi**

Stefnumótun í ferðaþjónustu á Vesturlandi fyrir árin 1998-2005 er til. Þar er lögð áhersla á sjálfbæra þróun og sjálfbæra ferðamennsku. Hér á eftir eru dæmi um nokkur áhersluatriði stefnumótunarinnar sem birtust í skýrslunni (heimild nr 73):

*„Hvetja skal til endurbóta þess gistirýmis sem fyrir er, fremur en nýbyggingar.“*

(bls.10)

*„Hvetja skal til þess að veitingastaðir sérhæfi sig að einhverju leyti, t.d. , með séríslenskan mat/afurðum úr héraði.“*

(bls. 11)

„Kanna skal möguleika á samvinnu við starfandi bændur á Vesturlandi um að koma á fót svokölluðum „heimsóknarbaejum”, þar sem gestum gæfist kostur á að kynna sér íslenskan landbúnað.”

(bls. 12)

„Kanna skal möguleika á samvinnu við útgerðarmenn(trillukarlar) um að gefa ferðamönnum kost á að fara með í róðra.”

(bls.12)

„....stuðla að bættri menntun og þjálfun starfsfólks í ferðapjónustu á Vesturlandi, með því að skilgreina þörf fyrir aðgerðir í menntamálum og standa fyrir námskeiðum eða námi á viðkomandi sviðum...”


(bls. 15)

„Markvisst skal unnið að því að efla umhverfisvitund íbúa, ferðapjónustuaðila og ferðamanna á Vesturlandi, t.d. með skipulagðri umræðu um umhverfismál og með námskeiðahaldi.”

(bls. 16)

„.... nota aðföng af Vesturlandi eftir því sem mögulegt er og stuðla þannig að sjálfbærri þróun og auknum markaðsmöguleikum.”

(bls. 10)



*Mynd 95. Notast við þá aðstöðu sem fyrir er, Langavatnsskáli.*

# HÍTARDALUR

## ALMENNT

Hítardalur er á miðju aðalsvæðinu. Aðdráttarafl hans er náttúra og saga. Dalurinn er hér tekin fyrir sem dæmi um svæði þar sem þróun og uppbygging grænnar ferðaþjónustu er tilvalin (pari pro toto).

*„Hítardalur er eftir örnefnum og landsháttum óskaheimkynni landvætta og griðastaður sekra skógarmana; hvert strá vakir í friði guðs og bónadavinur mætti hér kveða vísu sína um dalalíf eftir fornnum háttum. Undir Bæjarfelli í Hítardal hafa setið auðklerkar með offullar fjárréttir og fræðiprestar sem skrifuðu þykkar bækur um landnám, vættir og ættir og embættismenn Íslands. Töfralag Hítarvatns hlýtur að heilla mann á leið undir hlíðum á hágróanda þegar gjálfrar við hraunbrún og himbrimi gólar úti á miðju vatni. Við Hítarvatn er margt sem getur minnt á hugmyndir um norræna goðheima enda ekki giska langt yfir fjöllin úr Hítardal í Reykholt, þar sem Snorri Sturluson sat í búi á 13. öld og lýsti goðheimum í Eddu.“*

(heimild nr. 2, bls. 95)


Svo segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1997 og vafalaust hafa fáir komist betur að orði um töfra Hítardals og Hítarvatns. Náttúra og saga dalsins skapa ævintýraheim sem laðað hefur margan að. Frá Hítardal liggja leiðir til allra átta. Dalurinn er tilvalinn til skipulagningar frekari ferðaþjónustu. En vel þarf að standa að slíkri skipulagningu til þess að töfrar svæðisins haldist og fái að njóta sín. Ósnortin náttúra, óbyggðir og fáfarnar leiðir eru meðal þess sem svæðið hefur upp á að bjóða. „Grænir“ ferðamenn sækjast eftir náttúru og sögu, Hítardalur ætti því að falla þeim í geð.



*Mynd 96. Hítardalur, Svörtutindar.*

## DALURINN

Náttúrufegurð er mikil í Hítardal. Landslagið er stórbrotið og sérkennilegar jarðmyndanir er víða að finna. Talið er að nafnið Hítardalur sé komið frá tröllkonunni Hít, sem á að hafa búið í dalnum. Fyrir botni dalsins stendur Hítarvatn og eftir honum endilöngum rennur Hítará. Í Hítará er Kattarfoss, 10 m. há og fellur í ketil úr stuðlabergi. Við Hítarvatn eru nokkrir grasi vaxnar hólmar þar sem áður fyrr var mikið fuglalíf. Góð veiði er í vatninu. Norðaustan vatnsins er Svínbjúgur, en um hann lá leið yfir í Hörðudal í Dalasýslu til forna. Ferðir og fjárekstrar hafa þar markað leiðina



*Mynd 97. Á leið um Svínbjúg.*

Austan við vatnið er móbergsfjallið Foxufell og í því er Bjarnarhellir. Í honum eru gamlar rúnaristur, sem ekki hefur enn tekist að ráða. Í hellinum er að finna ummerki fjár. Framan við Hítarvatn er Hólmurinn, velgróið móbergsfjall. Af því er gott útsýni yfir dalinn til suðurs og norður yfir vatnið. Undir fjallinu stóð áður bærinn Hólmur, og til forna




*Mynd 98. Frá hlaði Hítarvatnsskála, svipað umhorfs og á tínum  
Björns Hítdælakappa?*

bær Björns Hítdælakappa. Rústir hans voru friðlýstar árið 1970, en engar merkingar um rústirnar eru á svæðinu. Þar stendur nú gangnamannakofi og hesthús með aðstöðu fyrir tjaldgesti. Fremst í dalnum er Fagraskógarfjall, og í því Grettisbæli.


*,,Par er fjallið úr móbergi og veðrað mjög.  
Fjallseggini er mjög þunn, og fór svo, er hellar  
og holur komu í fjallið, að gangur varð  
gegnum fjallshrygginn, og er sagt að í slíkum  
helli hafi Grettir búið og tjaldað fyrir gráum  
vaðmálum til skjóls og til þess að leyna hæli  
sínu.”*

( heimild nr. 158, bls. 96)



Mynd 99. Felustaður Grettis?

Hítardalur hefur aldrei verið þéttbyggður. Áður fyrr er talið að 2 bær hafi verið í botni dalsins. Engar heimildir eru til um tilvist þeirra, en munnmæli segja að þar hafi byggð lagst af eftir Svartadauða. Hróbjargarstaðir stóðu suðvestur af vatninu en fóru í eyði fyrir um 80 árum. Vestan Hítarár gegnt bænum Hítardal á annar bær Björns



Mynd 100. Kort af Hítardal.

Hítdælakappa að hafa staðið, Hítardalsvellir eða Vellir. Þar stóð annar bær, sem fór í eyði rétt fyrir síðustu aldamót. Snjóþungir veturnar eru taldir hafa valdið því að flestir bær Hítardals lögðust af.

Björn Hítdælakappi var hetja og skáld sem elskaði Oddnýju Eykyndil. Hún var festarkona hans en var síðan gefin Þórði Kolbeinssyni. Áttu Björn í stöðugum erjum við hann vegna Oddnýjar, og fór svo að Björn létt lífið er hann

*„var borinn ofurliði og veginn þar sem hann  
skar mön á stóði sínu í Hvítungsþjöllum vestan  
til við Hítarvatn (Helgi Sigurðsson. Örnefni)“*


(heimild nr. 2, bls. 100).

Björn var jarðaður höfuðlaus á Völlum

*„en með reim Ólafs konungs helga sem  
konungur hafði gefið Birni er þeir gengu í  
kerlaug saman (Bjarnar saga 9. kap.)“*

(heimild nr. 2, bls. 100)

Tjaldbrekka hélst lengst í byggð af þeim bæjum sem stóðu inn við vatnið, eða fram til 1890. Bærinn stóð við norðausturenda vatnsins, áður var þar bærinn Bjúgskot. Nafnið, Tjaldbrekka, er komið til vegna þess að þarna var




*Mynd 191. Tóftir Tjaldbrekku.*

hinn ákjósanlegasti tjaldstaður fyrir leitarmenn sem voru á fjalli. Fyrsti bóndinn á Tjaldbrekku hét Sigurður Jónsson og reisti þar býli árið 1840.

*„Allt, sem kunnugt er um Sigurð á Tjaldbrekku, ber því vitni, að hann hafi verið vel gefinn sæmdarmaður og prýðisvel að sér til munns og handa að þeirra tíma hætti, þótt sjálfmenntaður væri. Hann er talinn hafa verið frískleikamaður, mjög frár á fæti og svo fjaðurmagnaður og fylginn sér, að hann gat stokkið hæð sína í loft upp, án verulegs tilhlaups... Sigurður var vel hagur, bæði á járn og málm. Sú kunnátta hefir verið honum harla mikilsverð, eftir að hann settist að í einangruninni á Tjaldbrekku, þar sem öll afkoma hlaut að byggjast á eigin rammleik heimilisfólksins... Það lætur að líkum um jafngreindan mann og Sigurð, að hann hafi verið bókhneigður og fróðleiksfús... Bendir allt til þess, að uppfræðsla barna á heimili Sigurðar hafi verið með því bezta, sem tíðkaðist meðal bændafólks á þeim tínum.”*

(heimild nr. 60, bls. 74)

Ætla má að erfitt hafi verið að búa innst í dalnum á snjómíklum vetrum og langt til næstu bæja. Enda furðuðu margir sig á flutningi Sigurðar á þennan einangraða stað með 14 manna fjölskyldu. Ekki síst vegna þess að hann bjó vel á Ketilsstöðum, sem var stór og góð jörð. Vikuferð var í næsta kaupstað, Stykkishólm eða Búðir. Bændur á Tjaldbrekku veiddu silung í Hítarvatni og í Hólminum voru svartbaksegg, sem féllu í hlut Tjaldbrekkubænda. Eftir Sigurð bjuggu á Tjaldbrekku 5 bændur, en enginn þeirra jafnlengi og hann, eða í 25 ár. Síðast var búið þar 1890-1891.



*Mynd 102. Austur af Hítarvatni, Vatnshlíð í baksýn, Harpa á miðri mynd.*

(heimild nr. 2,60, 74, 75, 76, 94)

## BÆRINN

„....undir [Bæjarfelli] er bærinn Hítardalur  
sem fyrrum hét Húsafell. Jörðin er landstór og  
afbragðs fjárjörð sem á sér langa og  
merkilega sögu sem bregður ljósi yfir vist  
vætta og manna með sögnum og skáldskap í  
nálægum héruðum og á leiðum milli byggða.”

(heimild nr. 2, bls. 99)



*Mynd 103. Hítardalur og Bæjarfell.*


Landnámabók segir að Þórhaddur Steinsson hafi numið Hítardal og er ekki ósennilegt að hann hafi fyrstur manna byggt þar höfuðból. Í dag er Hítardalur innsti bær dalsins. Eins og fyrr segir var upphaflegt nafn bæjarins Húsafell en þegar stórbændur tóku við búi færðist nafnið Hítardalur yfir á hann. Í Hítardal hafa lengstum búið höfðingjar, höfuðklerkar og fræðimenn. Kirkja var í Hítardal strax á fyrstu öldum eftir kristni, og var kirkjujörðin talin ein sú besta í landinu.

Í Hítardal varð mesta manntjón í eldsvoða sem um getur í sögu Íslands, er brunnu þar inni 72 menn 30. september. 1148. Meðal þeirra sem lézt voru sjö prestar og Magnús Einarsson biskup. Svo segir í Gottskálksannál:

*„Brenna í Hítardal er Magnús biskup brann inni með 80 mönnum næsta daginn eftir allra heilaga messu er fólk var drukkið orðið. Komí forstofna eldur úr lofti með stórum vindu og laust loganum í drykkjustofuna, var höggvinn gluggur á stofunni að baki biskupi og dregnir út nokkrir menn með snarleik. Vildu menn að biskup hefði þar út farið en hann sagði sér hæfði ei að rýma sæti sitt því þetta væri guðs vilji. Sat hann uppi óbrunninn með öllu í sínu hásæti þá af var eldurinn. (Islandske Annaler, s. 321)“*

(heimild nr. 2, bls. 102)

Hítardalsprestakall lagðist niður 1875 og sóknin sameinuð Staðarhrauni. Bak við úthúsin í Hítardal eru merkir legsteinar allt frá 1620 , heimagrafreitur á grænni flöt þar sem kirkjugarðurinn var áður og í dag sést



Mynd 104. Fornmunir í Hítardal.

móta fyrir gömlu kirkjuveggjunum. Krossinn á myndinni er frá 1871. Gamall hornsteinn úr Hítardalskirkju með úthöggvinni mynd, líklega helgimynd er einnig bak við úthúsin. Aldur hans er ókunnur. Þjóðminjasafn Íslands vildi færa steinana til Reykjavíkur en varð ekki að ósk sinni.

„....þegar komið er í slík fornfræg höfuðból,  
finnst mönnum þar meiri helgi en á öðrum  
stöðum og verða snortnir lotningu fyrir  
staðnum og minningum hans”


(heimild nr 158, bls. 99)

Miklir fræðimenn sátu í Hítardal til forna, einn þeirra var séra Þórður Jónsson.

„Séra Þórður Jónsson, sem fyrr er nefndur sem Landnámuskrifari, var barnfæddur í Hítardal og sat þar klérkur 1634- 1670. Á undan honum sat í Hítardal í rúm fjörtíu ár faðir hans, séra Jón Guðmundsson, ættstór maður, mikils virður og röggssamur, kenndur við Kalvínstrú enda lærður í Bremen þar sem var höfuðvígi Kalvínista á 16. öld. Séra Þórður Jónsson í Hítardal hafði undir höndum forkunnargóð skinnhandriti með kóngasögum og Íslendingasögum. Of mörg þeirra eru nú fordjörfuð eða týnd, en séra Þórður létt skrifa og skrifaði sjálfur eftir þeim heilum. Hann safnaði og til merkilegra ættartölubókar sem til er í ýmsum gerðum í misgömlum handritum og geymir vitneskju um ættir biskupa, valdsmanna og betri presta landsins á 16. og 17. öld. Ættartölubók hans greinir mest og gleggst frá ættum manna í Borgarfirði, á Mýrum og í Döllum og er þess vegna betur vitað um uppruna fólks úr þessum héruðum en víðast annars staðar á landinu, þar sem aðrar eins ættfræðinámur skortir”

(heimild nr.2, bls. 105-106) .

Bæjarfell stendur norður af bænum og þar er að finna nokkra hella; Fjárhellir sem hýst hefur sauðfé, Sönghellir, sem státar af fallegum hljómburð, Paradís efstur í fellinu, Hundahellir og Kattarhellir neðstir. Tröllkonan Hít á að hafa búið í Hundahelli.



*Mynd 105. Bæjarfell í myrkri.*

Í Bárðarsögu segir að þar hafi hún haldið Bárði Snæfellsáss mikla veislu. Sagan segir að þau hafi orðið að steini er hún fylgi honum úr hlaði. Standa þau neðan við túngarðinn og taka á móti ferðalöngum sem koma inn dalinn.




*Mynd 106. Hít og Bárður.*

Hellarnir hafa flestir einhverjar sögur eða ævintýri að geyma. Skammt frá Bæjarfelli er Nafnaklettur, en þar eru rist fangamörk allt frá 1730. Vestan við túnið í Hítardal stendur fjárrétt Hraunhreppinga, hlaðin frá því um aldamótin 1800. Meðan hún stendur verður orði og frægð Hítardals ekki hnekkt þar eð afréttur Hítdælinga var undirstaða mikilleika og mektar staðarins um aldir.



*Mynd 107. Hítardalsrétt.*

Náttúrufegurð við Hítarvatn er mikil og er það ævintýri líkast að koma niður Austurárdal að vatninu norðan Lambahnjúka. Austurá rennur þar niður samnefndan dal. Vatnið blasir við og Foxufell rís upp úr vatninu, svarbrúnt að lit. Á vinstri hönd sést til hvítra tinda, Tröllakirkju og Lambahnúka



*Mynd 108. Snjór í fjöllum á sumardegi.*

(heimild nr. 2,60, 74, 75, 76, 94)

## JARÐFRÆÐI HÍTARDALS

„Hítardalur liggur í suðvestur út frá Hítarvatni og er mynni hans við Fagraskógarfjall og Grettisbæli vestan megin við Hítará, en að austan heldur Múlaselsmúli að dalsmynninu. Dalurinn er víðlendur með veiðiá, en eyddur af blæstri og fjallskriðum, þakinn eldbrunnum, svarðsnauðum kargahraunum, kjarrgrónum þar sem rætur ná til vatns...”

(heimild nr. 2, bls. 99)

Í Hítardal er að finna jarðmyndanir frá öllum tímabilum jarðsögunnar, tertíer, kvarter og nútíma. En Hítardalur státar ekki einungis af merkilegri jarðsögu heldur einnig stórfenglegu landslagi. Hítardalur er vestan Borgarnesandhverfunnar og jarðlögin mynduðust því í Snæfellsnesrekbeltinu. Jarðlagastaflinn sést mjög greinilega í Fagraskógarfjalli. Í dalnum er að finna allmikið af kvartermýndunum, þar er móberg frá jökulskeiðum og hraun frá hlýskeiðum. Má þar nefna móbergsfjöll eins og Svörtutinda, Foxufell, Hítarhólma, Bæjarfell, Klifsand og Grettisbæli. Nokkur hraun hafa runnið á nútíma, Hagahraun, Rauðkúluhraun og Hólmshraun, en líklega eru þau forsöguleg, því þeirra er ekki getið í neinum heimildum.

Lokaverkefni Kristínar Völu Ragnarsdóttir Jarðlagaskipan Fagraskógarfjalls og Vatnshlíðar fjallar ítarlega um jarðög vestari hluta dalsins. Svæðið sem hún tekur fyrir nær frá Fagraskógarfjalli og inn fyrir Vatnshlíð, inn að botni Hítarvatns. Svæðið hafði lítið verið kannað fyrir hennar rannsóknarstörf.

Í ágripi ritgerðarinnar segir:

„Tertíer jarðlagastaflinn í vestanverðum Hítardal er um 1800 m þykkur. Staflinn er að langmestu leyti úr basalthraunlöögum. Elsti hluti staflans er um 10 milljón ára, en sá yngsti um 5 milljónir ára... Pykk setlög mynduðust meðan eldvirknin lá niðri... Setlög mynda alls um 3,5% af heildarþykkt staflans. Þau eru að mestu leirsteinn og líklega vatnaset.”

(heimild nr. 19, bls.1)

Í verkefninu var aðaláhersla lögð á kortlagningu jarðlagaskipan og höggun svæðisins, það fólst m.a. í eftirfarandi:

- bergerð hraunlaganna var flokkuð
- gerð og þykkt setlaga athuguð
- þykkt einstakra hraunlaga könnuð
- segulstefna hraunlaga ákvörðuð
- strik og halli, stærð jarðlaga, stefna og lega misgengja og ganga ákvörðuð
- holufyllingar athugaðar og útbreiðsla þeirra kortlögð
- útbreiðsla kvartergosmyndana kortlögð



Mynd 109. Hallandi Klifsandur í baksýn.

# FERÐAMÁL

## ALMENNT

Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein út um allan heim (heimild nr. 143). Á fundi sem haldin var á vegum ferðamálastofnun sameinuðu þjóðanna í summar voru ýmsar tölur settar fram um þróun ferðamála í heiminum. Búist er við því að ferðamönnum í heiminum fjölgi úr 612 milljónum komufarþega yfir landamæri árið 1997 í rúmlega 1.000 milljónir árið 2010 og yfir 1.600 milljónir árið 2020 (heimild nr. 90). Ísland hefur ekki farið varhluta af þeiri þróun sem átt hefur sér stað í ferðamálum, fjöldi erlendra ferðamanna sem leggja leið sína til Íslands fjölgar á hverju ári. Á þessu ári hefur verið rúm 10% aukning (heimild nr. 156).

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands gisti erlendir ferðamenn í tæplega 1.200.000 nætur á Íslandi árið 1998 (heimild nr. 99). Þar af gisti rúm 5% þeirra á Vesturlandi, en taep 54% í Reykjavík. Þótt fáir þeirra erlendu ferðamanna sem hingað koma gisti á Vesturlandi er vert að taka fram að á liðlega 6 árum hefur gistenóttum erlendra ferðamanna á Vesturlandi fjölgæð um helming (heimild nr. 100).

Þorleifur Þór Jónsson hagfræðingur hjá Ferðamálaráði Íslands flutti erindi á nýafstöðnu málþingi um skiplagningu ferðamannasvæða. Í erindi hans kom í ljós að hótel og gistiheimili í Reykjavík væru iðulega þéttbókuð yfir sumarmánuðina. Ástandið var orðið svo slæmt í ágústmánuði síðastliðnum að ferðamenn urðu að hætta við ferðir til Íslands vegna þess að gisting fékkst ekki í Reykjavík. Hann benti réttilega á að notast ætti við þá gistaðstöðu sem er úti á landi, ferðamennirnir þyrftu ekki að eiga næturstað í Reykjavík.

Íslendingar ferðast í ríkari mæli um landið. Umhverfisvakning og útvistarþörf almennings hefur aukist. Í könnun sem Rögnvaldur Guðmundsson gerði meðal innlendra og erlendra ferðamanna árið 1996 kom í ljós að 120.000 íslenskir ferðamenn gisti á Vesturlandi, miðað við 27.000 erlenda. Sund var helsta afþreying Íslendinganna en fjallganga var í öðru sæti. Íslensk náttúra var aðalaðdráttarafl í ferðum þeirra, en menning og saga í öðru sæti (heimild nr. 136). Sömu niðurstöður fengust meðal erlendra ferðamanna. Ferðaþjónusta á Vesturlandi fékk slæma dóma miðað við aðra landshluta, hún fékk næst lægstu einkunn þeirra allra. (heimild nr. 136). Taka verður tillit til þess að Íslendingar munu líklega vera stærsti markaðshópur ferðaþjónustuaðila.

Í könnuninni sem Rögnvaldur gerði eru fáir staðir innan aðalsvæðisins nefndir sem áhugaverðir eða mikilvægir í augum ferðamannanna. Hreðavatn og Bifrost fengu nokkrar tilnefningar. Niðurstöðurnar benda til þess að fáir ferðamenn þekki til og leggi leið sína inn á aðalsvæðið. Sígildir, nýir og tímabundnir ferðamannastaðir á

Vesturlandi eru tilgreindir í skýrslunni *Stefnumótun í ferðapjónustu á Vesturlandi 1998-2005*. Aðeins Hreðavatn og Grábrók eru nefnd á nafn. Enn önnur vísbending þess hversu lítið svæðið er þekkt og nýtt meðal ferðamanna og ferðapjónustuaðila.

Nýverið birtist grein í Morgunblaðinu þar sem eigendur Hótel Eldborgar í Kolbeinsstaðahrepp eru teknir tali (heimild nr. 107). Að þeirra sögn hefur verið mikið að gera í sumar og mikið búið að bóka fyrir næsta sumar. Ánægjulegt er til þess að vita að gistiaðstaðan njóti vinsælda. Eigendurnir hyggjast bjóða upp á leiðsöguferðir næsta sumar um Snæfellsnes, og væri fróðlegt að vita hvort þær stefni á að fara aðallega út á Snæfellsnes eða sýna ferðamönnum Hítardal, Langavatnsdal, gíga Hnappadals eða ganga með þá upp á Kolbeinsstaðafjall eða upp Hraundal. Oft leita menn langt yfir skammt.

## VIÐTÖL

### Finnbogi Leifsson, Hítardal

Finnbogi Leifsson bóndi í Hítardal er fæddur og uppalinn í Hítardal. Hann býr þar ásamt fjölskyldu sinni og móður. Þau eru með hesta og kindur. Finnbogi sér um að leigja gangamannakofann, rukkar tjaldgesti og selur veiðileyfi í Hítarvatn. Þau hafa séð um skálann frá árinu 1979, þegar fyrst var farið að leigja hann út. Bændur veiða ekkert í vatninu á haustin, það tilheyrir afréttinum og það er veiðifélag um bæði vatnið og ána.

Finnbogi telur að fólk komi aðallega inn í Hítardal til þess að veiða. Veiðileyfi í vatnið hafa verið sold og tjöld hafa sést í kringum vatnið og á tjaldstæðinu um hverja helgi í sumar. Eitthvað af göngufólki kemur við í skálanum og Ferðafélag Íslands kemur með gönguhóp a.m.k. einu sinni á sumri. Hins vegar eru hestamenn tíðari gestir. Á veturna er skálinn lítið notaður, það er einna helst um páskana og þegar rjúpnaveiðítímabilið hefst. Dorgveiði er ekki stunduð á veturna og einu skíðamennirnir sem hann hefur orðið var við eru björgunarsveitarmenn.

Hann segist hafa orðið var við aukna umferð út á Snæfellsnes og í Mýrasýslu eftir að Hvalfjarðargöngin voru opnuð. En umferðin er mest út á Snæfellsnes. Í uppsveitum Borgarfjarðar eru mikið um sumarbústaði. Fyrir það fólk er lítið við að vera annað en að fara í sund og skoða söfn sem verður leiðigjart til lengdar. Engar merktar gönguleiðir eru í nágrenni Hítarvatns og Hítardals, og taldi hann það vera ástæðu fyrir því hversu lítið dalurinn er notaður til göngu og annarrar útvistar. Mjög lítil afþreying stendur fólk til boða í nágrenninu og telur hann það vera helsta galla ferðapjónustunnar á svæðinu.

*„Gildi góðrar afþreyingar fyrir ferðaþjónustu svæða er óumdeilt. Ýmsir telja að afþreying sem er á einhvern hátt sérstök eða er ekki til staðar á hverju strái geti skipt sköpum fyrir ferðaþjónustu einstakra svæða. Það liggur í augum uppi að ferðamenn þurfa ástæðu til að ferðast til áfangastaða. Ákveðnir hópar ferðamanna láta sér ekki nægja náttúrufegurðina eina, heldur eru á höttunum eftir spennandi upplifun, nýrri lífsreynslu og „innihaldi” á ferðum sínum.”*


(heimild nr. 73, bls. 40)

Ýmsar sérkennilegar jarðfræðimyndanir eru við vatnið sem hafa löngum verið aðdráttarafl staðarins. Taldi hann víst að Haukur Jóhannesson jarðfræðingur væri sa maður sem væri hvað fróðastur um jarðfræði Hítardals og nágrennis. Í sumar kom íslenskur rúnasérfræðingur búsettur í Svíþjóð, og skoðaði Bjarnarhelli í Hítarhólmi.. Talið er að kirkjan sem stóð til forna í Hítardal hafi staðið nálægt þeim stað þar sem hinir fornu legsteinar eru staðsettir nú. Rétt innan við suðurenda vatnsins stendur „gamalt” fjárhús



Mynd 110. Leikmynd.

í góðu ásigkomulagi. Ástæða þess að húsið virðist ævafornt er sú að það var byggt sem leikmynd fyrir mynd Ágústs Guðmundssonar, *Útlagann*, fyrir liðlega 20 árum (mynd 110). Engar fornleifarannsóknir hafa verið gerðir, þrátt fyrir þekkt sögusvið dalsins. Þegar grafinn var grunnur fyrir nýju húsi í Hítardal fyrir 10 árum rákust menn á vegg, líklega úr gömlu kirkjunni. Hann var ekki rannsakaður frekar.



Mynd 111. Bæjarfell og Hítardalsrétt.

Mannvirki eins og fjárréttir halda oft á tíðum uppi nafni gleymdra sögufrægra staða, Hítardalsrétt er enn notuð, og telur Finnbogi mikilvægt að gamlar réttir séu notaðar, því þá sé þeim haldið við.

Það liggur í hlutarins eðli að það sem fólk veit ekki um skoðar það ekki. Þess vegna er mikilvægt að merkingar, bæði við afleggjara frá þjóðvegi og svo við staðina sjálfa séu settar upp. Finnbogi sagði að Borgarbyggð og sveitarfélög Mýrasýslu hefðu hug á að hefjast handa við merkingar sögufrægra staða.


Í svæðisskipulagi Mýrasýslu, sem enn hefur ekki verið samþykkt, er lagt til að Hítarvatn verði hverfisverndarsvæði. Finnbogi bóndi í Hítardal hafnaði þeirri tillögu. Hann vill eiga kost á því að selja sumarbústaðalóðir og auka ferðaþjónustu inni í dalnum. Ef hverfisvernd yrði komið á myndi landbúnaður vera eina atvinnugrein svæðisins. Honum þykir ástæða til að friðlýsa eða vernda nokkra staði, en telur ekki nauðsynlegt að gera allan dalinn að hverfisverndarsvæði. Það sem hefur tafið frekari uppbyggingu ferðaþjónustu er það að engan jarðhita er að finna í Hítardal. 1980 var borað í nágrenni Staðarhraunskirkju en án árangurs.

Fyrir u.þ.b. 30 árum var algengt að rútur fullar af ferðamönnum sem kæmu til að skoða hina fornu legsteina. Á síðustu árum hefur áhugi fólks aukist á ný á að koma í Hítardal og skoða þær sögulegu minjar sem þar er að finna. Finnbogi taldi umgengni fólks vera nokkuð góða. Þó skilur fólk eftir sig áldósir og hann hefur orðið vitni að utanvegarakstri.

### Guðlaugur Bergmann, Hellnum

Guðlaugur og Guðrún, kona hans, hafa boðið upp á sjálfbæra ferðaþjónustu síðan 1995. Ferðþjónusta þeirra er andleg, vistvæn og sjálfbær.

Guðlaugur telur græna ferðamennsku eigi heima á Íslandi. Íslendingar séu að eðlisfari náttúrulega þenkandi og ferðaþjónustan byggist á náttúru og sögu landsins.



*Mynd 112. Guðlaugur og Sigríður Hrönn.*

Hann telur umhverfisvitund almennings hafa aukist til muna og til að mynda sjáist minna rusl úti á víðavangi. Að bera virðingu fyrir náttúrunni er grundvallaratriði í umgengni.

Guðlaugur er yfirmaður Staðardagskrár 21 í Snæfellsbæ. Telur hann mikilvægt að allir samfélagsþegnar séu með í ráðum og hyggst hann koma embættismönnum, bæjarfullrúum og ferðaþjónustuaðilum saman til að vinna sameiginlega að markmiðum verkefnisins. Umhverfisfræðsla í skólam er grundvöllur aukinnar þekkingar, og það að kenna nemendum að flokka rusl og nota endurunninn pappír er skref í rétta átt.

Eitt af vandamálum í íslenskri ferðaþjónustu að hans mati er að Íslendingar vilja sýna ferðamönnunum eins mikið og hægt er. Þeim er þeytt út um allar trissur, í stað þess að leyfa þeim að njóta íslenskrar náttúru og sögu. Hann fullyrðir að ferðamenn hafa mun meira gaman af því að fara í ferðir með leiðsögn. Erlendir ferðamenn eru þeirra helstu viðskiptavinir. En Íslendingar slæðast með. Almennt séð fara Íslendingar mjög sjaldan í leiðsöguferðir, e.t.v. vegna þess að þeir vilja ekki borga fyrir að skoða eigið land eða vegna þess að þeir telja sig ekki hafa gagn eða gaman af þeim. En upplifunin verður mun eftirminnilegri og meira virði ef þekking eða kunnátta er til staðar.

Umhverfisvæn ferðaþjónusta þeirra felst í:

- notkun umhverfisvænnar sápu
- notkun umhverfisvæns þvottaefnis
- notkun endurunnins óbleikts pappírs
- flokkun sorps
- allur matur er íslenskur
- ræktun grænmetis á sumrin en kaupa annars lífrænt ræktað grænmeti
- í ferðum þeirra eru ferðamennirnir fræddir um það sem fyrir augu þeirra ber og ósjaldan er vitnað í Íslendingasögurnar
- að nýbyggingar verða að falla inn í umhverfið

### **Ingibjörg Jónsdóttir og Branddís Hauksdóttir, Snorristöðum**


Ingibjörg Jónsdóttir, Haukur Sveinbjörnsson og dóttir þeirra Branddís hafa rekið ferðaþjónustu að Snorristöðum frá 1992 samfara búskap. Þau bjóða upp á stutta reiðtúra á svæðinu, upp að Kolbeinsstaðafjalli, Fagraskógarfjalli eða Kaldárbakkarétt. Haukur fer nokkrum sinnum á sumri með hestamenn vestur fjörurnar. Haukur þekkir svæðið vel, er þar fæddur og uppalinn og hefur rekið á fjall í fjölda ára.

Nýverið reistu þau stórt hús á jörðinni, þar sem eru rúm fyrir 24 manns, auk þess hafa þau látið byggja fjögur 6 manna sumarhús. Eldborg og Eldborgarhraun er rétt við bæinn, merkingar við göngustíginn eru ekki skýrar og geta þau engar upplýsingar veitt um þennan gjallgíg sem skráður er á náttúruminjaskrá Náttúruverndar. Engar merktar gönguleiðir eru í nágrenninu. Mæðgurnar töldu víst að fólk myndi frekar ganga eftir merktum gönguleiðum og þeim leist vel á að stika og kortleggja gönguleiðir um svæðið.

Flestir viðskiptavinir þeirra eru Íslendingar, en nokkrir erlendir ferðamenn kaupa sér gistingu hjá þeim, þá yfirleitt án þess að eiga hana pantanda.

Þau eru ein af fáum bændum sem reka ferðaþjónustu samhliða búskap og fullyrða að það sé mikil vinna. Ef hvoru tveggja á að ganga, verður að sinna báðum störfum af fullum huga.

Þekking þeirra um vistvæna eða græna ferðamennsku var af skornum skammti. Má telja víst að erfitt sé að fylgjast með þróun ferðamála þegar mjólnka þarf kýr klukkan sex á morgnana, aftur á kvöldin og haldin eru fjölmenn ættarmót aðra hverja helgi allt sumarið.



*Mynd 113. Eldborg og hestar.*

#### **Sigurður Jóhannsson, Stóra-Kálfalæk**

Sigurður hefur ásamt fjölskyldu sinni boðið upp á hestaferðir inn að Langavatni, Hítarvatni og vestur fjörurnar síðan 1987.



*Mynd 114. Stóri Kálfalækur.*

Sigurður er undirverktaki Íshesta og fer í nokkrar ferðir á sumrin. Fyrstu ferðir hefjast um miðjan júní og sú síðasta iðulega farin í ágúst. Viðskiptavinir þeirra eru flestir útlendingar en það færist stöðugt í aukana að Íslendingar taki þátt í svona ferðum. Þau notfæra sér gistiaðstöðu á leiðinni inn á fjöll; að Grímsstöðum, í Langavatnsskála, í Hítarvatnsskála og í félagsheimilinu Lindartungu.

Sigurður var á því að graen ferðamennska eða ferðaþjónusta væri óþörf, þ.e.a.s. að það væri ekki þörf á því að búa til hugtök yfir ferðaþjónustu heldur skipti mestu máli að ganga vel um og vera meðvitaður um umhverfi sitt. Aðspurður hvort Þjóðverjar,

sem eru fjölmennir í hestaferðum á Íslandi og umhverfissinnaðastir Evrópubúa (heimild nr. 69), myndu ekki meta það ef hann ræki umhverfisvæna þjónustu. Hann taldi svo ekki vera. Sigurður var sammála Guðlaugi Bergmann um að umgengni fólks hefði lagast á síðust árum, rusl væri mun fátíðara meðfram vegum og bæjum.

Að stika leiðir, hvort sem það væru göngu- eða reiðleiðir taldi hann vera andstætt umhverfisvænni ferðamennsku, þar eð gular plaststikur væri sjónmengun. Það væri hluti af því að ferðast um óbyggðir að þurfa að hafa fyrir hlutunum. En til gera fólk auðveldar að ferðast þyrfti betri aðgang að kortum og gönguleiðarlýsingum.


Honum fannst ekki rétt að gera greinarmun á göngu- og reiðleiðum. Göngufólk ætti rétt á að nota reiðleiðirnar, en vissulega væru til gönguleiðir þar sem hestar kæmust ekki og ættu ekki að fara. Ferðamenn þyrftu að ferðast um landið í sátt og samlyndi.

Eftir tilkomu Hvalfjarðarganganna hefur umferð út á Snæfellnes aukist til muna. Fólk ferðast meira en áður, og útvist hefur aukist. Taldi hann uppbyggingu ferðaþjónustu mikilvæga og skipulagningu afþreyingar nauðsynlegt framtak.

### **Ólafur Flosason og Dóra Ásgeirs dóttir, Breiðabólsstað**

Ólafur og Dóra hafa síðastliðin 10 ár boðið upp á hestaferðir út á Snæfellsnes og norður í Dali. Leiðin hefur oftar en ekki legið meðfram Grímsstaðamúla eða inn að Langavatni.

Hlutfall Íslendinga og útlendinga er nokkuð jafnt, en Íslendingum fjölgar stöðugt í ferðum þeirra. Fyrstu ferðir hefjast um miðjan júnímánuð og þeim síðustu lýkur í lok ágúst eða byrjun september. Þau fara í allnokkrar ferðir inn á aðalsvæðið. Í sumar stóð til að bjóða upp á ferð þar sem eingöngu yrðu grænmetisréttir bornir á borð, og atti að ráða kokk til ferðarinnar. En henni var frestað til næsta sumars.



*Mynd 115. Ólafur Flosason.*

Hins vegar var farið í ferð þar sem mönnum stóð til boða grænmetisréttir og venjulegur matur. Hlaut sú nýbreytni góðar viðtökur.

Aðspurð um stikur fannst þeim mikilvægt að reiðleiðir jafnt sem gönguleiðir væru stikaðar, það myndi hiklaust leiða til þess að fleira fólk myndi stunda þar útvist. Fáir leggja í að ganga um óbyggðir, án þjálfunar og reynslu. Þau voru á sama máli og Sigurður að hestamenn og göngufólk ættu að geta notað sömu slóða.

Þau eru með ýmsar nýstárlegar hugmyndir varðandi ferðapjónustu. Ólafur gaelir við þá hugmynd að fara í hestafeirð um slóðir Laxdælu og hafa við hlið sér sögufróðan mann er gæti sagt ferðalöngunum söguna og vísað til sögufrægra staða. Þar væru náttúra og saga tvinnuð saman á skemmtilegan hátt. Til stendur að opna vistvænt gistiheimili.



*Mynd 116. Óstikuð leið.*

# SVÆÐID Í HEILD

## NÚVERANDI MÖGULEIKAR

### Gistiaðstaða

#### Skálar

- |  |          |
|--|----------|
| ▪ Gangnamannaskáli Sandvatni (Álftaneshreppur)                     | 20 manns |
| ▪ Gangnamannaskáli Hítarvatni (Hraunhreppur)                       | 24 manns |
| ▪ Gangnamannaskáli Langavatni (Borgarhreppur)<br>(Torfhvalastaðir) | 25 manns |


#### Gisting

- |                                     |           |
|-------------------------------------|-----------|
| ▪ Miðhraun                          | 8 manns   |
| ▪ Snorristaðir                      | 48 manns  |
| ▪ Hlíð                              | 6 manns   |
| ▪ Tunga                             | 70 manns  |
| ▪ Bifröst                           | 150 manns |
| ▪ Hótel Borg- Laugagerðisskóla      | 130 manns |
| ▪ Félagsheimilið Skjöldur           | 30 manns  |
| ▪ Félagsheimilið Lindartunga        | 60 manns  |
| ▪ Félagsheimilið Breiðablik         | 50 manns  |
| ▪ Félagsheimilið Árblik             | 40 manns  |
| ▪ Grímsstaðir                       | 60 manns  |
| ▪ Lundur við Hítará ( að vetri til) | 15 manns  |


*Alls* *746 manns*

#### Tjaldstæði

- Tunga í Döllum
- Í Hítardal



Kort 9. Gisting



Mynd 177. Eldhús, stofa og svefnherbergi Torfhvalastaða.

Vert er að nefna að engir ferðaþjónustuaðilar eru á Skógarströnd


Gistiaðstaða er í nærliggjandi byggðarlögum, Stykkishólmi, Búðardal, Borgarnesi og nágrenni þeirra. Í uppsveitum Borgarfjarðar eru nokkrir gististaðir, norðaustur af svæðinu er bændagisting og tjaldstæði. Fleiri félagsheimili eru á nágrannasvæðinu og gistingu er hægt að fá í Ensku veiðihúsunum við Langá. Fjölmargir veiðikofar á svæðinu en þeir eru einungis til afnota fyrir veiðimenn, má þar nefna Sveðjukot á efsta svæði Langár. (heimild nr. 93, 139, 148, 159)

### Gönguleiðir


Allar þær gönguleiðir sem fundust í heimildum voru merktar inn á kort. Göngukort af Ystutungu er eina handhæga kortið sem gefið hefur verið út að því er höfundur veit. Gerð voru 3 kort þar sem þessar leiðir voru merktar inn ; stuttar gönguleiðir , lengri gönguleiðir og fornar gönguleiðir.



Kort 10. Lengri gönguleiðir



Kort 11. Fornar þjóðleidir



## Kort 12. Styðtri gönguleiðir

## Lengri gönguleiðir

### 1. Vatnaleiðin (blá)

Ferð sem farin er árlega með Ferðafélagi Íslands síðan 1994

### 2. Frá Jafnaskarði til Hóla í Hörðudal (græn)

3-4 daga ferð, gengið er framhjá 2 af stærstu vötnum svæðisins.

### 3. Hringur frá Múlaseli (rauð)

4 vötn eru þrædd, þar á meðal Háleiksvatn sem er í rúmlega 500 m. hæð, sannkallað fjallavatn. Hægt er að fara austan eða vestan við Grímsstaðamúla.

### 4. Aukaleiðir (bleikar)

Þetta eru leiðir sem tengjast hinum fyrrgreindu og hægt væri að lengja þær eða breyta þeim. Í bók Björns Hróarssonar um Snæfellsnes er sagt frá leið inn Litla-Langavatnsdal og að úr botni hans sé greið leið yfir í Hnappadal.

(kort 10)

## Fornar leiðir

### 1. Um Svínbjúg


Um Svínbjúg er forn leið vestur í Dali. Hraunhreppingar ráku oft 600-700 fjár úr Dalarétt fyrr á öldum (heimild nr. 2, bls. 95)

„Um Burstardal og Svínbjúg var alfaraleið milli Hólsdals og Hítardals. Í Bjarnar sögu Hítdæla kappa er hún kölluð Hítardalsheiði en í Sturlungu er dalurinn nefndur Svínbjúgsdalur. Á síðari öldum var ýmist kallað að fara Burstardal, Svínbjúg eða Bjúg.”

(heimild nr.2, bls. 142)

### 2. Sópandaskarð

Sópandaskarð liggur milli Laugardals og Langavatnsdals. Það er forn leið milli Dala- og Mýramanna. Þingmannaleið var algeng um Sópandaskarð eða Svínbjúgu (heimild nr. 2, bls. 133)



Mynd 118. Sópandaskarð.

,,Öldum saman hefur verið samgangur fjár  
Mýramanna og Dalamanna á Langavatnsdal  
og gangnamenn úr þeim héruðum smalað  
samан afréttinn haust hvert.”

(heimild nr. 2, bls. 62)

### 3. Skarðsheiðarvegur vestri

Farið er um Grísatungu, sem var áður þingstaður og sagt er frá í Egils sögu. Þar hefur ekki verið byggð síðan 1937 en þar vaxa nú tré í friðuðu túni. Skarðsheiðarvegur var þjóðleið út á Snæfellsnes og annað hvort um Norðurárdal norður í land eða suður um Stafholtstungur. (heimild nr. 2, bls. 48, 77)

,,Á þessum heiðarvegi í skörðum milli byggða sér móta  
fyrir fornnum götum, sumstaðar er grjótið klappað  
stígum eftir hesthófa...Ætla má að þessa leið hafi  
menn farið úr uppsveitum Borgarfjarðar í  
skreiðarferðir sínar undir Jökul og jafnvel þeir sem  
komu norður yfir heiðar og ætluðu út undir Jökul”

(heimild nr. 2, bls. 77)

### 4. Fossavegur

Fossavegur liggur frá Hafurstöðum í Hnappadal að Dunk í Hörðudal, kallast það að fara inn Fossa (heimild nr. 2, bls 119)

*„Leiðin inn Fossa var ekki fjölfarin, helst af þeim sem áttu erindi milli Hnappadals og útbæja í Hörðudalshreppi.“*

(heimild nr. 2, bls. 119)


(kort 11)

### Styttri gönguleiðir

Í fyrrgreindum heimildum er að finna fjöldann af stuttum gönguleiðum, og eru sumar merktar inn á kort. En ekki er vitað til þess að neinar þeirra séu stikaðar, nema í nágrenni Hreðavatns. (kort 12)

### Reiðleiðir


Talsvert er af reiðleiðum á svæðinu, en þær eru jafnan hinar fornū leiðir sem þegar hafa verið nefndar. Þær hafa verið merktar inn á kort og voru upplýsingar teknar úr Áföngum, Svæðisskipulagi Mýrasýslu, munnlegar heimildir frá Ólafi Flosasyni, Sigurði á Stóra-Kálfalæk og af eigin reynslu. (kort 13)




Mynd 119. Reiðleið.

### Ökuleiðir

Jafnt þjóðvegir sem fjallaslóðar hafa verið merktir inn á kort og þá stuðst við kort Landmælinga Íslands 1:250.000 Miðvesturland, Svæðisskipulag Mýrasýslu, og ferðahandbækur Björns Hróarssonar og árbók Ferðafélags Íslands frá 1997. (kort 14)



Kort 13. Reiðleiðir.



Kort 14. Okuleiðir



Mynd 120. Greiðfær fjallvegur.

## Hestaferðir

Fjölmargir aðilar fara með hópa í hestaferðir inn á svæðið, sumir einu sinni á sumri aðrir í 6 eða 7 ferðir. Ábúendur eftirtalinna bæja fara í mislangar ferðir inn á svæðið:


- Stóri-Kálfalækur (Íshestar)
- Sturlu-Reykir
- Hamraendar Dölum
- Breiðabólsstaður-Reykholti
- Oddsstaðir I (Eldhestar)

Nokkrir aðilar reka hestaleigur og fara í stutta túra í nágrenni bæjanna, þeir eru:

- Jafnaskarð við Hreðavatn
- Snorrastaðir við Eldborg
- Hólar í Helgafellssveit



## Kort 15. Hestafærðir og -leigur



Mynd 121. Búið að leggja á.

## Gönguferðir

Ferðafélag Íslands fer í nokkrar ferðir á hverju ári inn á svæðið. Fyrsta ferðin var farin um miðja þessa öld og var það svokölluð *Berjaferð*. Félagið hefur staðið fyrir gönguferð á hverju sumri síðan 1994, sem kallast „Vatnaleiðin” og er hún ýmist farin á 3 eða 4 dögum. Leiðin liggar framhjá 4 vötnum, Hlíðarvatni, Hítarvatni, Langavatni og endar að Hreðavatni, og þaðan er nafnið líklega komið. Meðal styttri ferða á vegum félagsins má nefna göngur á Hafursfell, Fagraskógarfjall, Kolbeinsstaðafjall, Þrífjöll í Ljósufjöllum og göngur um Hraundal.

Útivist hefur einnig farið í ferðir á svæðinu, en nákvæmar upplýsingar lágu ekki fyrir hjá þeim.

## Veiði

Nokkrar ef bestu laxveiðiám landsins eru á svæðinu (heimild nr. 142). Mismunandi veiðifélög selja veiðileyfi í árnar. Hrepparnir sjá iðuleg um sölu veiðileyfa í vötnin á svæðinu, mest veiðist í Hítarvatni.

## Markverðir staðir

Hér fer á eftir stuttur listi yfir þá staði sem nefndir hafa verið í heimildum sakir mikillar náttúrufegurðar, sögu og/eða sérstaks gróðurs. Listinn er enn fremur byggður á reynslu höfundar. Listinn er ekki tæmandi, enda er slík vinna ógjörningur. Hann er einungis brot af þeim stöðum sem eru athyglisverðir og vert er að gefa gaum. (heimild nr. 3,74, 75, 76)


### *Hvanntær*

*„Stærsta einstaka lindasvæði í Hnappadal er í Hvanntám sem er fögur gróðurvin í Gullborgarhrauni.... Meðfram læknum er mikil gróðurseld, hvannstóð og blómaskrúð, stæðileg birkitré og reyniviðarhríslur. Á nokkrum stöðum er tjarnir við lækinn og á þeim fuglalíf mikið. Gamlar grjóthleðslur sýna að þarna hefur búpeningi verið haldið til haga.“*


(heimild nr. 3, bls. 11)

Rétt austan við mörk aðalsvæðisins er *Sauðafell*. Þar bjó Sturla Sighvatsson í byrjun 13. aldar. Jón Arason og synir voru handteknir þar, færðir til Skálholts og hálshöggnir árið 1550.

*Skrauma* fellur sums staðar í þróngum fallegum gljúfrum og segir sagan að áin taki nafnið af tröllskessunni Skraumu sem stökk yfir með son sinn en missti hann í ána. Hún mælti svo fyrir að 20 menn skyldu farast í henni. Hingað til hafa 19 manns farist. Gangar upp með henni í Selárdal allt að Burstadal, er leiðin um Svínbjúg.




Kort 16. Markverðir staðir



*Mynd 122. Skessuhlaup í Skramu.*

#### *Langavatn og Langavatnsdalur*



*Mynd 123. Borgarhraunseggjar, Langavatnsdal.*

**Hreðavatn** og nágrenni er náttúruperadís. Gróðurinn umhverfis vatnið og skóglendið er einstakt. Norðan við vatnið rís Grábrók upp úr samnefndu hrauni.


*„Upp frá Hreðavatnsskála rís Grábrók (173 m) en þaðan er eitthvert fegursta útsýni á Íslandi”*

(heimild nr.74, bls. 56).

Norðan við vatnið hefur verið skógrækt og þar má finna merktar gönguleiðir, og er það líklega eini staðurinn innan aðalsvæðisins þar sem gerðir hafa verið göngustígar. *Jafnaskarðsskógur* er suður og vestur af vatninu, en þar hafa einnig verið gerðar gönguleiðir. Ekki má gleyma steingervingunum sem fundist hafa við vatnið.


*Svignaskarð* er rétt fyrir utan mörk aðalsvæðisins, en það var mikil jörð á Sturlungaöld og snemma á þessari öld, er það var eitt mesta stórbýli sveitarinnar. Klettaborgin við bæinn heitir Kastali og þar voru nokkrir bær Sturlungaaldar staðsettir, en þar var gott vígi. Snorri Sturluson bjó um tíma að *Svignaskarði*.

Umhverfi *Gljúfurá* er einkar fallegt, og gljúfur hennar þess virði að skoða.




Mynd 124. Upp með Gljúfurá

Við *Grenjadal* og Grímsstaðamúla eru fjölmargar skemmtilegar gönguleiðir. Úr Grenjadal er hægt að ganga að botni *Hraundals*, við mynni Hraundals sést beint á Snæfellsjökul.




*Mynd 125. Mynni Hraundals og Jökullinn.*

**Hraundalsréttir** eru í mynni dalsins, og voru þær einhverjar frægustu og fjölmennstu réttir landsins. Í ferðabók Eggerts og Bjarna segir að Hraundalsréttir séu nær því eini staðurinn á landinu þar sem haldinn sé nokkurs konar markaður. Þar komi saman bændur og sjómenn til að skiptast á sjávarafurðum og landbúnaðarvörum. Réttardagar séu oft þrír eða fjórir og sé þar stundum drykkjuskapur með tilheyrandí illdeilum, áflogum og óreiðu. (heimild nr. 2, bls. 78)



*Mynd 126. Hraundalsréttir.*

Grjótárdalur er vestan við Hraundal, og innst í honum er *Grjótárvatn*, en þjóðsagan segir að skrímsli hafi verið í vatninu.




Mynd 127. *Grjótárvatn*.

**Hítardalur** og **Hítarvatn** er ævintýradalur og náttúruperadís



Mynd 128. Við Prúðukinnar, Lambahnúkar við Hítarvatn í baksýn.

Í mynni Hítardals er *Staðarhraun*, sem er forn kirkjustaður og eyðibýli, Gróðursælt Hagahraun er ekki langt frá.




Mynd 129. Staðarhraunskirkja og Fagraskógarfjall.

**Barnaborgarhraun** er við mynni Hítardals, af Barnaborg (112 m) er gott útsýni yfir vel gróið hraunið og næsta nágrenni. Eldborgin og hraunið er á náttúruminjaskrá.

**Eldborg** og **Eldborgarhraun**, fallega lagaður gígur, hvoru tveggja friðlýst. Önnur ófriðlýst náttúruvin er í Eldborgarhrauni, þar vex suðrænn gróður ofan við jarðhita sem kraumar undir niðri.


**Rauðhálsahraun** tekur við er ekið er inn Hnappadalinn, hægt er að ganga upp á Rauðhálsa. Af tindi hans sjást gígar og tjarnir dalsins.



Mynd 130. Syðri-Rauðamelskúla.

Rétt hjá **Syðri-Rauðamelskúlu**, sem er annar gígur Rauðamelskúluhrauns, er torflaug þar sem streymir upp 45 gráðu heitt ölkelduvatn. **Ytri-Rauðamelskúla** er annar gígur Rauðamelskúluhrauns.

**Rauðamelur** (Ytri-Rauðamelur) er kirkjustaður við Rauðamelskúluhraun, margin fornir munir tilheyra kirkjunni. Stuðlað hamrabelti stendur rétt við bæinn, kallað Gerðuberg




*Mynd 131. Barrtré og Rauðamelskirkjugarður.*



*Mynd 132. Hrun í Gerðubergi.*

*Foss við Rauðamelsölkeldu, einkar fallegur, og meira fyrir augað en ölkeldan.*



*Mynd 133. Foss við Rauðamelsölkeldu.*

Við ármót Sátudalsár og Flatnár, austur af Rauðamelsfjalli, rennur **Flatná** í fallegum gljúfrum, þar eru Háufossar.

**Gullborg, Gullborgarhraun, Gullborgarhellar.** Borgarhellir er “einn sá glæsilegasti á landinu” (heimild nr.5). En bannað er að fara inn í hann. Í flestum þekktum hellum á Íslandi finnst rusl og er leitt til þess að hugsa að fólk fái ekki að njóta þessara náttúruperla vegna slæmrar umgengni.

Umhverfi **Hlíðarvatns** og **Oddastaðavatns**, er einstaklega fallegt og þar má finna skemmtilegar gönguleiðir.

**Borg** er bær undir Ljósufjöllum, nánar tiltekið undir Urðarfelli, nafnið er komið af klettaborg sem stendur norðan við húsið. Í Sturlungu er þessarar borgar getið við herför Órækju Snorrasonar.



Mynd 134. Suður af Ljósufjöllum, Borg í nágrenninu.

Drápuhlíðarfjall í Helgafellssveit er talið vera eitt litríkasta fjall landsins.


Narfeyrarkirkja var reist árið 1889, en hún á muni frá 17.öld.

Við **Klungurbrekku** á Skógarströnd, vex þyrnirós, en hana er hvergi annars staðar að finna á Vesturlandi.

Við **Hólmlátursvötn** er einkar fjölskrúðugt fuglalíf.

Ekki gafst höfundi tækifæri á að skoða norðaustur hluta svæðisins, sem tilheyrir Dalasýslu, með eigin augum, en hér fara á eftir nokkrar myndir úr *Suðurdölum*.


Falleg kirkja er í *Snóksdal*, Snóksdalskirkja.




*Mynd 135. Snóksdalskirkja.*



*Mynd 136. Í Hólsbotni.*



*Mynd 137. Vífildalsá og Hallberuhóll.*




*Mynd 138. Réttin á Skjaldarhamri.*




*Mynd 139. Vatnshlíð Hítardal.*



*Mynd 140. Litur og halli.*



Mynd 141. Þoka og íslensk náttúra í Hnappadal.



Mynd 142. Fimm á flakki við „mestu” ölkeldu landsins.



*Mynd 143. Á heimaslóðum Tjaldbrekkubænda.*

## MÖGULEIKAR SVÆÐISINS

Hér á eftir birtast hugmyndir um útvistar- og ferðaþjónustumöguleika, án þess að sérstök vettvangskönnun hafi verið gerð, eða grennslast hafi verið fyrir um ákveðna framkvæmdarliði.

### Gönguleiðir

Mikilvægt er að merkja allar gönguleiðir. Þótt margar gönguleiðir hafi verið nefndar í hinum og þessum heimildum er ekki þar með sagt að þær séu þær skemmtilegustu. Margar eru fornar þjóðleiðir, og þegar menn fóru byggða á milli fyrr á oldum var jafnan farin auðveldasta og stysta leiðin. Vettvangsvinna mun leiða í ljós hvar skemmtilegustu leiðirnar eru að finna.

### Miserfiðar

Miserfiðar gönguleiðir innan svæðisins væri nýjung á Íslandi, en slíkt er algengt í útlöndum, þar eru stígar flokkaðir eftir erfiðleikastuðli og auðveldar það fólki að

ákveða hvaða leið myndi henta best. Þá væri hægt að hafa gönguleiðir fyrir fjölskyldufólk allt upp í fjallaklifur. Leiðirnar má merkja með mismunandi litum.

### Mislangar

Hugmynd er uppi um að skipuleggja langa gönguferð sem gæti hafist við Hreðavatn og endað í Stykkishólmi. Í slíkri ferð þyrfti að tjalda á leiðinni. Ljósufjallasvæðið er lítið notað til göngu enda ferkar erfitt yfirferðar, en Ljósufjöll eru næst hæstu fjöll á öllu nesinu, aðeins jökullinn er hærri og ekki þarf að fara mörgum orðum um þá fegurð sem jökullinn skartar og menn gætu upplifað á tindum Ljósufjalla. Lengri leiðir milli skálanna er nú þegar merktar og hafa verið farnar. En sem fyrr segir er ekki víst hvort þær leiðir liggi um svæði sem hafa upp á mikla náttúrufegurð að bjóða. Styttir gönguleiðir frá gististöðum er mikilvægt framtak, vegna þess að sumir myndu frekar labba af stað ef þeir vita að gönguleið er til, og vænta þess að eitthvað sé vert að skoða þar sem slóðinn liggur.

### Pema

Gönguleiðir með ákveðin þemu; gönguleið þar sem finna mætti sérstæðar jarðfræðimyndanir, sérstakan gróður eða mikið fuglalíf. Slóðar þar sem berjalyng er mikið eða sveppir vaxa eru hugmyndir líka en e.t.v. of sértækari. Myndi það vera fræðandi bæði fyrir almenning og vísindamenn. Hvernig slíkum upplýsingum yrði komið til skila er ágreiningsatriði, leiðsögn er vinsæl hjá sumum, en aðrir vilja njóta náttúrunnar einir. Fræðsluskilti eru dýr. Upplýsingar á prentuðu formi er líklega einfaldasta lausnin. Slíkar upplýsingar ætti að vera hægt að nálgast hjá nærliggjandi ferðaþjónustuaðilum.

### Reiðleiðir

Talsvert er um reiðleiðir á svæðinu, líklega er ekki þörf á að fjölga þeim, en hins vegar mætti merkja þær. Til að átroðningur yrði minni og til að auðvelda ferðalöngum að rata, sérstaklega í vondu veðri. Enn fremur myndi reiðleiðirnar nýtast öðru útvistarfólk til dæmis á veturna

### Hjólaleiðir

Sérstakar hjólaleiðir eru ekki til á Íslandi. Þótt vissulega gætu hjólreiðamenn samnýtt reiðleiðirnar með hestamönnunum væri slíkt ekki ákjósanlegt. Vegna þess að hjól og hestar fara ekki saman. Þar að auki væru hjólreiðamenn líklega ekki ánægðir að hjóla ofan í hófforum og hestaskít. Hið sama á við um hjólaleiðirnar, að annað útvistarfólk gæti nýtt sér þær, til dæmis snjósleðamenn á veturna.



*Mynd 144. Vetrarríki.*


## **Snjósleðar og gönguskíði**

Ferðamannatímabilið á Íslandi er stutt. Til að lengja það þarf að gera fólk auðveldar að stunda útvist að vetri til. Ef reiðleiðir og hjólaleiðir eru merktar gætu snjósleðamenn og gönguskíðafólk notast við þær. Skálarnir 3 sem eru inni á svæðinu myndu þá einnig nýtast að vetri til. Hvort leiðirnar væru merktar með GPS staðsetningaráhnitum eða stikum skiptir ekki máli.

## **Ár og vötn**

Ógrynni af vötnum og ám er á svæðinu, þar á meðal ein besta laxveiðiá landsins, Langá á Mýrum (heimild nr. 49). Einhver veiði er í stærstu vötnunum og e.t.v. mætti leigja út árabáta fyrir þá sem vilja fara út á vötnin.

Finnbogi í Hítardal veit ekki til þess að veitt sé í gegnum ís að vetri til á aðalsvæðinu. Ef fólk væri gefin kostur á að nota skálana að vetri til er ekki ólíklegt að veiði gegnum ís gæti orðið spennandi valkostur. Finnbogi vissu ekki til þess að bændur drægju á í vötnunum á haustin.



Mynd 145. Kajakasigling niður Langá ?

Flúðasiglingar eru vinsælar á Íslandi. Engar jökulár eru á svæðinu. Flestar flúðasiglingar hér á landi eru í jökulám, líklega vegna þess að þær eru flestar hverjar straumharðari og vatnsmeiri en bergvatns- eða lindár. Þótt ár svæðisins séu ekki vatnsmiklar eða straumharðar er hugsanlegt að sigling niður einhverja þeirra myndi njóta vinsælda. En huga verður að því að flestar þeirra eru veiðiár.

### Leiðsöguferðir


Eins og fyrr segir er fræðsla mikilvægur þáttur í grænni ferðamennsku. Fátt jafnast á við leiðsögn sérfróðra manna. Hvort leiðsögnin er í höndum bænda eða sérmennntaðra líffræðinga, jarðfræðinga eða sagnfræðinga skiptir ekki öllu máli . Að sögn Ingibjargar á Snorristöðum hefur Guðmundur Albertsson á Heggstöðum stundum farið með ferðamenn í Gullborgarhella. Aðallega til þess að þurfa ekki að leita að þeim ef þeir skila sér ekki.

Hægt er fléttu saman sögu og náttúruskoðun á fjölmarga vegu. En besta dæmið um það að mati höfundar er hugmynd Ólafs Flosasonar að fara í hestafærða á söguslóðir Laxdælu, með sérfróðan mann sér við hlið.

### Fræðsla

Á svæðinu er að finna fjölbreyttar jarðmyndanir frá öllum skeiðum jarðsögunnar og er það því tilvalið til jarðfræðikennslu fyrir menntaskólanemendur, nemendur á háskólastigi og fræðimenn, jafnt innlenda sem erlenda. Hafsteinn Helgason umsjónarmaður þessa verkefnis veit til þess að erlendar stofnanir og háskólar sækjast

eftir því að koma til Íslands til að gera rannsóknir á sviði jarðfræði eða líffræði. Ef svæðið væri nýtt til þess myndi þekkingarlegur grunnur þess aukast verulega.




*Mynd 146. Hlaða og hesthús Torfhvalastaða.*

Fjölmargir staðir á svæðinu eru þekktir úr þjóðsögum og Íslendingasögum. Námsferðir í íslensku á svæðið er möguleiki og víst er að nemendur fá aldrei betri innsýn inn í líf sögupersónanna heldur en að koma á söguslóðirnar. Torfhvalastaðir myndu nýtast vel í slíkum ferðum.

## Gisting

Sérstök aðstaða fyrir tjaldgesti er óvíða á svæðinu, aðeins við Hítarvatn og að Tungu í Döllum. Koma þyrfti upp tjaldstæðum á nokkrum stöðum innan svæðisins.

Fjölmörg eyðibýli eru á svæðinu og þeim fjölgar eftir því sem haldið er lengra inn í land. Hjalti Sigmundsson, byggingartæknifræðingur hjá Línuhönnun og sérfraðingur í viðhaldi eldri bygginga, taldi að gömul hús hefðu meira aðráttarafl og meiri þýðingu fyrir ferðamenn. Gömul hús geyma sögur og hafa sál. En hins vegar væri endurbygging gamalla hús í flestum tilfellum dýrarí en bygging einfaldra nýrra bjálkakofa.



Mynd 147. Eyðibýli (?) og Eldborg til hægri.

Ástand húsanna skiptir miklu máli. Það er í anda grænnar ferðamennsku eða ferðaþjónustu að halda nýbyggingum í lágmarki og gefa gömlum hlutum nýtt líf. Vert væri að athuga hvort eigendur eyðibýlanna hefðu áhuga á slíkum framkvæmdum. Engin eyðibýli eru uppi á fjöllum en hvort ráðist verður í byggingu skála ræðst væntanleg af vinsældum svæðisins þegar fram líða stundir.

## Jarðhitinn

Eins og fyrr segir sækjast útlendingar mikið eftir því að komast í náttúrulegar laugar (heimild nr.131). Gömul ónýt laug er í Laugardal. Hitinn í henni er  $37^{\circ}$  C. Rennslið er ekki mikið, athuga má hvort nota megi þann jarðhita. Hita er víða að finna í Hnappadal. Líkt og fyrr segir er hann einvörðungu notaðar í Laugagerðisskóla. Með uppbyggingu ferðaþjónustunnar í huga er mikilvægt að huga að lengingu ferðamannatímabilsins. Tímabilið er stutt á Íslandi og mun styrra úti á landi en í Reykjavík (heimild nr.156). Náttúrulegar laugar gætu á köldustu dögum janúarmánaðar laðað margan manninn að.

*Pegar minnst varir  
safnast aftaní augu manns  
svipmyndir ilms*

*ilms af kvaki fugla  
ilms af lögum vatns  
ilms af morgni*

*Tíminn fangar ekki augnablik  
heldur sleppir þeim lausum*

*augnablik.*

(Sigmundur Ernir Rúnarsson)

(heimild nr. 68)

## NIÐURLAG

Það er von míni að lesendur þessarar skýrslu munu við fyrsta tækifæri heimsækja svæðið. Það voru forréttindi að fá að kynnast svo ósnortinni og leyndri náttúru á hestbaki, gangandi, með myndavél við hönd og við lestur heimilda. Spurningunni, hvers vegna svæðið er lítið notað til útvistar var ekki svarað í þessu verkefni. Það er höfundur hulin gáta hvers vegna fallegt og sögulegt svæði, nálægt höfuðborginni og í alfara leið, hefur gleymst.

Ljóst er að upplýsingar um svæðið eru frekar glopóttar. Fjöldi heimilda eru óutgefnar og ekki handhægar. Á sviði jarðfræði hefur Haukur Jóhannesson skrifað manna mest. Gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands um plöntuskráningar á svæðinu þarf að nýta og vonandi mun gróðurkortagerð stofnunarinnar komast á skrið. Eins og fyrr segir er gróðurkort af Snæfells- og Hnappadalssýsla í bígerð. Gróðurkort af Dalasýslu og hálandi Mýrasýslu og er ekki til. Á sviði sögu og menningar er af nógu er að taka. Vandamálið reynist að miðla upplýsingunum til heimamanna og ferðamanna, innlendra og erlendra. Svæðið á að höfða til ferðamanna annars vegar og rannsóknarmanna og nemenda á ýmsum sviðum hins vegar. Stefnt er að því að treysta þekkingarlegan grunn svæðisins með hjálp þeirra síðarnefndu.

Ferðaþjónusta á svæðinu er mjög lítil. Gistiaðstöðu er helst að finna í jöðrum þess en skipulögð afþreying er í lágmarki. Merktar gönguleiðir eru einungis, að höfundur best veit við Hreðavatn, og allt svæðið hefur þó upp á einstaklega fallega náttúru og sérstæðar jarðmyndanir að bjóða.

Vonandi gera menn sér ljóst að nauðsynlegt er að skipuleggja ferðamannasvæði. Áður en svæðið verður „markaðssett” eða auglýst, áður en hundruðir ferðamanna leggja þar leið sína verður að undirbúa það fyrir átroðning. Hver vill ekki að afkomendur okkar fái að upplifa íslenska náttúra eins og við höfum getað?

Græn ferðamennska leggur áherslu á varðveislu vistkerfa og takmörkun umhverfisáhrifa. Græn ferðamennska grundvallast á starfsemi heimamanna. Þeir eiga að vera með í ráðum í skipulagningu svæðisins og ferðaþjónustunnar innan þess. Hagnaður á að renna að mestu leyti til þeirra. Græn ferðamennska menntar ferðamenn, ferðaþjónustuaðila og heimamenn.

Ingibjörgu Elsu Björnsdóttur, umhverfissérfræðing, færir ég þakkir fyrir aðstoð, góð ráð og þolinmæði. Ari Trausti Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur, , Hildur Sölvadóttir, tækniteknari, Jón Möller, verkfræðingur, og Hafsteinn Helgason verkfræðingur, sem jafnframt var verkefnisstjóri, fá kærar þakkir fyrir aðstoðina í sumar. Öðru starfsfólki Línuhönnunar þakka ég skemmtilegt sumar. Guðrúnu Pálsdóttur hjá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, Pálínu Héðinsdóttur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og þeim fjölmörgu sem leitað var til vil ég þakka aðstoð

við heimildaleit. Sigríði Hrönn Theodórsdóttur, ferðamálafulltrúa Vesturlands, færi ég þakkir fyrir aðstoðina og samstarfið í sumar.

## EFTIRMÁLI

Verkefnið var lærðómsríkt, krefjandi, fjölbreytilegt og skemmtilegt.

Aðalvinnan fólst í upplýsingaröflun og mjög erfitt var að ákveða hvaða þáttum ætti að sleppa eða taka lauslega fyrir. Upplýsingasöfnun um svo stórt svæði á svo mörgum sviðum lýkur sennilega aldrei. Það er vonandi að öll gögn, hvort heldur þau eru í skúffum erlendis eða á Íslandi, komist í leitirnar áður en frekari rannsóknir hefjast. Ljóst er að mikil vinna er framundan við skipulagningu svæðisins og uppbyggingu ferðaþjónustu innan þess.

Á nýafstöðnu málþingi um uppbyggingu ferðamannastaða á vegum Ferðamálaráðs Íslands fluttu tveir erlendir fyrirlesrar erindi. Pátttaka Íslendinga var dræm. Við verðum að nýta okkur þekkingu annarra þjóða og læra af þeim, sem búa yfir meiri reynslu og þekkingu á sviði umhverfis- og ferðamála. Það er engin ástæða að læra ekki af mistökum annarra og okkar eigin.

Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að í litlum samfélögum reynist auðveldara að fylgjast með gangi mála og ná til allra þjóðfélagsþegna við uppbyggingu og þróun . Hins vegar er dýrt að reka endurvinnslustöðvar í litlum ríkjum, þar sem pappír, gler, plast, ál, lífrænn úrgangur og spilliefni eru flokkuð. Meirihluti landsmanna/Íslendinga hendir þessum auðæfum í ruslið. Yfirvöld eiga að gera mönnum auðveldara að flokka sorp. Fólk er að gera ríkinu greiða með því að flokka ruslið, ekki öfugt.

Fræðsla er grunnur að framförum. Ef fólk vissi að það tekur gróðurinn ár eða áratugi að jafna sig, myndi það þá keyra utan vegar eða ríða yfir viðkvæmt votlendi? Okkur ber að bera virðingu fyrir náttúrunni. Hún er sameign okkar allra. Slæm umgengni ber vott um eicingirni og skammtímahugsun. Spillt náttúra verður ekki villt náttúra.

